

MENNTUN OG MENNING

I. MENNTUN, ÞJÁLFUN OG ÆSKULÝÐSMÁL

Athugasemd til skýringar um tilvísanir til laga og verðgildis fjármuna

Íslensk lög, reglugerðir (og önnur afleidd lagasetning) ásamt samningum eru birt í *Stjórnartíðindum* ¹. Samfelldur texti gildandi laga er á vefsíðu Alþingis ². Samfelldur texti gildandi reglugerða er á vefsíðu stjórnarráðsins ³. Fjárupphæðir eru tilgreinar í íslenskum krónum (kr.) með gengi evru í neðanmálgrein miðað við gengi EUR 1 = kr. 180, meðalgengi Seðlabanka Íslands þann 2. september 2009 (nema annað sé tekið fram). Þó skal haft í huga að verðgildi krónunnar hefur sveiflast á síðustu árum allt frá tæplega 70 kr. til rúmlega 180 kr. á opinberu gengi (meira ef gengi ESB banka er notað). Gengi evrunnar gefur þannig ekki nákvæma mynd miðað við þann tíma sem greiðslur áttu sér stað.

Samstarf á sviði stefnumótunar

A. Menntakerfi

- 1. Skipulag menntakerfisins: Gerið grein fyrir skipulagi menntakerfisins, að meðtalinni starfsmenntun og þjálfun svo og fullorðinsfræðslu, í samræmi við Eurodyce formið (<http://www.eurydice.org>). Gerið grein fyrir mismunandi skólastigum, hvort sem um skyldunám og/eða án endurgjalds er að ræða og tilfærslu milli þeirra. Gerið einnig grein fyrir hlutverki menntastofnana á vegum einkaaðila og þeim sem veita starfsmenntun og þjálfun og fyrirtækjum sem veita starfsmenntun og þjálfun.**

Meginregla íslenska menntakerfisins byggir á því að allir hafi jafnan aðgang að menntun óháð kynferði, efnahag, búsetu, trú, menningarlegum eða félagslegum aðstæðum. Þessi meginregla er sett fram í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands svo og í hinum ýmsu lögum sem varða hin ólíku skólastig. Skólaskylda (grunnskóli og neðri bekkir framhaldsskóla í einni heild) er frá sex ára aldri til sextán ára aldurs þ.e.a.s. í fjórtán ár. Áhersla er lögð á að öllum tækifæri til náms í framhaldsskóla og allir hafa rétt, lögum samkvæmt, til að ganga í skóla á því skólastigi óháð niðurstöðum að loknu skyldunámi.

Alþingi ber lagalega og pólitíska ábyrgð á skólakerfinu og tekur ákvarðanir um meginmarkmið og stjórnskipan menntakerfisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd lagasetningar á öllum skólastigum frá leikskóla og grunnskóla til framhaldsskóla og æðri skólastiga auk símenntunar og fullorðinsfræðslu. Ráðuneytið er meðal annars ábyrgt fyrir gerð námskráa fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, gefur út reglugerðir og skipuleggur endurbætur á menntakerfinu. Sveitarfélögin bera ábyrgð á rekstri leikskóla og grunnskóla. Framhaldsskólar og háskólar eru á vegum ríkisins.

Eitt af markmiðum menntastefnu á Íslandi á síðustu áratugum hefur verið að bæta almenn gæði menntunar. Hefð er fyrir því á Íslandi að menntun hafi verið á vegum hins opinbera. Þó hefur einkareknum stofnunum fjölgað allnokkuð á síðustu árum.

Í ágúst 2008 gengu ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í gildi svo og um menntunarkröfur og ráðningu kennara og skólastjórnaenda.⁴ Með þessum fjórum lagabálkum

¹ www.stjornartidindi.is

² www.althingi.is

³ <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/forsida>

⁴ <http://www.nymenntastefna.is/>

varð til samræmd stefna um menntakerfið, frá leikskóla til framhaldsskóla að raunveruleika. Á framhaldsskólastigi hafa skólarnir þó þrjú ár til að framfylgja mikilvægum hluta laganna. Auk þess tóku lög um háskóla gildi árið 2006. (Nr. 63/2006). Eitt markmið þessara laga er að efla mat og eftirlit með skólastarfi til að hvetja til framfara og endurbóta á starfsemi skólanna.

Í samræmi við lög um hin mismunandi skólastig skulu fatlaðir nemendur hafa rétt til sömu menntunar og aðrir nemendur í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Meginstefnan er aðlögun fremur en aðskilnaður. Skólum er ætlað að veita fötluðum nemendum möguleika við hæfi. Aðeins þeir sem eru alvarlega fatlaðir eru í sérskólum, sem aðeins eru starfræktir á grunnskólastigi. Engin sérstök löggjöf er til staðar um sérþarfir fatlaðra nemenda í háskólum. Æðri háskólar geta þó haft opinbera stefnu um hvernig skal koma til móts við sérþarfir nemenda, svo sem lestrarörðugleika, líkamlega fötlun og sálræn vandamál.

1.1. Leikskólar

Leikskólar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008⁵. Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og er ætlað börnum fram til sex ára aldurs þegar grunnskólastig hefst. Hvert sveitarfélag ákveður lengd skóladagsins og skólaársins í leikskólum. Skólarnir starfa venjulega í ellefu mánuði ársins og loka einn mánuð á ári vegna sumarleyfa.

Aðalnámskrá fyrir leikskóla mótar meginstefnu í skólastarfi leikskólanna og tilgreinir hvaða kröfur skuli gera í uppeldi og menntun barna. Þar er lögð áhersla á mikilvægi leiks í menntun og uppeldi barna, heildstæða þróun í menntun þeirra, uppgötvunarnám og skapandi starf. Námskráin er byggð á hugmyndafræði sem miðast við barnið og beinist að þörfum þess og þroska. Í leikskólum skulu börn hljóta menntun og stuðning til að efla alhliða þroska þeirra.

Einstakir leikskólar skulu móta eigin skólanámskrár byggðar á aðalnámskránni. Skólanámskrárnar gera grein fyrir stefnu skólanna og lýsa því hvernig ætlunin er að mæta menntunarkröfum sem gerðar eru í aðalnámskrár.

Leikskólum er ekki skylt að meta frammistöðu eða framgang einstakra barna. Þó getur starfsfólk eða sérfræðingar í leikskólum framkvæmt slíkt ef grunur er á að um sé að ræða frávík frá eðlilegum þroska.

Um 12% allra barna í leikskólum ganga í einkarekna skóla. Þessir skólar starfa í samræmi við sömu löggjöf og skólar á vegum hins opinbera og eru háðir sama eftirliti.

1.2. Grunnskólar

Grunnskólar starfa samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008⁶. Skólaskylda er fyrir börn á aldrinum sex til sextán ára. Allir nemendur skulu sækja skóla í fullu námi. Lágmarksstarfstími grunnskóla er níu mánuðir.

Meginmarkmið grunnskóla, eins og sett er fram í lögnum, er að stuðla að alhliða þroska nemenda og undirbúa þá undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

⁵ <http://www.nymenntastefna.is/>

⁶ <http://www.nymenntastefna.is/>

Mennta- og menningarmálaráðherra setur aðalnámskrá fyrir grunnskóla sem skal endurskoða reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans og almenna stefnu hvað varðar kennslu og skipulag fræðslu. Aðalnámskrá setur hverjum skóla og starfsliði hans mörk hvað varðar skipulag, framkvæmd og mat á námi innan hvers skóla. Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Í aðalnámskrá skal og kveða á um uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskólanum. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast en hver grunnskóli ákveður hvort sérstakar námsgreinar skuli kenndar sérstaklega eða á samræmdan hátt. Í aðalnámskrá skulu skilgreind námsmarkmið innan hverrar námsgreinar.

Á þeim tíu árum sem grunnskóli varir skal lögð áhersla á eftirfarandi námsgreinar: Íslensku (eða íslensku sem annað tungumál eða íslenskt táknmál), stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsgreinar og trúarbragðafræði, líkams- og heilsurækt, list- og verkgreinar, erlend tungumál, heimilisfræði, upplýsinga- og tæknimennt, lífsleikni. Valgreinar og valsvið, sem nemendur kjósa að leggja stund á í 8., 9. og 10. bekk, eru í heild um þriðjungur námstímans.

Í samræmi við lög um grunnskóla skulu starfsmenn hvers skóla semja skólanámskrá og starfsáætlun fyrir eigin skóla. Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd þeirra og semur þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nákvæmari útfærsla á aðalnámskrá um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs.

Nemendur í grunnskóla færast sjálfkrafa upp um einn bekk í lok hvers árs. Þó er nemendum með góða námshæfileika leyft að hlaupa yfir bekk. Meginreglan er sú að nemendum er skipað í bekk eftir aldri og þeir nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða fá sérstakan stuðning í námi.

Samræmd próf eru haldin á hverju ári í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og í íslensku, ensku og stærðfræði í 10. bekk. Þau eru lögð fyrir af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi. Í skírteini skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á síðasta námsári í grunnskóla.

Um 1,3% nemenda ganga í einkarekna skóla. Þessir skólar fá umtalsverðan fjárhagslegan stuðning frá sveitarfélögum og auk þess greiða nemendur skólagjöld. Kennsla í einkaskólum er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Þessir skólar starfa í samræmi við sömu löggjöf og skólar á vegum hins opinbera og eru háðir sama eftirliti.

1.3. Framhaldsskólar

Framhaldsskólar starfa samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008⁷. Lögin ná yfir allt framhaldsskólastigið ásamt fyrstu stigum starfsmenntunar.

Lögin skilgreina tilgang náms á framhaldsskólastigi sem hér segir:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum

⁷ <http://www.nymenntastefna.is/>

vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Ofangreind lög tóku gildi 1. ágúst 2008. Þó hafa skólarnir þrjú ár frá gildistöku laganna til að framfylgja ákvæðum þeirra um námskrá og námsbrautir svo og kaflann um skipulag náms og námslok.

Með nýju lögunum verða breytingar á skipulagi framhaldsmenntunar, meðal annars verður aukin dreifstýring í námskrá og þróun námsbrauta og meiri sveigjanleiki í skipulagi kennslu og náms. Áhersla er á að efla starfsmenntun og þjálfun. Opnað hefur verið fyrir möguleika á að stytta almennt bóknám til stúdentsprófs. Framhaldsskólar skulu semja námsbrautalýsingar og leggja þær fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið til staðfestingar.

Eins og komið hefur fram hér að framan þá verður framhaldsskólastigið á umbreytingaskeiði frá 2008 til 2011 hvað varðar námsbrautir, námsefni og skipulag náms. Skólaárið 2009/2010 starfa flestir skóla eftir sömu námsbrautarlýsingum í samræmi við hinn almenna hluta námskrár fyrir framhaldsskóla frá 1999 og 2004.

Nemendur sem hafa eðlilegan framgang í framhaldsskóla eru á aldrinum 16 til 20 ára. Aldur nemenda í starfsmenntun er að jafnaði hærri.

Allir nemendur sem hafa lokið skyldunámi, hafa sambærilega menntun eða eru orðnir 16 ára, hafa rétt samkvæmt lögum til menntunar í framhaldsskóla óháð árangri sínum í 10. og síðasta bekk grunnskólans. Þeir sem hafa rétt á að innritast í framhaldsskóla hafa einnig rétt til þess að halda áfram námi allt til 18 ára aldurs hið minnsta.

Í samræmi við reglugerð um innritun nemenda skal hver framhaldsskóli vera ábyrgur fyrir að taka inn nemendur.

Enda þótt menntun í framhaldsskólum sé almennt skipt í almenna menntun og starfsmenntun ásamt ýmsum námsbrautum á sviði listgreina þá er hún skipulögð sem ein heild með fjölbreytta valkosti. Ennfremur er algengt að boðið sé upp á fleiri en eina gerð menntunar í sama skóla. Á framhaldsskólastiginu eru fáir einkaskólar. Helstu gerðir framhaldsskóla eru sem hér segir:

- Menntaskólar með fjögurra ára bóknámsbrautir sem lýkur með stúdentsprófi, þ.e. inngönguprófi í háskóla.
- Fjölbrautaskólar sem hafa bóknámsbrautir, sambærilegar og menntaskólar, sem lýkur með stúdentsprófi. Þessir skólar hafa einnig upp á að bjóða bóklega og verklega menntun eins og í iðn- og verkmenntaskólunum (sjá hér að neðan) og auk þess ýmsar aðrar námsbrautir á sviði starfsmennta og lista.
- Iðn- og starfsmenntaskólar sem hafa bóklegt og verklegt nám í löggiltum iðngreinum og ýmsum iðngreinum án löggildingar.

Skólaárið, sem er 9 mánuðir, skiptist í haust- og vorönn. Samkvæmt nýju lögunum um framhaldsskóla skulu kennsludagar nemenda vera 180 á ári.

Framhaldsskólar hafa annað hvort hefðbundið bekkjakerfi eða starfa samkvæmt einingakerfi, þ.e.a.s. nemendahóparnir eru misstórir eftir vali nemenda á áföngum. Einingakerfið er helsta skipulagsform skóla á þessu skólastigi.

Námskrá fyrir framhaldsskóla, sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðherra, mælir fyrir um markmið og skipulag skólustarfs á framhaldsskólastigi. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 skiptist námskráin í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautalýsingar.

Hinn almenni hluti aðalnámskrárinnar lýsir markmiðum og starfsemi framhaldsskóla. Framhaldsskólar skulu semja námsbrautalýsingar og leggja þær fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið til staðfestingar. Að fenginni staðfestingu ráðherra þá verða námsbrautarlýsingar framhaldsskólanna hluti af námskrá fyrir framhaldsskóla.

Hver framhaldsskóli gefur út skólanámskrá. Almennur hluti skólanámskrár er lýsing á helstu þáttum í starfsemi framhaldsskóla, megináherslna hans og stefnu, skólastjórnun, námsframboði og skipulagi náms, kennsluáferðum, námsmati, stuðningsþjónustu, námsráðgjöf og annarri þjónustu við nemendur, réttindum nemenda, samstarfi skóla og foreldra og samstarfi við þriðju aðila, innra mat og gæðastjórnun.

Almennt bóknám á framhaldsskólastigi er í samræmi við gildandi aðalnámskrá og er að jafnaði skipulagt sem fjögurra ára nám, sem lýkur með stúdentsprófi. Námsbrautir leiða til stúdentsprófs eru þrjár: náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut og tungumálbraut. Kjarnagreinar sem eru sameiginlegar fyrir alla nemendur á bóknámsbrautum eru: íslenska, stærðfræði, erlend tungumál, náttúrufræði, félagsfræði, lífsleikni, íþróttir og líkamsrækt. Fjöldi eininga í hverri námsgrein getur verið mismunandi eftir námsbrautum.

Stytttri almenn námsbraut (1-2 skólaár eftir einstökum nemendum og skólum) er ætluð þeim nemendum sem eru ekki vissir um hvað þeir hafa í hyggju að loknu grunnskólaprófi eða þurfa frekari undirbúning fyrir bóklegt nám eða starfsmenntun. Nýju löggin um framhaldsskóla frá 2008 gera ráð fyrir lokaprófsskírteini að loknu tveggja ára námi.

Listnám er skilgreint sem þriggja ára námsbraut sem veitir undirbúning fyrir frekara nám í listum í sérhæfðum skólum eða á háskólastigi. Áhersla er á hönnun, myndlist og tónlist.

Starfsmenntun og þjálfun er skipulögð á mismunandi hátt eftir námsgreinum. Almennt skiptist námið milli skóla og vinnustaðar en í sumum tilvikum kann það að eiga sér stað í skólanum eingöngu. Starfsmenntun á vinnustað er byggt á almennum ákvæðum um starfsmenntun og þjálfun í aðalnámskrá og reglum sem gilda um starfsþjálfun á vinnustað í viðkomandi starfsgrein. Skipulag námskeiða er með mismunandi hætti svo og lengd þeirra, bæði hvað varðar lengd starfsþjálfunar á vinnustað og námsbrautarinnar í heild.

Grunnnámi á sviði starfsmenntunar er skipt í tvo meginþætti: starfsmenntun og þjálfun sem veitir löggilt réttindi í iðngreinum og menntun sem veitir ekki löggilt réttindi. Starfsmenntun sem veitir löggilt réttindi felst í námi í löggiltum iðngreinum, námi í heilbrigðisgeiranum, námi fyrir stjórnendur farartækja í lofti og á legi og námi fyrir lögreglumenn.

Uppbygging fyrsta náms á sviði starfsmenntunar, sem er formlega viðurkennt en veitir ekki starfsréttindi, er ólíkt því sem gildir um uppbyggingu náms í löggiltum iðngreinum. Nám í starfsgreinum án löggildingar fer að jafnaði fram í skólastofnun (þ.e.a.s. venjulega er ekki um að ræða starfsþjálfun á vinnustað). Þetta form menntunar og þjálfunar nær yfir fjölbreytt svið námsbrauta: fiskvinnslu, fiskeldi, landbúnað, garðyrkju, þjónustustörf, hönnun og tölvutækni.

Nám í löggiltum iðngreinum tekur að jafnaði fjögur ár. Það felur í sér starfsmenntunarnám í framhaldsskóla og námssamning við iðnmeistara eða iðnfyrirtæki. Nemendur geta venjulega valið úr átta mismunandi sviðum starfsmenntunar. Þessi svið eru prentið, byggingagreinar og trésmíðar, fatasaumur, matvælagreinar, málmiðnir, rafiðnir, skruðgarðyrkja og snyrtifræði. Hvert svið skiptist í sérhæfðar námsbrautir.

Önnur starfsmenntun sem veita löggilt réttindi eru ólík bæði hvað varðar inntak og uppbyggingu þar sem þeim er ætlað að veita menntun til fjölbreyttra réttinda.

Námsmat nemenda fer fram bæði sem símat og lokamat við lok hverrar annar. Skólarnir hafa að jafnaði próf í lok hverrar annar, óháð gerð skólans og námsbrautum. Símat og verkefni eru venjulega reiknuð til lokaeinkunnar. Sumir menntaskólar sem hafa hefðbundið bekkjakerfi

hafa viðtækara lokapróf (stúdentspróf) við námslok.

Kennarar í hverri grein leggja fyrir próf og meta þau og undir umsjón fagstjóra. Ekki hefur verið komið á samræmdum prófum fyrir allt landið í almennum bóknámsgreinum né starfsmenntagreinum, hvorki með tilliti til lokaprófa eða annarra. Sveinspróf eru haldin í löggiltum iðngreinum. Þau eru á ábyrgð hverrar iðngreinar fyrir sig. Nefnd skipuð aðilum frá iðngreinum og starfsgreinafélögum, (atvinnurekendum og launþegum) skilgreina kröfur og hafa umsjón með sveinsprófinu.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 þá getur menntamálaráðherra ákveðið að leggja fyrir matspróf í einstökum greinum á framhaldsskólastigi. Sömu lög kveða svo á að námsmat í lokaáföngum sem leiða til stúdentsprófs skuli byggt á viðmiðunarprófum í kjarnagreinunum íslensku, ensku og stærðfræði.

Að loknu námi fær nemandinn í hendur prófskírteini frá skólanum sem tilgreindir hvaða námseiningar eða námsgreinar hann hefur tekið og einkunnir hans í þeim. Nemendur í skólum sem starfa eftir einingakerfinu geta útskrifast í lok bæði haust- og vorannar.

Stúdentsprófsskírteinið gefur nemandanum rétt til að innritast í skóla á háskólastigi. Að loknu námi þá gengst lærlingur í löggiltri iðngrein undir sveinspróf sem veitir henni/honum réttindi til að starfa að viðkomandi iðn.

Sá sem hefur lokið sveinsprófi getur orðið meistari í iðngreininni eftir ákveðið tímabil starfsreynslu og frekara náms.

1.4. Háskólar

Sjö skólar mynda háskólastigið á Íslandi og af þeim eru þrjú einkaskólar. Lög um háskóla nr. 63/2006 er rammalöggjöf um starfsemi háskóla sem heyrar undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hlutverk hvers skóla er síðan nánar skilgreint í sérstökum lögum um hvern skóla og starfsemi hans. Stofnskrár einkarekinna skóla skilgreina m.a. þátttöku þeirra í rannsóknum og innra skipulag þeirra.

Lög um háskóla framfylgja að fullu Bologna-ferlinu á háskólastiginu á Íslandi. Í lögnum er lögð áhersla á gæðavinnu og gæðatryggingu (e. quality assurance) á háskólastigi.

Lög um vísinda- og tækniráð voru sett árið 2003 og tilgangur þeirra var að efla vísindastarf, menntun á sviði rannsókna og tækniþróun í landinu. Allir háskólar hafa á síðustu árum lagt aukna áherslu á rannsóknir.

Meginreglan er sú að nemendur sem innritast í háskóla skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildi þess. Háskólar geta veitt nemendum viðtöku sem hafa til að bera jafngildan þroska og þekkingu, að mati viðkomandi háskóla.

Á síðustu árum hefur verið umtalsverð aukning í fjölda nemenda í háskólum og í kjölfarið hafa komið fram fleiri námskeið á háskólastigi af ólíkri lengd. Aðgangur að háskólum á vegum hins opinbera er án gjaldtöku fyrir utan innritunargjald, sem er greitt beint til viðkomandi háskóla.

Allir háskólar á Íslandi, sem hafa hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, skulu fylgja viðmiðum um æðri menntun og prófgráður á Íslandi (e. NQF, National Qualification Framework) sem eru aðlöguð að hinum evrópska viðmiðunarramma um menntun og prófgráður (e. European Qualification Framework) eins og ákveðið var í Bologna-ferlinu. NQF er lýsing á uppbyggingu náms og prófgráða þar sem lögð er áhersla á lýsingu á þekkingu og hæfi nemandans við námslok. NQF eru skýrar viðmiðunarreglur um uppbyggingu námskeiða og fyrir prófgráður sem háskólarnir veita.

Samkvæmt viðmiðunarreglunum eru þrjú stig háskólamenntunar: bakkalárpróf, meistara- og kandiðatspróf og doktorspróf. Hvert stig getur spannað mismunandi markmið þekkingar og hæfis og er stigunum skipt í þrep.

Háskólar skulu lýsa inntaki og útkomu einstakra námsleiða. Skilgreining háskólanna skal byggjast á sérhæfðri lýsingu sem á við um námsleiða sem í boði eru.

Í viðauka við prófskírteini skulu háskólarnir tilgreina til hvaða stigs og þreps hver námsleið heyrir í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi

Meginreglan er að nám á háskólastigi á Íslandi skiptist í þrjú prófstig.

- bakkalárpróf (180–240⁸ staðlaðar námseiningar (ECTS))
- 60 til 120 eininga meistaraþróf (MA, MSc, MBA, Med, MPaed, o.s.frv.) sem er eitt til tvö ár að lengd
- Doktorspróf sem er þrjú ár að lengd hið minnsta.

Fyrri prófgráður (kandiðatspróf, 4-6 ár) eru enn til staðar að litlu leyti.

Á Íslandi eru nú sjö háskólar. Til háskóla teljast bæði hefðbundnir háskólar (universitas) og skólar þar sem ekki eru stundaðar rannsóknir. Fjórir háskólar eru reknir á vegum hins opinbera en þrír eru reknir á vegum einkaaðila með stuðningi ríkisins. Rannsóknastörf og framboð á námskeiðum er með mismunandi hætti hjá hinum ýmsu háskólum. Einnig er hægt að flokka háskólana eftir sérhæfingu sinni: tveir landbúnaðarháskólar, einn listaskóli og fjórir skólar sem bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir. Einnig eru þeir ólíkir hvað varðar fjölda innritaðra nemenda, samsetningu námskeiða sem í boði eru og stig menntunar og rannsókna. Háskóli Íslands er langstærsti háskólinn í landinu.

Námsmat á háskólastigi er aðallega byggt á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, annarritgerðum og verkefnum sem unnin eru á öllum námsferlinum. Kennarar eru ábyrgir fyrir námsmati en hver deild sér um heildarskipulag matsins innan ramma reglugerða um stofnunina. Í sumum tilvikum eru til kallaðir prófdómarar. Próf eru venjulega haldin í lok hverrar annar. Prófgráður eru aðeins afhentar eftir að nemendur hafa lokið við lokaritgerð eða rannsóknarverkefni.

Einkaskólar eru háðir sömu lagaákvæðum og opinberar stofnanir hvað varðar ytra mat og gæðaeftirlit mennta- og menningarmálaráðuneytis.

1.5. Fullorðinsfræðsla

Engin heildstæð löggjöf er um símenntun eða fullorðinsfræðslu og þjálfun á Íslandi en frumvarp er í smíðum. Gildandi lög um framhaldsskóla ná yfir vissa þætti fullorðinsfræðslu svo sem kvöldskóla og fjarmenntunarnámskeið. Lagasetning um símenntun á sviði starfsmenntunar og þjálfunar í þjónustugreinum og iðnaði er einnig í gildi.

Símenntun og fullorðinsfræðsla er á vegum opinberra aðila, skóla, einkarekinna stofnana, fyrirtækja og samtaka. Boðið er upp á þessa gerð menntunar sem almenna grunnmenntun og starfsmenntun og sem áframhaldandi starfsmenntun og þjálfun til handa þeim sem þegar hafa aflað sér starfsréttinda í ákveðinni grein. Námsmöguleikar, sem boðið er upp á af hálfu opinberra aðila, eru öllum opnir en þó með nokkrum takmörkunum í sumum tilvikum. Þeim er ætlað að þjóna öllum í samræmi við þarfir þeirra, einkum ungu fólki sem hættir snemma í

⁸ Íslenskar námseiningar sem oft eru nefndar ECTS eru jafngildar 25-30 vinnustundum nemandans

skóla og fullorðnu fólki sem vill bæta grunnmenntun sína, almenna þekkingu eða starfshæfni eða sem vill efla tólmundastarf sitt.

Framhaldsskólarnir geta boðið upp á sérstakar námsleiðir, m.a. öldungadeildir fyrir nemendur sem eiga ekki þess kost að nýta sér hefðbundna kennslu í framhaldsskólunum en vilja ljúka sambærilegu námi og þeir bjóða. Öldungadeildirnar eru sambærilegar við námið í dagskólanum en nemendur fá helmingi færri kennslustundir. Þeir framhaldsskólar sem bjóða upp á öldungadeildir í kvöldskóla hafa einingakerfi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla sem gildir einnig um fullorðinsfræðslu.

Sumar stofnanir á háskólastigi bjóða upp á námskeið í fullorðinsfræðslu, viðbótar- og/eða endurmenntun.

Á síðustu árum hafa framhaldsskólar og háskólar í auknum mæli boðið upp á fjarnámskeið.

Í samvinnu við aðila svo sem sveitarfélög, samtök atvinnurekenda og launþega, fyrirtæki og aðra geta framhaldsskólarnir sett á stofn fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem bjóða upp á námskeið og ráðgjöf á ákveðnu landssvæði.

Níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hafa verið settar á stofn, ein í hverjum landshluta og ein í höfuðborginni. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar veita tækifæri til menntunar þar sem þátttakendurnir eiga heima. Miðstöðvarnar hafa einnig séð um fjarmenntun á framhaldsskólastigi.

Kvöldskólar sem reknir eru á vegum sveitarfélaga bjóða upp á fræðslu í tengslum við tólmundastarf og jafnframt starfstengd námskeið fyrir launþega, undirbúningsnám fyrir framhaldsskóla og námskeið í íslensku sem annað tungumál fyrir innflytjendur.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um fyrri menntun hvað varðar nám í öldungadeildum framhaldsskólanna. Skólar geta metið fyrra nám og gefið einingar sem teljast til námsloka. Óformleg menntun hefur verið viðurkennd í auknum mæli. Inntökuskilyrði fullorðinna í háskóla eru með ólíkum hætti. Oftast er þess krafist að nemendur hafi lokið stúdentsprófi eða hafi sambærilega menntun. Þó getur starfsreynsla umsækjandans verið tekin til greina í einstökum tilvikum.

Námskeið í íslensku sem annað tungumál fyrir fullorðna innflytjendur eru skipulögð af ýmsum aðilum svo sem símenntunarmiðstöðvum, framhaldsskólum og fyrirtækjum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar um íslenskukennslu sem annað tungumál handa fullorðnum.

Almennt eru prófgráður, sem veittar eru fullorðnu fólki eftir að það hefur stundað nám í formlegri fullorðinsfræðslu, jafngildar þeim sem veittar eru í hefðbundnum menntastofnunum. Þetta á við öll skólastig.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa á síðustu árum lagt áherslu á aukið aðgengi að menntun til handa þeim sem ekki hafa hlotið neina menntun. Opinberir aðilar hafa komið til móts við þessa þörf til dæmis með því að stofna Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2002, sem er stofnun á vegum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnuveganna. Hún er að hluta til fjármögnuð á fjárlögum.

Viðurkenning á óformlegri menntun er að færast í aukana á Íslandi. Ákvæði í lögum um framhaldsskóla frá 2008 kveður á um rétt nemenda til að fá óformlega menntun viðurkennda.

2. Tölulegar upplýsingar: Veitið upplýsingar um gögn um nemendur og kennara/þjálfara á mismunandi skólastigum ásamt starfsmenntun og þjálfun, svo og í fullorðinsfræðslu. Ef mögulegt er áætlið væntanlega þróun næstu tíu árin. Greinið frá upplýsingum um opinbert fé og framlag einkaaðila ef hægt er, til menntunar á landsvísu (í % af landsframlæiðslu og fjárlögum).

Skráðir nemendur á öllum skólastigum hins formlega skólakerfis eru 105.000 (haustið 2008) eða 33,4% af heildaríbúafjölda landsins.

Nemendur á mismunandi skólastigum haustið 2008

	<i>Alls</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
Alls á öllum skólastigum	105.483	50.514	54.969
Leikskóli	18.278	9.370	8.908
Grunnskóli	43.511	22.166	21.345
Framhaldsskóli	25.590	12.189	13.401
Háskóli	18.104	6.789	11.315

Starfsmenntun og þjálfun

33,9% nemenda á framhaldsskólastigi lögðu stund á starfsmenntun og þjálfun árið 2008.

Framhaldsskóli,

almenn menntun og starfsmenntun og þjálfun 2008

	<i>Nemendur</i>	<i>%</i>
Alls	25.590	
Almenn	16.915	66,1%
Starfsmenntun og þjálfun	8.675	33,9%

Fullorðinsfræðsla

Árið 2007 tóku 27,9% fullorðinna (25 – 64 ára) þátt í símenntun eða áætlað um 46.500 talsins. Þessar tölur eru byggðar á tölum úr vinnumarkaðskönnun og þar eru einnig þeir taldir sem fengu kennslu eða þjálfun á síðustu fjórum vikunum fyrir könnunina og einnig þeir sem eru í námi bæði innan hins formlega skólakerfis og í óformlegri menntun. Innan hins formlega

skólakerfis þ.e.a.s. á framhaldsskóla- og háskólastigi voru 17.055 nemendur á aldrinum 25 – 64 ára. Þetta merkir að um 28.000 fullorðnir, eða 17,3%, voru í fullorðinsfræðslu eða þjálfun (óformlegri) árið 2008.

Símenntun fullorðinna á aldrinum 25-64 árið 2007

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af fjölda íbúa</i>
Heildarfjöldi íbúa á aldrinum 25-64 ára	161.923	
Fjöldi alls í „ævinámi“ *	45.177	27,9%
Framhaldsskólar	6.260	3,9%
Háskólar	10.795	6,7%
Fullorðinsfræðsla	28.122	17,4%

* e. Total in life-long learning

Þróun nemendafjölda næstu tíu árin

Á síðustu árum hefur orðið skyndileg fjölgun fæðinga á Íslandi sem þýðir að fjöldi nemenda í leikskólum hefur farið vaxandi. Þó er ekki talið að fæðingartíðni og fjölgun í hópi innflytjenda muni aukast.

Fjöldi grunnskólanemenda hefur minnkað á síðustu tíu árum en á næstu sex árum mun verða aukning í fjölda nýrra nemenda í grunnskólunum.

Á næstu tíu árum gæti fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi minnkað lítið eitt, sem er afleiðing af fækkun nýrra nemenda í grunnskólunum. Hlutfall þeirra sem útskrifast hefur farið hækkandi og færri fallið úr námi, sem gæti komið til móts við fækkun nemenda. Sé lítið til lengri tíma þá mun heildarfjöldi nemenda í framhaldsskólum haldast allstöðugur.

Eftir skyndilega fjölgun nemenda á háskólastigi á tímabilinu frá miðjum tíunda áratugnum fram til 2003 þá hefur fjöldi nýrra nemenda á háskólastigi jafnast út. Helsta aukningin hefur verið í framhaldsnámi og þessi þróun mun væntanlega halda áfram næstu tíu árin. Samt eru margir nemendur í framhaldsnámi ekki í fullu námi. Á sama tíma hefur útskriftum fjölgað. Í heildina lítið þá kann heildarfjöldi nemenda á háskólastigi að fara lækkandi næstu tíu árin.

Útgjöld til menntamála

Heildarútgjöld opinberra aðila og einkageirans til menntamála námu 8,16% af VLF árið 2008. Heildarútgjöld hins opinbera voru 7,45% af VLF og 17,9% heildarútgjöldum hins opinbera. Útgjöld einkaaðila til menntamála voru 0,71% af VLF og útgjöld einkaaðila til menntamála sem hlutfall af heildarútgjöldum til menntamála námu 8,7%.

Útgjöld til menntamála 2008

Heildarútgjöld til menntamála sem % af VLF*	8,16
Heildarútgjöld hins opinbera til menntamála sem % af VLF	7,45
Útgjöld hins opinbera til menntamála sem % af heildarútgjöldum hins opinbera	17,9
Útgjöld einkaaðila til menntamála sem % af VLF	0,71
Útgjöld einkaaðila til menntamála sem % af heildarútgjöldum til menntamála	8,7

* VLF: verg landsframleiðsla (e. GDP).

Kennarar

Fjöldi kennara á öllum skólastigum 2008: 14,718

Kennarar eftir skólastigum, 2008

	<i>Alls</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Stöðugildi í fullu starfi</i>
Leikskólar	5.027	204	4.823	m
Grunnskólar	5.101	1.061	4.040	m
Framhaldsskólar	1.911	903	1.008	1.987
Háskólar og æðri menntastofnanir	2.138	1.117	1.021	1.334

Heimild: Hagstofa Íslands

Eins og sakir standa eru ekki til neinar spár um fjölda kennara næstu tíu árin. Á hinn bóginn, ef litið er til baka til tímabilsins frá 2000 til 2008 þá hefur kennurum fjölgað umtalsvert á öllum skólastigum. Leikskólakennurum fjölgaði um meira en 50% þegar yngri nemendur voru teknir inn og aðsókn jókst. Kennurum hefur stöðugt fjölgað í grunnskólanum jafnvel þótt nemendum hafi ekki fjölgað á síðustu árum. Þetta stafar að hluta til af fjölgun kennara fyrir börn með sérþarfir.

Fjölgun kennara milli 2000 og 2008

	2000	Fjölgun
Leikskólar	3.289	52,8%
Grunnskólar	4.229	20,6%
Framhaldsskólar	1.538	24,3%
Háskólar og æðri menntastofnanir	1.849	15,6%

Heimild: *Hagstofa Íslands*

3. Umbætur festar í sessi: Hver eru helstu markmið og tímasetningar hvað varðar framkvæmd nýjustu umbóta á kerfi menntamála og starfsþjálfunar eða umbóta sem þegar standa yfir? Er frekari umbóta þörf?

Heildarstefna um ævinám (nám alla ævi / e. lifelong learning) í landinu er nú í framkvæmd á grundvelli nýrra laga um skólakerfi og kennaramenntun. Lög um háskóla voru samþykkt á Alþingi árið 2006 (nr. 63/2006) og lög um leikskóla nr. 90/2008, grunnskóla nr. 91/2008 og framhaldsskóla nr. 92/2008 voru samþykkt vorið 2008, ásamt lögum um kennaramenntun nr. 87/2008. Mikilvægur þáttur í framkvæmd þessara laga er endurskoðun á námskrám allra þriggja skólastiga, þ.e.a.s.:

- Aðalnámskrá fyrir leikskóla
- Aðalnámskrá fyrir grunnskóla/ almennur hluti
- Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla/ almennur hluti

Markmiðið er að námskrár verði tilbúnar fyrir lok 2010.

Ennfremur er verið að endurskipuleggja kennaramenntun þannig að hún sé í samræmi við heildstæða stefnu um ævinám þar sem tekið er tillit til grunnmenntunar og endurmenntunar í starfi, skólaþróunar, matsaðferða, námsefnisgerðar og stuðnings fyrir skóla og kennara til að þróa og taka upp nálgun sem miðar við raunfærni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur endurskipulagt grunnmenntun fyrir kennara með stefnumótun og breytingum á lögum, í samvinnu við helstu hagsmunaaðila (einkum háskóla, samtök kennara og samtök sveitarfélaga). Vorið 2008 var ný löggjöf (nr. 87/2008) samþykkt um menntun kennara í opinberum skólstofnum sem er ætluð fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla ásamt háskólamenntun, starfsmenntun, menntun í listum og sérmenntun. Þessi nýja löggjöf færir kennaramenntun almennt upp á efra stig og er lágmarkskrafa gerð um meistarapróf fyrir alla kennara á öllum skólastigum í stað þriggja ára BA prófs. Löggin koma til framkvæmda frá haustinu 2011. Samkvæmt lögunum skal námið vera fimm ár lengd, þrjú ár að BA prófi og tvö til að ljúka meistaraprófi. Í undirbúningnum fyrir framkvæmd þessara nýju laga, þar sem tveimur árum bætt við það nám sem krafist er, er svigrúm til að kanna og taka tillit til allra atriða um kennaramenntum sem nefnd eru í þessari spurningu. Auk þess verður áhersla á nám á vinnustað.

Endurskoðun námskráa fyrir skólastigin þrjú er byggð á þróun innanlands á átta þáttum lykilmæna (e. Key Competences) sem komu fram í tilmælum Evrópusambandsins frá 2006. Vinna hófst sumarið 2008 eftir samþykkt nýju laganna og eins og mál standa er greinilegt að íslenska gerðin verður í samræmi við tilmæli ESB. Svið lykilmæna verða grundvöllur að

ævinámi og verður samtengd gegnum öll skólastigin ásamt fullorðinsfræðslu; hún inniheldur meginatriði og markmið menntakerfisins.

Námskránnar munu einnig innihalda ákvæði um stuðningskennslu fyrir nemendur í sérkennslu til að leitast við að búa þá undir lífið á fullorðinsaldri. Ein aðgerðin, sem hefur reynst árangursrík, er einstaklingsmiðaðar námskrár fyrir hvern nemanda. Þegar útgáfu námskránna er lokið þá verður megináherslan á námsefnisgerð þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa einstakra nemenda, þannig að hver og einn geti nýtt sér hæfileika sína til að ná sem bestum árangri í undirbúningi fyrir lífið á fullorðinsaldri.

Lög um framhaldsfræðslu, sem eru í undirbúningi um þessar mundir (2009) bindur endahnúttinn á heildarstefnu um ævimenntun. Ný lög um framhaldsfræðslu innihalda ákvæði um að mynda tengsl milli vottunarkerfa fyrir nám sem er ekki formlegt eða óformlegt og hins formlega skólakerfis.

Nýju lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 gera róttækar kerfisbreytingar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun ekki lengur gefa fyrirmæli um námsbrautir og innihald eða gefa út nákvæmar lýsingar. Samkvæmt nýju lögum þá verður valddreifing í ferlinu og skólarnir sjálfir munu gera tillögur um námsbrautir og lýsa innihaldi þeirra. Þetta á við bæði um almennt bóknám, iðn- og starfsmenntun, listmenntun og sérmenntun. Á hinn bóginn mun menntamálaráðuneytið gefa út viðmiðunarramma um hæfni og námskröfur, sem skólarnir byggja námsbrautir sínar á. Skólarnir skulu skilgreina hvert námskeið í samræmi við hæfnisstig á grundvelli lykilmæna. Til þess að námsbraut sem skóli leggur fram fái samþykki ráðuneytisins þarf að vera skýrt hvernig nemendur eiga að afla sér grunnhæfni í öllum átta þáttum lykilmæna. Þetta á við bæði um almennt bóknám, iðn- og starfsmenntun, listmenntun og sérmenntun. Vinna er nú hafin við að hrinda þessu nýja kerfi í framkvæmd og markmiðið er að það verði tilbúið í lok þessa árs.

4. Stjórnun og fjármögnun: Lýsið fyrirkomulagi stjórnunar og fjármögnunar í menntun og þjálfun og veitið nánari upplýsingar um fjárhagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði stofnana og um þátttöku hagsmunaaðila, einkum hlutverk aðila vinnuamarkaðarins í starfsmenntun og þjálfun.

Bygging og rekstur leikskóla og grunnskóla er fjármögnuð af sveitarfélögum. Framlög ríkisins til reksturs framhaldsskóla og háskóla eru ákveðin á fjárlögum og samþykkt af Alþingi á hverju ári.

4.1. Leikskólar

Leikskólaráð, sem kosið er af sveitarfélögum, hefur umsjón með leikskólamenntun í viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúar kennara og foreldra hafa rétt til setu á fundum ráðsins og hafa málfrelsi og tillögurétt. Í sveitarfélögum þar sem sami aðili ber ábyrgð á bæði leikskóla og grunnskóla þá er skólanefnd skipuð til að hafa umsjón með menntamálum á báðum skólastigum.

Skólastjórinn er forstöðumaður leikskólans. Hann eða hún er ábyrgur fyrir að gera áætlun um kennslu sem fer fram í skólanum og heldur reglulega fundi með starfslíðinu um skólastarfið og velferð hvers barns.

Samkvæmt lögum er bygging og rekstur leikskóla (ásamt launum og rekstrarkostnaði) greiddur af sveitarfélögum og á þeirra ábyrgð. Fé er úthlutað til sveitarfélaganna af sameiginlegu skattfé, m.a. til að standa straum af byggingu og rekstri leikskóla. Einnig geta

fjármunir komið frá öðrum skattstofnum. Greiðslur frá foreldrum eru umtalsverður hluti af rekstrarkostnaði leikskóla. Sá hluti kostnaðar, sem greiddur er af foreldrum er mismunandi eftir sveitarfélögum og er í sumum tilvikum háður aðstæðum foreldranna. Í heild eru framlög frá foreldrum um einn þriðji af rekstrarkostnaði leikskóla.

Sveitarfélögin skipuleggja sérfræðiþjónustu fyrir leikskólana. Sérfræðiþjónusta felst meðal annars í stuðningi við nemendur leikskóla og fjölskyldur þeirra, svo og stuðning við leikskólustarf og starfslið skólanna.

Sveitarfélög geta veitt foreldrum eða einkaaðilum leyfi til að reka leikskóla ef til þess er fengið rekstrarleyfi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Allir einkareknir leikskólar eru stofnanir sem njóta fjárstuðnings.

Ef öðrum en sveitarfélögum er veitt leyfi til að reka leikskóla þá leggja sveitarfélögin að jafnaði fram fjármuni til rekstrarins en ekki eru neinar samræmdar reglur fyrir allt landið um þessi framlög.

4.2. Grunnskólar

Skólanefnd, sem kosin er af sveitarstjórn, hefur umsjón með grunnskólamenntun í viðkomandi sveitarfélagi. Skólastjóri, kennarar og foreldrar kjósa fulltrúa og varamann í skólanefndina með málfrelsi og tillögurétti. Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu.

Skólastjórinn er forstöðumaður grunnskólans. Hann eða hún stjórnar honum, veitir honum faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjórinn skal efla samvinnu milli allra viðkomandi aðila í skólasamfélaginu. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarfélagsins um fyrirkomulag stjórnunar þar sem tekið er tillit til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður hlutverk annarra stjórnenda skólans en einn þeirra skal vera staðgengill skólastjóra.

Grunnskólamenntun er án endurgjalds. Sveitarfélög greiða kennslu, stjórnun, akstur, viðhald bygginga og aðstöðu o.s.frv. Viðkomandi sveitarfélög taka allar ákvarðanir um byggingu, viðhald skólahúsnæðis og aðstöðu svo og laun kennara. Sveitarfélögin fá framlög af almennu skattfé. Ríkið greiðir kostnað af kennsluefni og samræmdum prófum.

Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðiþjónustu. Þau ákveða einnig skipulag slíkrar þjónustu og leitast við að slík þjónusta sé veitt innan skólans. Sérfræðiþjónusta felst meðal annars í stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra, svo og stuðning við skólustarfið og starfslið skólanna. Grunnskólarnir skulu skipuleggja forvarnarstarf með eftirliti og athugunum á nemendum frá upphafi náms til að tryggja að þeir hljóti fullnægjandi kennslu og stuðning í námi. Þeir nemendur, sem eiga við félagslegum eða sálræna erfiðleika að stríða sem geta haft áhrif á nám þeirra, skulu auk þess fá greiningu af sérfræðingum.

Grunnskólar veita námsráðgjöf sem felst meðal annars í að veita nemendum aðstoð við að skipuleggja nám sitt og vegna námserfiðleika.

Foreldrar sem æskja þess að kenna börnum sínum heima fyrir, að öllu leyti eða hluta, skulu sækja um undanþágu vegna þess til sveitarfélagsins. Skólastjóri getur veitt undanþágu í samráði við skólanefnd og sérfræðiþjónustu.

Grunnskólarnir eru sífellt að fá aukið sjálfstæði um starfsmannahald, fjármál og innihald kennslu. Nokkur sveitarfélög hafa veitt skólastjórum aukna fjárhagslega ábyrgð, þ.e.a.s. sumir skólastjórar hafa fengið fjárveitingu til að kosta rekstur skólans, aðrir hafa fullt sjálfstæði um

mannaráðningar og allir skólustjórar hafa fullt sjálfstæði hvað varðar t.d. kennslu, kennsluaðferðir og innri málefni skólans.

Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála er sjálfstæð stofnun sem kostuð er af ríkinu og er undir umsjón mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Megin hlutverk hennar er að semja, skipuleggja og fara yfir samræmd próf á grunnskólastigi. Stofnunin tekur einnig þátt í og framkvæmir alþjóðlegar samanburðarkannanir á sviði menntamála með sérstaka áherslu á verkefni sem geta leitt af sér hagnýta og/eða fræðilega þekkingu hvað varðar prófun og námsmat.

Námshagstofnun, sem er undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytis þróar og gefur út kennslufni og dreifir því án endurgjalds til nemenda á grunnskólastigi.

Sveitarfélög geta veitt foreldrum eða einkaaðilum leyfi til að reka grunnskóla ef til þess er fengið samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þegar aðilum öðrum en sveitarfélögum er veitt leyfi til að reka grunnskóla þá hljóta þeir venjulega framlög frá sveitarfélögunum.

4.3. Framhaldsskólar

Kostnaður við nýbyggingu og stofnkostnaður vegna búnaðar í framhaldsskólum skiptist þannig að ríkið greiðir 60% og sveitarfélögin, eitt eða fleiri sem aðilar eru að byggingunni, greiða 40%. Allur annar kostnaður vegna framhaldsskóla er greiddur af fjárlögum.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Hlutverk skólanefndar er meðal annars að marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf, veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun og fylgjast með framkvæmd hennar. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn.

Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt. Skólameistari hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar starfsgreinaráð fyrir starfsnám og þjálfun til fjögurra ára í senn. Hlutverk þeirra er að vera ráðherra til ráðuneytis um starfsmenntun í framhaldsskólum á sínu sérsviði, leggja fram almenn námsmarkmið og skilgreina þörf fyrir kunnáttu og leikni í hverri starfsgrein sem hluta almennri námskrá. Starfsgreinaráðin skulu jafnframt leggja til viðmið um skiptingu náms milli kennslu í skóla og á vinnustað og einnig leggja fram tillögur um uppbyggingu og innihald prófa fyrir einstakar starfsgreinar.

Formenn starfsgreinaráða skipa sérstaka starfsgreinanefnd. Hlutverk hennar er að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd starfsnáms, að vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða og að veita álit á skiptingu og flokkun starfsgreina milli starfsgreinaráða.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur veitt skólum, öðrum en almennum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í landinu eru átta einkaskólar á framhaldsskólastigi sem njóta styrkja. Þessir skólar starfa í samræmi við sömu löggjöf og skólar á vegum hins opinbera og eru háðir sama eftirliti.

Á síðustu árum hefur aukist framboð á fjarnámi (á netinu) sem starfrækt er af nokkrum framhaldsskólum. Þessir skólar bjóða upp á fjarnám í fjölbreyttu úrvali bóknámsgreina og veita þannig nemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi með þeim hætti.

Í samræmi við framhaldsskólalög þá skulu skólar bjóða upp á námsráðgjöf sem skal meðal annars vera fólgin í aðstoð við að velja námsbrautir, aðstoð við skipulag náms og samsetningu stundatöflu og hjálp við vandamál í sambandi við námið.

Allir nemendur í framhaldsskólum hafa ákveðinn umsjónarkennara. Umsjónarkennarinn hefur eftirlit með námsframvindu og mætingu nemandans og er milligöngumaður milli hans og annarra kennara eða skólayfirvalda.

4.4. Nám á háskólastigi

Háskólar fá framlög frá ríkinu á fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárframlög til hvers háskóla vegna kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

Yfirstjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Rektor á sæti í háskólaráði og er hann jafnframt formaður ráðsins.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar háskóla rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólar hafa umtalsvert akademískt frelsi og stjórn eigin mála og afleiðing af því er að skólarnir ákveða í meginatriðum eðli og skipulag námskráa og námskeiða.

Í lögum um háskóla eru engin ákvæði um samsetningu háskólaráðs. Þó eru þar ákvæði um setu starfsmanna og nemenda á fundum ráðsins, sem skulu haldnir einu sinni á ári hið minnsta. Markmiðið er að tryggja að hagsmunaaðilar, kennarar, nemendur og annað starfsfólk taki þátt í akademískri stefnumótun háskólans. Í lögum um háskóla er sjálfstæði skólanna ítrekað og tilgangurinn er sá að tryggja að opinberir aðilar hafi ekki áhrif á akademískt starf innan skólanna og virði rannsóknarfrelsi og akademískt sjálfstæði.

Deildir háskólanna eru sjálfstæðar hvað varðar innri málefni, innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögum og reglugerðum um hvern skóla. Deildarforsetar stjórna deildum, deildarfundum og deildarráðum.

Einkareknir háskólar hafa eigin háskólaráð og hafa þeir umtalsvert sjálfræði og geta til dæmis ákveðið inntökuskilyrði, námsframvindu nemenda milli ára, útgáfu námsskírteina o.s.frv. Ekki er tiltakanlegur munur á hvort stofnanir eru opinberar eða einkareknar í þessu efni. Sjálfseignarstofnanir fá umtalsverðar fjárveitingar frá ríkinu í samræmi við þjónustusamning við hverja stofnun. Háskólar eru háðir ákvæðum laga um háskóla en þeir starfa einnig í samræmi við eigin stofnskrár sem eru staðfestar af ráðherra.

Flestir háskólar starfrækja námsráðgjafarþjónustu. Námsráðgjafarþjónusturnar halda námskeið og veita nemendum ráðgjöf um val á námsleiðum, skipulag náms, starfsmöguleika og persónuleg vandamál. Sumir háskólar halda undirbúningsnámskeið, t.d. í stærðfræði áður en nemendur hefja háskólanám.

Allir háskólar innheimta skráningargjöld. Háskóli Íslands, sem er langstærsti skólinn á þessu skólastigi hefur allmiklar tekjur af happdrætti sem er óháð framlögum á fjárlögum.

Sjálfsseignarstofnanir krefjast kennslugjalda auk skráningargjalds. Kennslugjöld fyrir fyrsta stigs nám nemur um 140.000 – 350.000 kr.⁹ fyrir hvert námsár. Í sjálfsseignarstofnunum greiða nemendur viðbótargreiðslur til nemendafélaga.

Á vegum ríkisins hefur verið starfræktur lánasjóður námsmanna í nokkra áratugi. Tilgangur hans er að veita jafnt aðgengi til háskólanáms til handa nemendum með ólíkan fjárhagslegan og félagslegan bakgrunn.

Háskólar leitast við að efla tengsl við utanaðkomandi hagsmunaaðila, t.d. iðnaðinn í gegnum rannsóknastofnanir og samvinnuskrifstofur. Skrifstofur um rannsóknir og samvinnu halda skrá yfir sérsvið þeirra starfsmanna sem í háskólanum starfa og miðla upplýsingum um rannsóknarstarfsemi skólans til fyrirtækja og stofnana á Íslandi. Skrifstofurnar semja og útbúa samninga milli háskólans og samstarfsaðila.

4.5. Fullorðinsfræðsla

Fullorðinsfræðsla og símenntun fellur ekki undir eitt ákveðið ráðuneyti. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur þó aðalumsjón með kennslumálum og sér um svo að segja alla menntun sem á sér stað innan skólakerfisins, þar með talin fullorðinsfræðsla og símenntun. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur einnig umsjón með símenntun á sviði starfsmenntunar og þjálfunar í þjónustugreinum og iðnaði og einnig hvað varðar starfsleitaráætlun fyrir atvinnulausa. Önnur ráðuneyti kunna að koma að símenntun hvert á sínu sviði annað hvort í gengum símenntun starfsmanna eða með tilstuðlan stofnana sem heyra undir þau.

Ríkið fjármagnar að hluta til ýmsar gerðir símenntunar og fullorðinsfræðslu, svo sem öldungadeildir framhaldsskólanna, fjarnám og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Úr starfsmenntunarsjóði, sem fjármagnaður er af ríkinu, eru veittir styrkir fyrir símenntun í þjónustugreinum og iðnaði. Ríkið veitir einnig fé til símenntunar opinberra starfsmanna, t.d. fyrir endurmenntun framhaldsskólakennara.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa á síðustu árum lagt áherslu á aukið aðgengi að menntun til handa þeim sem ekki hafa hlotið neina menntun. Opinberir aðilar hafa komið til móts við þessa þörf til dæmis með því að stofna Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2002 sem er stofnun á vegum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnuveganna. Hún er að hluta til fjármögnuð á fjárlögum.

Í samræmi við lög um framhaldsskóla skulu framhaldsskólanemendum standa til boða leiðbeiningar og ráðgjöf um nám og starfsval svo og um persónuleg mál er varða nám og skólasókn, þetta á einnig við um nemendur í fullorðinsfræðslunámskeiðum. Ráðgjöf fyrir fullorðna er einnig veitt af fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum og háskólum.

Sérstakar fjárveitingar frá ríkinu á síðustu árum skulu renna til ráðgjafar handa þeim sem ekki hafa lokið neinni menntun.

5. Hæfi: Lýsið umgjörð og gerð hæfismats á sviði starfsmenntunar og þjálfunar og einnig fyrirkomulagi á viðurkenningu á formlausri og óformlegri menntun (starfsreynslu, þjálfun á vinnustað, sjálfsnámi o.s.frv.).

Lagasetning

⁹ EUR 778 (EUR 1 = kr. 180 miðað meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Á síðastliðnum þremur árum hefur lagaumhverfi hins íslenska menntakerfis tekið allmiklum breytingum. Lög um háskóla nr. 63/2006 voru samþykkt árið 2006. Lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla voru samþykkt árið 2008 (lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, lög um kennaramenntun nr. 93/2008).

Próf á háskólastigi

Við gildistöku laga um háskóla voru tekin upp viðmið um æðri menntun og prófgráður með reglugerð nr. 80/2008¹⁰ (gefin út á íslensku og ensku). Nefnd um endurskoðun og einföldun á þessum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður á að skila niðurstöðum haustið 2009 þannig að sjálfsmat á kerfinu geti hafist í janúar 2010.

Tafla 1. Prófgráður á háskólastigi

<i>Þrep og stig prófgráða</i>		<i>Staðlaðar námseiningar (ECTS)</i>	<i>Heildar náms-einingar (ECTS)</i>
Fyrsta þrep (ISCED 5)	Stig 1 Fyrrihlutanám til diplómaprófs	30 – 120	30 – 120
	Stig 2 Bakkalárspróf	180 – 240	180 – 240
Annað þrep (ISCED 5)	Stig 3 Framhaldsnám á meistarastigi	30 – 120	210 – 360
	Stig 4 Meistarapróf	90 – 120	270 – 360
Þriðja þrep (ISCED 6)	Stig 5 Doktorspróf	180-	450-

Í lögum um framhaldsskóla er lagt til að tekinn verði upp viðmiðunarrámi um menntun í framhaldsskólum með því að skilgreina lokastigafjölda eða hæfi sem skilgreindur er í

¹⁰ “Viðmið um æðri menntun og prófgráður“, <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

lögnum. Þarna er lagt til viðmiðunarrámi (NQF) fyrir Ísland, sem gagnast bæði framhaldsskólum og háskólum.

Þar sem framhaldsskólinn er í þróun í viðtækri samvinnu við hagsmunaaðila og einnig að um leið stendur yfir endurskoðun á viðmiðum fyrir háskóla þá er nán samvinna milli beggja kerfanna og full samsvörun hvað varðar hugtök og mælikvarða milli þeirra.

*Uppbygging námsbrauta í framhaldsskólum (útgefin drög)*¹¹

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 eru fimm prófstig á framhaldsskólastigi:

- Framhaldsskólapróf
- Stúdentspróf
- Próf til starfsréttinda
- Önnur lokapróf
- Viðbótarnám við framhaldsskóla

Fyrstu fjórar prófgráðurnar hafa verið skilgreindar sem lokapróf á framhaldsskólastigi á mismunandi þrepum sbr. töflu 2.

Tafla 2. Prófgráður í framhaldsskólum.

1. þrep	2. þrep		3. þrep			4. þrep
Önnur lokapróf	Önnur lokapróf	Próf til starfsréttinda	Önnur lokapróf	Próf til starfsréttinda	Stúdentspróf	Viðbótarnám við framhaldsskóla
30 - 60 fein ¹²	60 - 120 fein	60 - 120 fein	180-240 fein	180-240 fein	200 - fein	30 – 60 fein

Einingakerfi

Íslenska einingakerfið, sem nú er verið að breyta, miðast við *vinnu kennara* eða bóklegt nám, sem endurspeglar það verklag sem var áður en áherslan breyttist yfir á lærdómsviðmið (e. learning outcomes). Hver námsgrein skiptist í áfanga sem hljóta ákveðinn fjölda eininga, oftast tvær eða þrjár. Á bak við hverja einingu var áætlað að lægju tvær fjörutíu mínútna kennslustundir á viku í eina önn (15 vikur).

Hverjum námsáfangi er lýst út frá færni/leikni, þekkingu og hæfni sem einstaklingur hefur möguleika á að tileinka sér við lok áfangans.

Einingakerfið gengur nú í gegnum breytingaskeið á grundvelli nýrra laga um framhaldsskóla eins og áður er lýst þar sem sjónum verður beint að hverjum nemanda og námi hans/hennar. Einingin sem nefnist *fein* er skilgreind út frá vinnuframlagi nemandans sem 18 – 24 vinnustundir. Þetta er frábrugðið ECTS einingunni sem þar sem ein eining telst um 25-30 stunda vinnuframlag nemandans.

¹¹ <http://www.nymenntastefna.is/Namskrargerð/uppbygging/>

¹² *Eining* er íslenska orðið yfir *credit*. *Fein* íslenska orðið fyrir framhaldsskólæining

Staðfesting á formlausu og óformlegu námi - raunfærnimat

Þegar umsækjandi um raunfærnimat hefur lokið ferlinu þá fær hann/hún í hendur ákveðinn fjölda staðfestingareininga sem eru í samræmi við einingarnar sem áfangarnir í viðkomandi námskrá gefa þannig að niðurstöðurnar verði teknar til greina af skólanum sem tekur við hinum væntanlega starfsmenntunarnema.

Raunfærnimatskerfið er í þróun á Íslandi. Eins og það er framkvæmt nú þá miðast það aðallega við fullorðið fólk, sem hefur ekki formlegar prófgráður á framhaldsskólastigi. Sá sem er í þessari aðstöðu getur sótt um *raunfærnimat*. Umsækjandinn fer í gegnum ferli þar sem fer fram viðtal við námsráðgjafa, sjálfsmat, lögð fram vottorð um fyrra nám og starfsreynslu, farið yfir hæfni, prófanir gerðar o.s.frv. og þannig er komist að niðurstöðu sem getur leitt til námsbrautar að lokaprófi í viðkomandi starfsgrein. Framhaldsskóli, sem býður upp á starfsnám, ber endanlega ábyrgð á að votta árangur raunfærnimatsins og veita einstaklingnum tækifæri til að ljúka námi sínu.

Í sumum greinum heilsugæslu og félagslegri þjónustu hafa verið til staðar tengingar þar sem viðurkennd er starfsreynsla sem verður til þess að námsbraut til lokaprófs styttest. Þessi leið hefur minna mat í för með sér heldur en hin leiðin.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins¹³ sér meðal annars um að skipuleggja nám fyrir fullorðna sem eru í boði í hinum ýmsu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um allt land. Þessi námskeið eru að hluta til skipulögð sem starfsþjálfun en sumpart sem námskeið sem hafa þann tilgang að vera efling og hvatning til náms. Þetta er þeim mikilvægt sem hafa verið frá skóla í langan tíma og þurfa aukna hvatningu og stuðning til að komast aftur af stað og halda námi sínu áfram. Þegar þessum námskeiðum er lokið þá geta nemendur fengið aðgang að framhaldsskólum og haldið námi sínu áfram þar.

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í framhaldsskólum eru almennt á aldrinum 16 – 20 ára. Þeir geta lagt stund á bóknám eða starfsnám. Margir skólar hafa námskeið á báðum sviðum. Um 93% nemenda hefja nám við framhaldsskóla og það má álykta að um 50% ungs fólks á aldrinum 20-24 ára hafi lokið námi á þessu stigi. Um 30% nemenda velja starfsmenntun. Eitt sérkenni íslenska menntakerfisins er að nemendur eiga til að hætta í námi en koma síðan aftur inn í skólana síðar til að ljúka námi sínu. Þetta á einkum við um starfsmenntun. Samkvæmt árangursskýrslu ESB frá 2007 þá er tíðni nemenda sem hætta í skóla¹⁴ um 26,3%.

Um 25% nemenda í starfsnámi ljúka námi sínu innan fimm ára. Flestir nemendur útskrifast milli 25 og 29 ára. Nemendur gangast undir lokapróf í hverri námsgrein í iðngreinum sínum í skóla og þegar þeir hafa útskrifast taka þeir sveinspróf sem er undirbúið af nefndum sem skipaðar eru af aðilum vinnumarkaðarins. Eitt einkenni íslenska menntakerfisins er hve auðvelt það reynist nemendum að komast inn á vinnumarkaðinn, jafnvel áður en þeir hafa lokið námi. Þetta kann að einhverju leyti að vera skýringin á hvers vegna það tekur þá lengri tíma til að ljúka námi en jafnaldr þeirra annars staðar í Evrópu. Vegna mjög mikillar aukningar atvinnuleysis, úr 1% árið 2007 í 10% árið 2009 þá er vinnumarkaðurinn ekki eins opinn fyrir nemendum án tilskilinna réttinda og áður var.

¹³ <http://www.frae.is/>

¹⁴ http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/progress06/report_en.pdf

6. Gefið upplýsingar um aðgerðir til að aðlaga ungt fólk að vinnumarkaðnum eða háskólum og starfsmenntun, meðal annars um ráðgjöf á sviði menntunar og starfsmenntunar.

Atvinnuleysi meðal ungs fólks hefur verið fremur lítið í allmörg ár og þess vegna hafa aðgerðir til aðlögunar ungs fólks að vinnumarkaðnum ekki haft forgang í hinu formlega skólakerfi. Aðstæður sem krefjast sértækra aðgerða hafa ekki komið upp fyrir en nú (sjá einnig spurningu 26:30 b).

Innritun í háskóla hefur tvöfaldast á síðastliðnum tíu árum og yfir 90% nemenda halda áfram námi að loknum grunnskóla. Næstum allir unglingar frá 14 ára aldri vinna á sumrin í tvo til þrjú mánuði, hinir yngstu í vinnuskólum þar sem sameinast verkþjálfun og námsheimsóknir, námskeið o.s.frv. Það er löng hefð fyrir þessari sumarvinnu á Íslandi og þar af leiðandi þá hafa næstum allir unglingar einhverja starfsreynslu þegar þeir ljúka námi.

Starfsmenntun og þjálfun í íslenskum framhaldsskólum beinist mjög að vinnumarkaðnum, starfsþjálfun á vinnustað er óaðskiljanlegur hluti af flestum námsbrautum. Aðilar vinnumarkaðarins gegna mikilvægu hlutverki í að móta námsbrautir. Frá upphafi fær ungt fólk þjálfun í þátttöku á vinnumarkaðnum en þeim til aðstoðar eru námsráðgjafar á öllum skólastigum, í háskóla, í starfsmenntun og formlausri menntun.

7. Gefið upplýsingar um umskiptin úr skóla yfir í vinnu og hlutverk aðila vinnumarkaðarins og fyrirtækja.

Þar sem starfsþjálfun á vinnustað er óaðskiljanlegur hluti af flestum námsbrautum starfsmenntunar og þjálfunar á Íslandi þá eru umskipti frá skóla yfir í vinnu almennt hnökralaus og einföld. Að námi loknu eru flestir unglingar taldir fullfærir um að stunda vinnu á sínu sviði þar sem þeir hafa fengið ítarlega þjálfun í þeirri starfsgrein sem þeir hafa valið. Aðilar vinnumarkaðarins hafa virkt hlutverk í að sjá um eftirlit með starfsþjálfun á vinnustað og auka þannig líkurnar á að kröfur vinnumarkaðarins séu uppfylltar. Sjá einnig spurningar 26:6 og 29.

8. Brottfall ungs fólks úr námi og/eða starfsþjálfun án viðurkenndra hæfisskírteina: Hver er fjöldi þeirra og hlutfall? Hvaða önnur úrræði eru til staðar sem gefa kost á að afla sér hæfisskírteina á annan hátt?

Fjöldi þeirra sem hætta í skóla, þ.e.a.s. hlutfall íbúa á aldrinum 18-24 með minna en framhaldsskólamenntun og eru ekki í námi eða starfsþjálfun, var 28,1% árið 2007 sem samsvarar 8.611 einstaklingum 18-24 ára að aldri. Það er rétt að benda á að mikil aldursdreifing er meðal nemenda á framhaldsskólastiginu, einkum í námsbrautum á sviði starfsmenntunar. Eins og getið var í svari við spurningu 2 þá eru 6.200 innritaðir nemendur í framhaldsskólum á aldrinum 25-64 ára.

Nemendur sem hætta í skóla eða yfirgefa skólann tímabundið hafa ýmis tækifæri til að fara aftur inn í skólakerfið. Ekkert aldurstakmark er á nemendum í framhaldsskólum. Nokkrir skólar hafa öldungadeildir fyrir fullorðna nemendur sem stunda vinnu. Einnig bjóða sumir skólar upp á fjarnám á netinu. Námsbrautir starfsmenntunar eru sveigjanlegar og þar geta nemendur bætt við sig hæfi í þrepum. Einn af hverjum fimm nemendum í framhaldsskóla er á aldrinum 35-64 ára, flestir í námsbrautum á sviði starfsmenntunar.

Tíðni brottfalls úr háskóla er um 30%. Þessi tala er byggð á aldurshóparannsókn þar sem hópi nýnema í háskóla var fylgt eftir í tíu ár. Að lokum höfðu 70% þeirra útskrifast með prófgráðu.

B. Stjórnkerfi

9. Staða menntastofnana: Lýsið því hvernig stofnun skóla er háttað. Hefur stjórnvald eftirlit með stofnun og starfsemi menntastofnana? Hafa menntastofnanir (t.d. einkareknar, opinberar, einkareknar undir eftirliti o.s.frv.) mismunandi stöðu?

Leikskóla stig

Leikskólar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þeir eru skilgreindir sem fyrsta stig menntakerfisins og veita börnum menntun fram að sex ára aldri þegar grunnskólanám hefst.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í leikskóla og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla.

Grunnskólastig

Grunnskólar starfa samkvæmt lögum grunnskólalögum nr. 91/2008. Grunnskólinn er skipulagður sem ein heild, þ.e. neðri og efri hluti skyldunáms mynda samfelldan skóla og námið fer að jafnaði fram í sama skólahúsnæði. Grunnskólalög kveða svo á um að öllum börnum og unglingum á aldrinum sex til sextán ára sé skylt að sækja skóla.

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggja fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur gefið út reglugerð um framkvæmd þessarar greinar þar sem kröfur um viðurkenningu eru tilgreindar á nákvæmari hátt, hvernig að því skuli staðið, miðlun upplýsinga til sveitarfélagsins og ráðuneytisins, rekstur og sviptingu viðurkenningar.

Flestir leikskólar og grunnskólar eru reknir á vegum sveitarfélaga og þurfa ekki sérstakar viðurkenningu.

Framhaldsskólastig

Framhaldsskólar starfa samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Ekki er skylt að stunda nám í framhaldsskóla en hver sá sem hefur lokið grunnskólanámi hefur rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Nemendur eru að jafnaði á aldrinum 16-20 ára. Almennt bóknám er í meginatriðum skipulagt sem fjögurra ára nám sem lýkur með stúdentsprófi. Námslengd í starfsnámi er mismunandi, ein til tíu annir, en algengastar eru fjögurra ára námsbrautir.

Opinber framhaldsskóli er ríkisstofnun og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Ráðherra, eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélög, eitt eða fleiri, getur haft frumkvæði að stofnun opinbers framhaldsskóla. Opinber framhaldsskóli er stofnaður með því að Alþingi leggur skólanum til rekstrarfé í fjárlögum. Opinberir framhaldsskólar þarfnast ekki sérstakrar viðurkenningar.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur veitt skólum, öðrum en almennum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessir skólar geta verið reknir sem sjálfseignarstofnanir, hlutafélög eða stofnanir með öðru löglegu fyrirkomulagi. Í lögum um framhaldsskóla eru ýmis skilyrði tilgreind hvað varðar viðurkenningu. Ef skóli, sem hlotið hefur viðurkenningu, uppfyllir ekki þau skilyrði, reglur og kröfur sem tilgreindar eru, getur mennta- og menningarmálaráðherra afturkallað viðurkenningu hans.

Háskólastig

Um háskóla gilda lög um háskóla nr.63/2006. Þessi lög gilda um menntastofnanir sem veita háskólamenntun sem leiðir til prófgráðu og sem hafa hlotið viðurkenningu mennta - og menningarmálaráðuneytisins. Ráðuneytið hefur einnig gefið út viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi nr. 80/2007, sem er kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms og prófgráða á háskólastigi sem taka sérstaklega til þekkingar, hæfni og getu nemenda við námslok (e. learning outcomes). Allir háskólar á Íslandi skulu fylgja þessum viðmiðum.

Um þessar mundir eru alls sjö háskólar á Íslandi sem lúta yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og hlíta lögum nr. 63/2006.

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri eru opinberir háskólar sem starfa samkvæmt lögum um háskóla nr. 85/2008. Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli eru opinberir háskólar sem áður heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Listaskóli Íslands eru sjálfseignarstofnanir sem þiggja fjárframlög frá hinu opinbera og starfa samkvæmt stofnskrám sem hlotið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ráðuneytið gerir rekstrarsamninga við alla háskóla undir stjórn þess.

10. Almennt eftirlit og mat á skólastofnunum: Eru fyrirhugaðar aðferðir til að hafa eftirlit og leggja mat á menntastofnanir eða er verið að taka þær í notkun? Hvaða gögn eru tekin til athugunar? Að hvaða leyti eru þær óháðar ráðuneytum?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er ábyrgt fyrir mati og eftirliti með menntastofnunum og öllu hinu íslenska menntakerfi.

10.1. Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipuleggur ytra mat á skólum/stofnunum í heild, innra mat skóla eða aðra tiltekna þætti í skólastarfi. Á leikskóla- og grunnskólastigi sjá sveitarfélögin um eigið mat á skólum og skólastarfi.

Mennta- og menningarmálaráðherra leggur fyrir Alþingi skýrslu um starfsemi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á þriggja ára fresti.

Í lögum frá 2008 um leikskóla, grunnskóla (neðra og efra stig) og framhaldsskóla er mælt svo fyrir um að mennta- og menningarmálaráðuneyti skuli halda samræmd próf á þessum skólastigum. Ákvæði um gæðamat á háskólastigi voru sett í lögum um háskóla frá 2006.

Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, svo og háskóla, er rík áhersla lögð á reglulegt innra mat hjá hverri stofnun. Matsaðferðir innra mats eru undir eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Eftirlit, mat og gæðastjórnun í formlegri fullorðinsfræðslu fellur undir ákvæði sömu laga og reglugerða og formlegt skólakerfi fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.

Löggjöf um grunnskóla gerir ráð fyrir samræmdum landsprófum í 4, 7, og 10 bekk þar sem lögð er áhersla á hlutverk þeirra til að vera leiðbeinandi fyrir nemendur, foreldra og skóla. Verið er að vinna að þróa einstaklingsbundin rafræn próf.

10.2. Mat á leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um reglulegt ytra mat á leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Tilgangur námsmatsins er að meta gæði skólakerfisins og gera sér grein fyrir þeim atriðum sem betur mættu fara. Til þess að þetta geti orðið er safnað upplýsingum um skólastjórn, námsárangur, skólareynslu nemenda, samskipti innan skólans og milli skólans og foreldra og annarra viðkomandi aðila utan skólans.

Hver skóli skal taka í notkun aðferðir til að meta skólastarfið, kennslu og stjórnunarhætti, innri samskipti og samskipti við aðila utan skólans. Skólum er í sjálfsvald sett að velja milli þeirra kerfa sem þeir þróa hver fyrir sig til eigin nota eða algengari aðferðir við gæðastjórnun en þau skulu að jafnaði fela í sér umtalsverða þætt innra eftirlits. Í samræmi við kröfur ráðuneytisins þá skulu aðferðir við innra eftirlit vera formlegar, yfirgripsmiklar, áreiðanlegar, byggja á samvinnu, stuðla að umbótum, árangurstengdar, beinast að stofnuninni og einstaklingunum, greinargóðar, nákvæmar og opinberar.

Ytra mat skóla og skólastarfs, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur frumkvæði að, skal miðast að því að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og reglugerðir og almennrar námskrár.

Helsti tilgangur utanaðkomandi mats á skólum er að öðlast heildarmynd af starfsemi hvers skóla eða stofnun eða sérstökum þáttum hennar á hverjum tíma. Athyglin beinist að ýmsum þáttum í innra starfi skólans, svo sem stjórnun, þróunarstarfi, samvinnu og samskiptum innan skólans, námsárangri, og tengslum skóla og samfélags. Sjálfsmatsaðferðir á öllum skólastigum eru háðar ytra mati sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með og er framkvæmt af utanaðkomandi aðila.

Samræmd próf í íslensku og stærðfræði eru haldin í 4. og 7. bekk. Einnig er samræmt próf í íslensku, ensku og stærðfræði lagt fyrir í 10. bekk. Niðurstöður samræmdra prófa í lok skyldunáms eru birtar, þ.e.a.s. nemendur fá sínar eigin einkunnir og auk þess eru meðaleinkunnir í hverju prófi birtar opinberlega fyrir hvern skóla í landinu svo og fyrir hvert landssvæði. Tilgangur þessara prófa er aðallega að gefa vísbendingu um stöðu nemandans. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála sér um samningu, yfirferð og skipulag á próftöku þessara prófa. Einkunnir eru á bilinu 1-10 byggðar á stöðluðum viðmiðum.

Sveinspróf í iðngreinum (próf til starfsréttinda) er eina samræmda prófið á framhaldsskólastigi. Skólapróf eru haldin í hverjum framhaldsskóla í lok hverrar annar og kennarar sömu námsgreinar geta haft samstarf um próf.

Á þriggja ára fresti gefur mennta- og menningarmálaráðuneytið skýrslu til Alþingis um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þar sem greint er frá verkefnum og starfi skólanna og eru upplýsingarnar byggðar á gögnum sem safnað er kerfisbundið.

Árið 1991 tók Ísland þátt í IEA rannsókn á lestri og var þátttakandi í rannsókn IEA árið 1995 í stærðfræði og náttúrufræði á grunnskólastigi (TIMISS). Ísland er nú þátttakandi í PISA rannsókn OECD. Ísland tekur einnig reglulega þátt í starfi OECD um þróun á mælikvörðum um árangur nemenda. Íslenska menntakerfið hefur verið rannsakað reglulega af sérfræðingum frá OECD. Ísland hefur einnig tekið þátt í þemaránnsókn OECD á háskólamenntun sem menntamálanefnd OECD samþykkti að framkvæmd yrði haustið 2003. Skýrslan um Ísland: Úttekt OECD á háskólastiginu á Íslandi, var gefin út af OECD í apríl 2006.

Þróun háskóla í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um eftirlit með háskólum. Háskólar leggja inn umsókn til ráðuneytisins um viðurkenningu, á fræðasviði, byggða á Frascati handbók OECD. Í samræmi við lög um háskóla þá setur mennta- og menningarmálaráðuneytið reglur um gæðamat á háskólastigi. Þessar reglur fela í sér ákvæði um eftirlit með innra gæðamati háskóla og um reglulegt ytra mat einstakra þátta innan skólanna hvers um sig eða á skólunum í heild.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur frumkvæði að því að framkvæma ytra mat á háskólastigi í samræmi við þriggja ára áætlun, sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðherra. Markmið ytra mats er meðal annars að tryggja að þær aðstæður, sem liggja til grundvallar viðurkenningunni, séu til staðar í skólunum. Ytra mat, sem gert hefur verið á síðustu árum, hefur aðallega beinst að sérstökum námsbrautum eða deildum í einstökum háskóla eða nokkrum háskólum. Mat á skólum hefur einnig farið fram þar sem athyglinni er beint að stjórnsýslu og rekstri. Samkvæmt síðustu þriggja ára áætluninni, sem tilkynnt var af mennta- og menningarmálaráðherra, þá fara gæðaúttektir fram á næstu árum ásamt úttektum á námsbrautum.

Háskólar framkvæma kerfisbundið gæðamat á kennslu og rannsóknum á grundvelli innra mats. Innra mat háskóla og einstakra deilda þeirra er framkvæmt reglulega og þar er tekið á stefnu og markmiðum, innihaldi náms, kennslu, kennsluáðferðum, mati, árangri í rannsóknum, vinnuástöðu, stjórnun og ytri samskiptum. Starfsfólk og nemendur taka þátt í innra gæðaeftirlitinu. Skólarnir birta upplýsingar sem varða innra gæðaeftirlit þeirra.

11. Gagnasöfnun og úrvinnsla: Lýsið aðstöðu til gagnasöfnunar og þeim gögnum sem safnað er. Lýsið hinum ýmsu stigum gagnasöfnunar og úrvinnslu. Liggja fyrir gögn um afdrif þeirra sem ljúka grunnskóla, starfsmenntun og háskólanámi?

Hagstofa Íslands sér um söfnun gagna um menntamál. Gögn eru fengin úr skólaskráum grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Gögn um nemendur eru fengin frá upplýsingakerfum skólanna. Yfir 90% grunnskóla nota Mentor sem er miðlægt upplýsinga / skólastjórnunarkerfi. Allir framhaldsskólarnir nota miðlægt skráningarkerfi og senda upplýsingar um nemendur til gangnabanka sem Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa beinan aðgang að. Innritun nemenda á framhaldsskólastigi er rafræn og er haldið utan um hana í

miðlægum gagnagrunni. Háskólarnir veita Hagstofu Íslands upplýsingar um nemendur hver um sig en verið er að þróa miðlægt innritunarkerfi fyrir háskólana.

Mestur hluti upplýsinga um menntamál er aðgengilegur á netinu gegnum vefsíðu Hagstofu Íslands,¹⁵ bæði á íslensku og ensku. Tölulegar upplýsingar um leikskóla og grunnskóla eru einnig fáanlegar á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.¹⁶

Gögnin sem fyrir liggja ná yfir innritun og útskrift, starfslið skóla, stjórnun og fjármál. Hagstofa Íslands gefur Eurostat upplýsingar gegnum staðlaðar UOE töflur. Upplýsingar um afdrif þeirra sem fara úr skólum (sem hætta í námi og útskrifast) eru takmarkaðar og þeim er ekki haldið reglulega til haga. Hagstofa Íslands sér um vinnumarkaðsrannsóknir sem gefur upplýsingar um menntun vinnandi fólks, námsgreinar, prófgráður og starfsgreinar.

Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa tekið þátt í starfi OECD um upplýsingar á sviði menntamála síðan 1996. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur einnig tekið þátt í stýrihóp Evrópusambandsins um mælitæki og viðmiðanir til eftirlits með árangri í samræmi við Lissabon-markmiðin á sviði menntunar og þjálfunar. Hagstofa Íslands veitir upplýsingar um viðmið Lissabon-markmiðanna, svo og tölulegar upplýsingar um Ísland sem hafa komið fram í áfangaskýrslu ESB (Commission Staff Working Document, Progress toward the Lisbon Objectives in Education and Training).

C. Grunngerð

12. Viðmið um megindrætti innra skipulags : Heildarumfang: Við hvað er miðað við megindrætti innra skipulags í menntamálum (fólksfjölda, landfræðileg viðmið o.s.frv.)? Við hvað er miðað við megindrætti skipulags um menntun barna í minnihlutahópum?

Í 16. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum eru ákvæði um skipulag sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.

Við gerð svæðisskipulaga sem eru byggð á skipulagi sveitarfélaga þá þurfa sveitarfélögin að taka tillit til þarfa fyrir skóla og aðrar opinberar stofnanir með hliðsjón af fólksfjölda, samgöngum og umferð. Þetta á við öll skólastig.

Sveitarfélögin hafa umsjón með stofnun leikskóla og grunnskóla fyrir öll börn á skólaaldri þessara skóla. Meginsjónarmið er að allir nemendur hafi rétt á að sækja hefðbundinn skóla fyrir alla í grennd við heimili sitt. Í sveitum skulu sveitarfélögin skipuleggja skólaakstur í grunnskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur úrskurðað að skólaakstur skuli vera ókeypis. Samkvæmt lögum um skóla þá geta foreldrar valið milli skóla innan síns sveitarfélags. Stærstu skólarnir í bæjum hafa um 800 nemendur og minnstu skólarnir í sveitum færri en tíu.

¹⁵ www.statice.is

¹⁶ www.samband.is

Framhaldsskólar eru bæði í þéttbýli og dreifbýli um allt land og flestir nemendanna geta sótt skóla í nágrenni við sig. Á sumum svæðum er skólaakstur í boði og sumir skólar í sveitum hafa heimavistir. Stefnan er sú að allir nemendur eigi aðgang að skóla.

Börn með sérþarfir geta sótt almennan grunnskóla þar sem þörfum þeirra er sinnt. Ekki eru í landinu neindir tilgreindir minnihlutahópar með tilliti til tungumáls. Börn innflytjenda geta sótt tungumálanám og móttökunámskeið í eitt ár. Samkvæmt löggjöf um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þá skulu skólar fara eftir móttökuáætlun skólans eða sveitarfélagsins við móttöku nemenda sem eru að sækja skóla í fyrsta sinn, nemenda sem eru að skipta um skóla og nemenda sem eru að hefja nám á Íslandi. Móttökuáætlanir fyrir nemendur, sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, skulu taka tillit til bakgrunns nemandans, tungumálakunnáttu og færni í öðrum námsgreinum.

13. Viðmið um útvegum búnaðar: Hverjir taka ákvarðanir um kaup búnaðar fyrir skóla og háskóla og hvert er ferlið varðandi þetta? Nær búnaðurinn yfir: handbækur, bókasöfn, kennslubúnað fyrir kennara, tölvur og margmiðlunarúnað? Veitið upplýsingar um hverja gerð búnaðar og hvert skólastigi.

Í leikskólum og grunnskólum taka skólarnir sjálfir eða sveitarfélögin ákvarðanir um kaup á búnaði eftir því hvort þau eru innan fjárhagsramma skólans eða greidd af sveitarfélaginu. Þetta nær yfir allan nauðsynlegan búnað til að uppfylla fyrirmæli aðalnámskrár nema hvað varðar kennsluefni fyrir grunnskólann, sem ríkið ber ábyrgð á að útvega. Námsgagnastofnun, sem er undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þróar og gefur út kennsluefni og dreifir því án endurgjalds til nemenda á grunnskólastigi.

Á framhaldsskólastigi ber mennta- og menningarmálaráðuneytið ábyrgð á fjárveitingum til skóla og hver skóli tekur síðan ákvarðanir um kaup á búnaði innan síns fjárlagaramma og miðað við þarfir skólans. Hver skóli tekur sínar eigin ákvarðanir í þessu efni. Nemendur á framhaldsskólastigi greiða sjálfir fyrir námsbækur. Það sama gildir fyrir háskólastigið.

14. Veitið upplýsingar og gögn um notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í menntun og starfsþjálfun, ásamt fjölda nemenda á tölvu og aðstöðu til fjarmenntunar o.s.frv.

Í Stefnu íslenskra stjórnvalda um upplýsingaþjófélagið 2008-2012 segir svo um upplýsinga- og samskiptatækni í menntun: „Upplýsingatækni verði notuð í auknum mæli við nám og kennslu og fjölbreytni upplýsinga- og tæknimenntunar verði aukin. Aukið verði samstarf menntastofnana við atvinnulíf og hagsmunaaðila. Netborgarinn geti í vaxandi mæli stundað fjölbreytt nám þar sem honum hentar og þegar honum hentar”.¹⁷ Ennfremur er mælt svo fyrir um upplýsinga- og samskiptatækni í aðalnámskrá fyrir grunnskóla 2004: „Áhersla er lögð á að notkun upplýsingatækni sé sjálfsagt hjálpartæki í öllum námsgreinum. Í sérhverri námsgrein verður að nýta þau tækifæri sem upplýsingatæknin gefur til að ná markmiðum greinarinnar.”¹⁸

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskólann skal nám í upplýsinga og samskiptatækni vera 4 kennslustundir á viku í 1-4. bekk, 3 kennslustundir á viku í 5.-7. bekk og 1 kennslustund á viku í 8.-10. bekk. Í aðalnámskrá er sérstakur kafli um upplýsinga- og samskiptatækni. Þar er fjallað um ástæður þess að námsgreinin sé höfð sem hluti af

¹⁷ Ísland og upplýsingasamfélagið - stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingaþjófélagið 2008-2012

¹⁸ Aðalnámskrá fyrir grunnskóla/ almennur hluti, 2004.

grunnskólanámi svo og stöðu hennar og tilgangi. Gefin eru lokamarkmið námsins, farið yfir almennt hvaða þekkingar, skilnings og hæfni er krafist af nemendum við lok grunnskólanáms í greininni og tímabundin markmið á tilteknum stigum námsins. Nýjar aðferðir í kennslu UST hafa verið innleiddar á öllum námsstigum auk fjarmenntunar og sveigjanlegrar menntunar. Lögð er áhersla á útgáfu og dreifingu stafræna námsgagna í skólakerfinu.

Sumir háskólar bjóða upp á fjarnám í samvinnu við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem settar hafa verið á stofn á tíu stöðum á Íslandi. Utan höfuðborgarsvæðisins hafa miðstöðvarnar fjarmenntunaraðstöðu til ókeypis afnota fyrir nemendur á yfir 40 stöðum og hún er mikið notuð. Flestir framhaldsskólar hafa fjarmenntunarnámsskeið og námsstjórnunarkerfið LMS er notað.

Gögnum um UST í menntun og starfsþjálfun er ekki safnað kerfisbundið af mennta- og menningarmálaráðuneytið eða Hagstofu Íslands. Samkvæmt könnun sem SAFT á Íslandi gerði árið 2009 hafa meira en 99% grunnskóla og framhaldsskóla nettengingu.

Evrópskt viðmiðanaverkefni um UST í evrópskum skólum gaf út skýrslu um Ísland árið 2006 (Empirica, 2006).¹⁹ Samkvæmt könnuninni var heildarfjöldi tölva á hverja 100 nemendur 15,3 eða um 6,5 nemendur á hverja tölvu. Ýmsar vísbendingar úr mörgum könnunum gefa til kynna að fjöldi tölva í skólum hafi aukist síðan 2006 en nákvæmar tölur liggja ekki fyrir. Tölurnar í íslensku könnuninni eru byggðar á viðtölum við 177 skólastjóra og 424 kennara. Samkvæmt þessu eru um 90% grunnskóla með háhraðanetstengingu, sem setur Ísland í eitt af efstu sætunum í Evrópu hvað þetta varðar. Um 60-70% nota LAN eða staðarnet og um 35% telja að nauðsyn sé á bættri tækniþjónustu og viðhaldi. Tölvur eru í um helmingi skólabókasafna (47-61%). Um 36% kennara nota tölvur í minna en 10% kennslustunda og um 41% í meira en 50% kennslustunda. 87% kennara reiða sig á efni sem þegar er til á netinu (meira en flest önnur lönd), 56% nota geisladiska (færri en í flestum öðrum löndum) og leita ekki eins oft að nýju efni eins og gert er í öðrum löndum (69%).

Kennarar telja að stærsta hindrunin fyrir notkun tölva í skólastofunni sé skortur á tölvum (36%). Mjög fáir (3-4%) kennara telja að skortur á efni á netinu eða á íslensku sé hindrun í vegi fyrir notkun tölva og fáeinir (5-7%) álíta að skortur á færni kennara sé hindrun. Um 40% telja þó að gæði þess efnis sem til er á netinu séu léleg. En um helmingur kennara (tvöfalt fleiri en að meðaltali í Evrópu) eru þeirrar skoðunar að innihald námsgreinar sinnar henti ekki varðandi tölvunotkun. Það er athyglisvert að milli 70 og 90% telja að hægt sé að nota tölvur til æfinga og þjálfunar, til að nálgast upplýsingar á eigin spýtur, sem skrifstofuáhalld og í samstarfs- og skapandi verkefnum nemenda.

Skýrslan gefur til kynna að skortur á tölvubúnaði sé ekki vandamál. Vandinn liggja fremur í skorti á áhuga kennara en um 37% kennara (hæsta talan yfir Evrópu) sem þó hafa nauðsynlegan aðgang og grunnleikni í upplýsinga- og samskiptatækni eru ekki áhugasamir um notkun tölva í kennslustofunni (Empirica, 2006). Í heildina eru um 18% íslenskra kennara að fullu reiðubúnir til að nota tölvur í skólastofunni. Það er rétt að halda því til haga að ein túlkun á niðurstöðum þessum er að fleiri kennarar á Íslandi heldur en annars staðar hafa raunverulega unnið við upplýsinga- og samskiptatækni og hafa reynt frá fyrstu hendi bæði þær hindranir og hvatningu sem fylgja notkun UST.

¹⁹ Digital learning resources as systemic innovation, Empirica 2006

15. Útvegum húsnæðis fyrir nemendur/nema sem búa ekki í heimahúsum: Hvaða aðstaða er fyrir hendi? Hvaða þjónusta er í boði? Er þróun á þessu sviði fyrirhuguð? Ef svo af hvaða tagi?

Allir nemendur grunnskóla geta sótt skóla frá heimili sínu eða með skólabílum sem sveitarfélög útvega.

Framhaldsskólar í sveitum hafa heimavistir handa nemendum sínum sem ekki geta sótt skólann heiman frá sér. Mælt er fyrir um starfsemi heimavista í tengslum við framhaldsskóla í lögum. Skólarnir hafa reglulega umsjón með heimavistunum og nemendur hafa aðgang að hollu fæði í skólunum. Nemendur sem stunda starfsnám í Reykjavík hafa aðgang að heimavistum sem reknar eru af nemendafélögum. Nemendur í framhaldsskólum sem þurfa að yfirgefa lögheimili sitt til að fara til náms hafa rétt á dvalarstyrkjum til að standa straum af hluta kostnaðar sem af því hlýtur.

Nemendur í öllum háskólum hafa aðgang að stúdentabústöðum (takmarkað framboð í sumum tilvikum). Yfirleitt er húsnæði fyrir háskólanema rekið af nemendafélögum og þannig ekki tengt beint við opinber fjárframlög.

16. Er fyrir hendi sérstök aðstaða fyrir fatlaða nemendur í hefðbundnum skólum og starfsnámskólum?

Meginregla íslenska menntakerfisins byggir á því að allir hafi jafnan aðgang að menntun óháð kynferði, efnahag, búsetu, trúarbrögðum, menningarlegum eða félagslegum aðstæðum.

Árið 1992 voru samþykkt lög um fatlaða. Þeir sem áttu rétt á þjónustu í samræmi við þau lög eru þeir sem eru haldnir andlegri eða líkamlegri fötlun og þurfa sérstaka þjónustu og stuðning af þeim sökum.

Árið 2008 gengu í gildi ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Öll mæla þau fyrir um áherslu á ofangreint meginmarkmið. Reglugerðir sem mæla enn frekar fyrir um rétt nemenda biða staðfestingar mennta- og menningarmálaráðherra.

Í framhaldsskólum er aðallega um þátttöku í almennum skóla að ræða en nokkrir skólar fyrir fatlaða nemendur eru reknir á vegum sveitarfélaga. Í framhaldsskólum er full þátttaka þ.e.a.s. allir fatlaðir nemendur eiga rétt á að stunda nám á því skólastigi í fjögur ár og sumir taka þátt í sérstökum námsbrautum. Meginmarkmið sérstakra námsbrauta er að bjóða upp á menntun á einstaklingsgrundvelli, að efla sjálfstæði nemandans til að hann geti séð um sig sjálfur, tekið þátt í vinnumarkaðnum ef hann æskir þess og njóta þeirra lífsgæða sem fylgja virkri og einstaklingsbundinni þátttöku í samfélaginu. Sérstök námskrá er í gildi fyrir þessar námsbrautir.

Skv. 24. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 skal gert ráð fyrir því í aðalnámskrá og þess sérstaklega gætt við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Allar menntastofnanir skulu lúta ákvæðum um aðgengi fatlaðra sem sett eru fram í lögum um skipulag og byggingar nr. 73/1997 með síðari breytingum og Byggingareglugerð nr. 441/1998 með síðari breytingum.

D. Kennarar

17. Gerið grein fyrir kröfum um hæfi kennara og skólastjóra á öllum skólastigum.

Þær kröfur um hæfi sem lýst er í þessu svari vísa til kennaramenntunar eins og hún var skipulögð áður en ný lög um menntun og ráðningu kennara í grunnskólum og framhaldsskólum (nr. 87/2008) tóku gildi. Nýja löggjöfin mælir svo fyrir um að lágmarkskröfur til kennara á öllum skólastigum sé fimm ára meistaraþráða í stað þriggja ára bakkalársþráðu eins og var fyrir endurskoðunina. Þar sem fimm ára námsbrautin er enn í mótun þá er kerfið sem hér er lýst hin eldri þriggja ára námsbraut. Þess er vænst að nýju löggin gangi að fullu í gildi árið 2012.

Leikskólakennarar

Nám leikskólakennara er þriggja ára námsbraut (180 einingar) við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og útskrifast nemendur með B.Ed gráðu. Háskóli Íslands útskrifar einnig leikskólakennara í fjarnámi sem tekur fjögur ár. Námið er bæði bóklegt og verklegt.

Þriggja ára nám leikskólakennara við Háskóla Íslands er byggt upp af kennslu í félagsgreinum, íslensku, heilsufræði og vistfræði, listgreinum, tónlist og bókmenntum. Námsgreinar eru m.a. sálfræði, kennslufræði, félagsfræði, íslenska, saga menntunar, hegðunarsálfræði, heilsufræði, næringarfræði, vistfræði, fjölskyldulöggjöfin, barnabókmenntir, tónlist, leiklist, framsögn og raddbeiting, listgreinar, teikningar barna, leikbrúðugerð, fyrsta hjálp, þemavinna og starfsþjálfun. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að sameina fræðilega þekkingu og þjálfun í aðferðafræði í skólum. Starfsþjálfunin í skólum telst 14 einingar af heildarnáminu.

Kennaramenntunarsvið Háskólans á Akureyri býður upp á þriggja ára nám sem lýkur með B.Ed. gráðu fyrir þá nemendur sem hafa hug á að gerast leikskólakennarar. Á fyrsta ári eru flest námskeið sem nemendur taka þau sömu og hjá nemendum sem ætla að verða grunnskólakennarar. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Þó er lögð megináhersla á eftirfarandi: Starfsaðferðir, mikilvægi leiks í menntun og þroska barnsins, tengsl listgreina við önnur verkefni sem unnin eru í leikskólum, vettvangsferðir, menntun um umhverfi og náttúru, samþættingu hinna ýmsu verkefna sem unnin eru í leikskóla og fræðilega þekkingu nemandans. Hlutur starfsþjálfunar er metinn sem 28 ECTS²⁰ í náminu.

Starfsþjálfun kennaranema í leikskólum fer fram í leikskólum, dagvistunarstofnunum og öðrum skólafögnunum þar sem nemendurnir hafa umsjónarkennara.

Til að útskrifast sem kennari sem starfar með börnum með sérþarfir þá er nauðsynlegt að ljúka eins árs námsbraut eða tveggja ára námi sem lýkur með M.Ed. gráðu til viðbótar við B.Ed prófið.

Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi úr framhaldsskóla hafa rétt til að sækja um nám í kennaraskólum. Þar sem fjöldi nemenda er takmarkaður í kennaranámi í kennaraskólunum þá beita skólarnir vali við inntöku nemenda í námið. Viðmið við valið eru góðar einkunnir í bóknámsgreinum með áherslu á íslensku, viðbótarþjálfun, starfsreynsla, reynsla af því að vinna í félagslegri þjónustu og meðmæli. Inntökuskilyrðin eru ákveðin af hverri stofnun fyrir sig.

Almenn inntökuskilyrði í Háskóla Íslands eru stúdentspróf. Háskólinn tekur frá 10% af námsrýmum og úthlutar þeim til nemenda sem eru 25 ára eða eldri án stúdentsprófs en sem

²⁰ Íslenskar námseiningar sem oft eru nefndar ECTS eru jafngildar 25-30 vinnustundum nemandans

hafa nám eða starfsreynslu sem skólinn telur við hæfi og hentuga. Efri mörk fyrir íþróttakennaranámið eru til staðar og ekki eru teknir inn nemendur eldri en 26 ára. Einnig er þar lögð áhersla á reynslu umsækjenda af íþróttum (námsbrautir, námskeið eða þátttaka í íþróttum).

Háskólinn á Akureyri gerir kröfu um stúdentspróf eða sambærilega menntun fyrir inntöku í kennaradeild sína. Veita má undanþágur þeim nemendum sem hafa starfsreynslu þessu sviði og sem hafa fullnægjandi undirstöðumenntun.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir þeim vottorð um starfsréttindi, sem hafa uppfyllt hæfisskilyrði sem tilgreind eru í lögnum um verndun starfsheitis grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Grunnskólakennarar

Almenn námsbraut sem leiðir til B.Ed gráðu fyrir kennaranema sem hafa í huga að kenna við grunnskóla (neðri og efri bekkir skyldunáms) tekur þrjú ár (180 einingar). Þessi námsbraut er kennd við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Háskóli Íslands útskrifar einnig kennara gegnum námsbraut í fjarnámi sem tekur fjögur ár.

Kennarar sem fá menntun sína við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri fá sambærilega þjálfun. Skipulag og námskrár námsbrautanna er ákveðið af hvorum skóla fyrir sig.

Háskóli Íslands býður einnig upp á nám til kennararéttinda sem gefur þeim nemendum sem hafa B.A eða B.Sc. próf réttindi til að kenna á grunnskólastigi.

Íslenskir kennarar hafa menntun sem sérfræðingar að hluta til og eru hæfir til að kenna allar námsgreinar á grunnskólastigi. Kennarar sem fá menntun í framhaldsnámi í Háskóla Íslands eru sérfræðingar sem eru hæfir til að kenna sína sérgrein í grunnskóla og framhaldsskóla.

Almenn námsbraut sem leiðir til B.Ed gráðu fyrir kennaranema sem hafa í huga að kenna við grunnskóla (neðri og efri bekkir skyldunáms) tekur þrjú ár. Námsgreinum í kennaranámi í Háskóla Íslands er skipt í þrjá flokka: Uppeldisfræði, kennslufræði og valgreinar. Námskeið í uppeldisfræðum inniheldur aðallega námsgreinar á sviði menntunar, sögu og félagsfræði menntunar, heimspeki menntunar, sálfræði, kennslufræðilegum kenningum, námskrárfræði og gerð kennsluefnis, kennsluaðferðum og aðferðafræði. Upplýsinga- og samskiptatækni (UST) er skyldunámsgrein í kennaramenntun. Markmið námsbrautarinnar er að útvíkka einstaklingsbundna þekkingu kennaranemanna á UST og beina sjónum að sérstökum notkunarmöguleikum við kennslu. Rekstur og stjórnun er innifalin í ýmsum námskeiðum á margvíslegan hátt. Skyldugreinar eru skipulagsfærni, tímastjórnun og almannatengsl. Aðlögun barna með sérþarfir er innifalin í skyldunámskeiði sem er átta ECTS.

Á síðasta ári gera nemendur við ritgerð um uppeldisfræðilegt verkefni eða kennsluverkefni að eigin vali.

Námskeið í kennslufræðum leggur áherslu á mikilvægi þess að kynna nemendum eðli og inntak menntunar á öllum stigum grunnskólans. Sérstök áhersla er lögð á íslensku, stærðfræði, félags- og náttúrufræðigreinar, listir og handavinnu svo og umhverfisfræði og ólíkar starfsaðferðir sem eiga við á mismunandi stigum grunnskólans. Í námskrá fyrir almenna menntun kennara er markmiðið að tengja sérkennslu við alla meginþætti námsbrautarinnar. Nemendum gefast einnig nokkur tækifæri til að dýpka þekkingu sína á verkefnum sem heyra undir grunnskólamenntun gegnum einstaklingsbundin verkefni að eigin vali.

Starfsþjálfun er mikilvægur þáttur í kennslufræðinámskeiðinu og er þess gætt að tryggja að nemendur kynnist vel skólustarfi og kennslu á öllum stigum grunnskólans.

Þriðji meginþátturinn í almennu kennaranámi við Háskóla Íslands eru valgreinar sem eru íslenska, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, saga, heimilisfræði, íþróttir, trúarbragðafræði, landafræði, líffræði, myndlist, trésmíði, stærðfræði, textílgreinar og tónlist. Hver nemandi getur valið tvær greinar sem eru 25 ECTS hvor um sig.

Í B.Ed. náminu við Háskólann á Akureyri er sérstök áhersla lögð á að veita nemendum góða undirstöðuþekkingu í íslensku og/eða stærðfræði/náttúrufræði. Í öðru lagi er áhersla á langa og samhangandi dvöl í grunnskóla sem hluta af náminu og er því á fyrstu önn þriðja árs aðallega lögð áhersla á starfsþjálfun og vettvangsrannsóknir. Leitast er við að ná tengslum við sem fjölbreyttastar gerðir skóla til að gefa nemendum tækifæri á að öðlast sem víðtækasta reynslu. Í þriðja lagi er reynt að gefa nemendum kost á að leggja heimspekilegt mat á strauma og stefnur í uppeldisfræðilegum og menntunarfræðilegum rannsóknum. Á haustönn fyrsta árs skal ljúka tíu ECTS í íslensku og tíu ECTS í náttúrufræði eða stærðfræði. Þegar þessum einingum er lokið þá velja nemendur aðrar tíu ECTS í annað hvort íslensku eða náttúrufræðum og stærðfræði. Sérstök áhersla er lögð á starfsþjálfun kennaranemanna með því að bjóða upp á langar og samhangandi vettvangsrannsóknir og efla gagnrýna hugsun.

Nám í valgreinum hefst á öðru ári þegar nemendur geta valið úr eftirfarandi sviðum: nám og kennsla yngri barna, íslensk tunga og menning, náttúrufræði og stærðfræði og myndlist sem kennd er í samvinnu við námsbraut fyrir leikskólakennara. Að minnsta kosti tíu nemendur þarf til að velja hvert þessara námssviða til að tryggja kennslu í viðkomandi námsgreinum. Vegna fjölgunar valgreina hjá nemendum þá geta þeir valið námskeið í öðrum valgreinum námsbrautarinnar eða öðrum deildum Háskólans á Akureyri til að dýpka og útvíkka þekkingu sína.

Nemendur í almennu kennaranámi við Háskóla Íslands geta valið íþróttir sem valgrein. Helstu greinar á þeirri námsbraut eru líffærafræði, lífeðlisfræði, íþróttasálfræði, sérkennsla, íþróttþjálfun, hreyfifræði, aðferðafræði, íþróttasaga, næringarfræði, auk hagnýtra greina sem eru aðallega helstu gerðir íþróttanna sem eru kenndar við grunnskólann. Þetta nám veitir kennsluréttindi á grunnskólastigi. Námið fyrir íþróttakennara er m.a. sálfræði, menntunarfræði, kennsluæfingar, lífeðlisfræði og líffærafræði, hreyfifræði, heilsufræði, íþróttasaga, tónlist, hjálp í viðlögum, líkamsrækt, leikfimi, sund, boltaíþróttir, frjálsar íþróttir, dans og leikir, auk valgreina. Nemendur ljúka lokaritgerð á viðfangsefni sem tengist íþróttum og menntun.

Nemendur í almennu kennaranámi við Háskóla Íslands geta valið tónlist sem valgrein. Helstu námsgreinar þessarar námsbrautar eru fagleg hæfni (píanóleikur, raddþjálfun, söngur, tónheyrn, blokkflautuleikur), tónfræði, tónlistarsaga, tónlistarkennsla og kórstjórn.

Kennsluæfingum er háttað á mismunandi veg eftir stofnunum og ólíkum námsbrautum. Umsjónarkennarar með kennaranemum skulu skrifa formlegt mat á frammistöðu nemanna. Allir kennaraskólar leggja áherslu á kennsluæfingar og eftirfylgnikennslu sem mikilvægan þátt í námsbrautum sínum.

Í almennu kennaranámi við Háskóla Íslands eru kennsluæfingar alls 28 ECTS. Nemendur taka kennsluæfingar í eina til fjórar vikur á flestum önnum námsbrautarinnar eða alls 12 vikur af kennsluæfingum.

Í almennu kennaranámi við Háskólann á Akureyri fer mestur hluti kennsluæfinga fram á lokaári námsins. Nemendur fá alls 15 vikur af kennsluæfingum.

Til að útskrifast sem kennari sem starfar með börnum með sérþarfir er nauðsynlegt að ljúka eins árs námsbraut eða tveggja ára námi sem lýkur með M.Ed. gráðu til viðbótar við B.Ed prófið. Sérkennarar í tónlist hljóta menntun í Listaháskóla Íslands. Til að innritast í kennaranámið í Listaháskólanum er krafist stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar.

Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi úr framhaldsskóla hafa rétt til að sækja um nám í kennaraskólum. Þar sem fjöldi nemenda í kennaranámi í kennaradeildunum er takmarkaður þá beita skólarnir vali við inntöku nemenda í námið. Viðmið við valið eru góðar einkunnir í bóknámsgreinum með áherslu á íslensku, viðbótarþjálfun, starfsreynsla, reynsla af því að vinna í félagslegri þjónustu, svo og meðmæli. Inntökuskilyrðin eru ákveðin af hverri stofnun fyrir sig.

Almenn inntökuskilyrði í Háskóla Íslands eru stúdentspróf. Háskólinn tekur til hliðar 10% af rýmum og úthlutar þeim til nemenda sem eru 25 ára eða eldri án stúdentsprófs en sem hafa nám eða starfsreynslu sem skólinn telur við hæfi og hentuga. Efri mörk fyrir íþróttakennaranámið eru til staðar og ekki eru teknir inn nemendur eldri en 26 ára. Einnig er þar lögð áhersla á reynslu umsækjenda af íþróttum (námsbrautir, námskeið eða þátttaka í íþróttum).

Háskólinn á Akureyri gerir kröfu um stúdentspróf eða sambærilega menntun fyrir inntöku í kennaradeild sína. Veita má undanþágur þeim nemendum sem hafa starfsreynslu þessu sviði og sem hafa fullnægjandi undirstöðumenntun.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir þeim vottorð um starfsréttindi, sem hafa uppfyllt hæfisskilyrði sem tilgreind eru í lögnum um verndun starfsheitis grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Framhaldsskólakennarar

Til að fá réttindi sem framhaldsskólakennari er krafist 60 ECTS í uppeldis- og kennslufræðum auk B.A. eða B.Sc. að lágmarki (samhangandi námsbraut) eða lokaprófs í iðngrein. Tveir skólar bjóða upp á námsbrautir sem veita slík réttindi, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.

Námsbrautin er skipulögð með áherslu á almenn kennslufæði, kennslusálarfræði, kennslufræði einstakra námsgreina, félagsfræði menntunar, þróunarsálfræði svo og nám sem tengist framhaldsskólum, valgreinar og kennsluæfingar. Námið veitir réttindi til kennslu bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Undirbúningur kennaranema er þó aðallega miðaður við síðustu þrjú ár grunnskólans og framhaldsskólann.

Kennarar sem hljóta menntun við Háskóla Íslands eru sérfræðingar sem hafa fengið samhangandi þjálfun. Þeir hafa réttindi til að kenna námsgreinar sínar í grunnskólum og framhaldsskólum. Einn þriðji námsins sem veitir kennsluréttindi frá Háskóla Íslands felst í bekkjarkennslu, kennsluþjálfun og æfingum í 8-10 bekk grunnskólans og í framhaldsskóla. Kennsluæfingar vara í tíu vikur alls.

Þeir sem lokið hafa B.A. eða B.Sc. prófi í bóknámsgrein hafa rétt til að sækja um nám við Háskóla Íslands sem leiðir til kennsluréttinda.

Við Háskóla Íslands er sérstök námsbraut fyrir þá kennara sem ekki hafa kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Þetta á einkum við um kennara sem hafa prófskírteini í iðngreinum. Aðeins geta þeir sótt um nám í þessari námsbraut sem eru kennarar á þessu stigi og hafa starfsnám í ákveðinni námsgrein en hafa ekki formlegt hæfi í uppeldis- og kennslufræðum. Þetta nám er einnig í boði sem fjarnám.

Þetta er nám í hlutastarfi og tekur tvö ár. Námið er aðallega byggt á hópefli, hópsálarfræði, sögu menntunar, menntun í samfélaginu, aðferðafræði og tölfræði, kennslufræðilegum kenningum, kennslutækni, sálarfræði menntunar og þroskasálarfræði auk kennsluæfinga. Svipað nám er í boði hjá kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Háskóli Íslands býður upp á tveggja ára M.A. nám í kennslufræðum. Þetta er 60 eininga nám þar sem áherslan er á rannsóknir á sviði menntamála.

Til að útskrifast sem kennari sem starfar með börnum með sérþarfir þá er nauðsynlegt að ljúka eins árs námsbraut eða tveggja ára námi sem lýkur með M.Ed. gráðu til viðbótar við B.Ed prófið.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir þeim vottorð um starfsréttindi, sem hafa uppfyllt hæfisskilyrði sem tilgreind eru í lögnum um verndun starfsheitis grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Háskólakennarar

Flestir kennarar við háskóla sækja menntun sína til útlanda. Dósentar og prófessorar í háskólum eru með Ph.D gráðu, aðrir háskólakennarar þurfa yfirleitt að hafa M.A. gráðu eða sambærilega menntun í sinni grein.

Menntun skólastjórnenda

Skólastjóri ber ábyrgða á stjórnun, fjármálum og kennslu. Sömu hæfiskröfur eru gerðar til skólastjóra og til kennara á viðkomandi skólastigi. Ekki er gerð krafa um formlega menntun í stjórnun fyrir þessar stöður. Þó er talinn kostur ef umsækjandi hefur að baki nám eða reynslu á sviði stjórnunar.

Ekki er til staðar kerfi fyrir framgang í starfi fyrir kennara. Kennarar geta fengið framgang í starfi sínu með því að sækja um æðri stöður, svo sem deildarstjóra, aðstoðarskólastjóra eða skólastjóra.

Skólastjórar í leikskólum og grunnskólum eru ráðnir og skipaðir af sveitarfélögum á grundvelli opins ráðningarferlis (umsókna/viðtala). Valferlið er mismunandi eftir þeim reglum sem hvert sveitarfélag setur sér. Þeir hafa stöðu opinberra starfsmanna. Sömu kröfur eru gerðar til staðgengils skólastjóra/aðstoðarskólastjóra og ráðningarferlið er hið sama.

Framhaldsskólakennarar eiga þess kost að verða skólameistarar eða aðstoðarskólameistarar. Þeir geta einnig orðið áfangastjórar í einingakerfi eða deildarstjórar (umsjónarmenn með einstökum greinum eða námsbrautum) eða fagstjórar. Ráðning í þessar fyrsttöldu stöður eru samkvæmt opnu ráðningarferli. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipar skólameistara að fenginni umsögn skólanefndar. Ráðning aðstoðarskólameistara er á ábyrgð skólameistara og skólanefndar. Stöður áfangastjóra í einingakerfi, deildarstjóra (umsjónarmanna með einstökum greinum eða námsbrautum) eða fagstjóra eru auglýstar innan hvers skóla og ákvörðun taka skólameistari og skólanefnd.

Rektor opinbers háskóla er skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra að fenginni umsögn háskólaráðs. Í flestum háskólum er framgangskerfi fastráðinna starfsmanna en þetta getur verið mismunandi eftir stofnunum. Til dæmis getur lektor sem hefur kennt við háskóla sótt um stöðuhækkun í stöðu dósentis og síðan eftir vissan árafjölda getur hann farið fram á að umsóknin verði afgreidd. Dósent sem hefur gengt fullu starfi í ákveðinn tíma getur sótt um að fá stöðu prófessors. Nefnd má skipa til að meta hæfi og færni umsækjanda. Fulltrúar í deildarráði ákveða hvort mælt skuli með umsókn umsækjanda. Allir prófessorar eru kjörgengir til rektorsembættis.

18. Hverjar eru aðstæður til starfsþjálfunar og framhaldsmenntunar kennara?

Ekki liggur fyrir ein löggjöf um símenntun/endurmenntun kennara í starfi eða framhaldsmenntun þeirra. Allir starfandi kennarar og skólastjórar geta sótt um endurmenntunarnámskeið. Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á að veita kennurum aðgang að endurmenntun og frekari menntun.

HÍ og HA bjóða upp á endurmenntun og framhaldsmenntun fyrir leikskólakennara og grunnskólakennara. Sum námskeið eru haldin í samvinnu við kennarasamtökin eða fagfélög þeirra. Sveitarfélög hafa einnig skipulagt endurmenntunarnámskeið og önnur form menntunnar fyrir starfsfólk í skólum.

Á síðustu árum hafa verið haldin endurmenntunarnámskeið fyrir leikskólakennara og grunnskólakennara í kennslu fyrir yngstu börnin, kennslutækni, upplýsingatækni, netvæðingu, námsefnisgerð, prófagerð, námsmati, framsögn, leikrænni tjáningu og hlutverkaleik, sérkennslu, kennsluáðferðum á hinum ýmsu skólastigum, kynferði og menntun, aðlögun, menntun fyrir innflytjendur, teymiskennslu í litlum skólum, skólaþróunarverkefnum, vistfræði, vettvangsferðum í náttúrufræði, siðfræði, vettvangsferðum, lestri og læsi, dansi, mannréttindamálum, kostum og vali í námi, ráðgjöf og stuðningi við foreldra, stjórnun, hegðunarfræðum, tónlist, vistfræði og leikjum o.þh. Námskeiðin eru venjulega frá 12-30 kennslustundir að lengd.

Á námskeiðum fyrir kennara fer kennsla fram með fyrirlestrum, beinni leiðsögn, málstofum, einstaklingsverkefnum, hópvinnu, sýnikennslu og kennsluæfingum. Námskeiðin eru of tengd vandamálum sem nemendur þurfa að leysa þegar þeir snúa aftur í skóla sína.

Kennarar sem sækja stutt námskeið fá vottorð til staðfestingar á þátttöku sinni. Venjulega er krafist 80% mætingar. Þeir sem lokið hafa framhaldsnámi geta í sumum tilfellum fengið launahækkun og bætt stöðu sína hvað snertir stöðuhækkun í æðri stöður eða stjórnunarstöður eða fengið ráðningu hjá þjónustustofnunum sem tengjast skólakerfinu.

Endurmenntun kennara á grunnskólastigi hefur verið valkostur á Íslandi en í ráðningarsamningum kennara er þeim ætlað að verja 150 stundum á ári í endurmenntun, undirbúning og önnur verk utan við viðveru sína í skólanum.

Kennarar í grunnskólum hljóta framhaldsmenntun í Háskóla Íslands. Einnig er algengt að kennarar sækji frekara nám til útlanda, einkum til Norðurlanda, Bretlands og Bandaríkjanna.

Lög um framhaldsskóla kveða svo á að kennarar hafi rétt á orlofi á launum til að bæta menntun og starfshæfni sína og ábyrgist að fé sé fyrir hendi til endurmenntunar skólastjórnenda og kennara. Kennarar og skólastjórnendur framhaldsskóla sækja um orlof til eins árs til mennta- og menningarmálaráðuneytis, til að bæta þekkingu sína og hæfni. Kennarar þurfa að hafa verið ráðnir til starfa í að minnsta kosti fimm ár til að geta fengið orlof til að sækja starfstengt nám í ákveðinn tíma.

HÍ býður upp á endurmenntun fyrir framhaldsskólakennara í samráði við samtök kennara.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara sér um námskeið og hefur umsjón með fjármunum sem veittir eru til endurmenntunar kennara á þessu skólastigi. Nefndina skipa fulltrúar frá samtökum kennara í framhaldsskólum, mennta- og menningarmálaráðuneyti og HÍ. Nefndin starfar í náinni samvinnu við kennslustjóra endurmenntunar Háskóla Íslands og hefur samráð við ýmis félög kennara varðandi einstök námskeið.

Á síðustu árum hafa framhaldsskólakennurum staðið til boða fjórir aðalkostir um starfstengt nám: a) námskeið í einstökum námsgreinum, b) farandnámskeið. c) þjálfunarverkefni, d) vettvangsrannsóknir.

Á námskeiðum fyrir kennara þá fer kennsla fram með fyrirlestrum, beinni leiðsögn, umræðuhópum, einstaklingsverkefnum, hópvinnu, sýnikennslu og eftirfylgnikennslu (e. micro teaching). Námskeiðin eru of tengd vandamálum sem nemendur þurfa að leysa þegar þeir snúa aftur í skóla sína.

Í framhaldsmenntun er lögð áhersla á málstofur, einstaklingsbundin verkefni, þróunarverkefni og rannsóknir.

Kennarar sem sækja stutt námskeið fá vottorð til staðfestingar á þátttöku sinni. Venjulega er krafist 80% mætingar. Með þátttöku sinni fá kennarar stig sem geta hækkað þá í launum eftir vissum reglum.

Kennarar í háskólum sækja frekari starfsþjálfun sína venjulega til útlanda.

Lektorar, dósentar og prófessorar fá eins árs orlof á sex ára fresti eða sex mánaða orlof á þriggja ára fresti. Þeir fá einnig árlegan ferðastyrk til að ferðast til útlanda vegna rannsóknna eða frekara náms.

Innihald og uppbygging frekara náms fyrir kennara í háskólum er aðallega ákveðið af deildarráðum og deildarfundum viðkomandi deilda.

E. Námskrár

19. Valddreifing ákvarðana um námskrár: Hvaða stjórnvöld ákveða um námskrár á hverju skólastigi? Hvert er sjálfræði menntastofnana um kennslustundir sem ákveðnar eru í námskrá og innihald þessara kennslustunda?

1) Samkvæmt lögum ber ríkið bæði lagalega og pólitíska ábyrgð á skólakerfinu í landinu. Alþingi ákveður grunnmarkmið og stjórnskipunarramma menntakerfisins. Öll menntun á vegum hins opinbera heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sveitarfélögin bera ábyrgð á rekstri leikskóla og grunnskóla. Framhaldsskólar, fullorðinsfræðsla og háskólar eru í umsjón ríkisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd laga á öllum skólastigum frá leikskóla og skyldunámi til framhaldsskóla og æðri skólastiga auk símenntunar og fullorðinsfræðslu. Ráðuneytið er meðal annars ábyrgt fyrir gerð námskráa fyrir leikskóla, grunnskóla (skyldunám) og framhaldsskóla, gefur út reglugerðir og skipuleggur endurbætur á menntakerfinu. Aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, bæði bóknám, listnám og starfsnám, hafa það hlutverk að setja nauðsynleg skilgreind markmið til að framfylgja lögnum og bjóða upp á leiðbeiningar um hvernig þau skulu útfærð í reynd.

2) Aðalnámskrá fyrir leikskóla skal leggja áherslu á gildi leiks í öllu starfi leikskólans. Hún skal einnig fjalla um markmið leikskólanáms, samstarfs við foreldra, nýjungar og þróun, mat á starfi leikskólans og tengsl milli leikskólans og grunnskólans. Aðalnámskráin skal skilgreina námsmarkmið fyrir leikskólann, byggt á aldri og þroska barnanna. Þegar aðalnámskrá fyrir leikskóla hefur tekið gildi skal hún birt í Lögbirtingarblaðinu.

Hver leikskóli skal gefa út skólanámskrá og er hún á ábyrgð skólastjóra. Skólanámskráin er nákvæmari útgáfa af aðalnámskránni fyrir leikskóla og þar er tilgreind starfsáætlun leikskólans fyrir uppeldi og kennslu ásamt markmiðum og skilgreindum leiðum til að þeim markmiðum verði náð. Skólanámskráin skal taka tillit til sérkenna viðkomandi leikskóla og menntastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskráin og verkefnaáætlunin skulu hljóta staðfestingu nefndar sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla að fenginni umsögn foreldraráðs og kynningu fyrir foreldrum.

3) Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá fyrir grunnskóla sem skal endurskoðuð með reglulegu millibili. Þar skal t.d. tilgreint kennslufræðilegt hlutverk grunnskólans og almenn stefna um skipulag náms og kennslu í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2 gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Samkvæmt grunnskólalögum skal starfstími nemenda í grunnskóla á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólustjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Samkvæmt leiðbeiningum námskrárinnar skal vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla vera að lágmarki:

- 1200 mínútur í 1.–4. bekk
- 1400 mínútur í 5.–7. bekk
- 1480 mínútur í 8.–10. bekk

Skólustjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinu innan sama skólaárs.

Útgáfa aðalnámskrár fyrir leikskóla og grunnskóla er yfirgripsmikið verkefni þar sem koma að máli skólasamfélagið í víðum skilningi og hagsmunaaðilar svo sem Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli, Samband ísl. sveitarfélaga, svo og háskólarnir.

Samkvæmt grunnskólalögum skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun í hverjum grunnskóla. Skólustjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd þeirra og semur þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nákvæmari útfærsla á aðalnámskrá hvað varðar markmið, inntak og námsmat, starfshætti svo og úttektir og gæðaeftirlit með starfsemi innan skólans. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu og aðstæðum grunnskóla og skal endurskoða hana reglulega.

Lögin kveða einnig á um að starfsáætlun skóla skuli árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólustjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

4) Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög um framhaldsskóla taka til og ber ábyrgð á eftirfarandi:

- almennri stefnumótun í málefnum framhaldsskóla
- aðalnámskrá og staðfestingu á námskrám og námsbrautarlýsingum skóla

- eftirliti með stjórnýslu og skólastarfi,
- stuðningi við þróunarstarf í framhaldsskólum og þróun námsefnis,
- Söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um skólastarf.

Aðalnámskrár í einstökum námsbrautum og greinum í framhaldsskólum eru þróaðar í samstarfi við skólasamfélagið og hlutaðeigandi aðila svo sem Kennarasamband Íslands, samtök framhaldsskólanna, hagsmunaaðila og fulltrúa þeirra í ýmsum starfsgreinaráðum. Venjulega sjá starfandi kennarar í framhaldsskólum og háskólum um samningu námsgreinanámskránna. Eftir að endurskoðun hefur farið fram í ráðuneytinu er lokagerð námskránna birt á netinu í nokkurn tíma og hver sem þess óskar getur gert við þær athugasemdir og tillögur. Þegar afstaða hefur verið tekin til allra tillagna þá er námskráin samþykkt af ráðherra, gefin út af ráðuneytinu og birt í Lögbirtingarblaði.

Á grundvelli aðalnámskrár skal hver framhaldsskóli gefa út skólanámskrá sem skal hljóta samþykki skólanefndar eftir umsögn kennarafundar. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.

Flestir framhaldsskólar starfa eftir einingakerfi. Í einingakerfi er kennslumagni hvernar námsgreinar skipt í ákveðinn fjölda námskeiðseininga eða áfanga sem vara í eina önn og gefa ákveðinn fjölda námseininga. Samkvæmt hefð eru tvær kennslustundir á viku (2x40 mín.) að baki hvernar námseiningar. Kennslutíminn getur verið skemmri og meiri áhersla lögð á einstaklingsbundna vinnu nemenda ef sérlega fáir nemendur eru í námskeiðinu eða ef innihald námsins krefst þess.

Nám á bóknámsbrautum sem lýkur með stúdentsprófi inniheldur kjarnagreinar (70%) sérgreinar (22%) og valgreinar (8%). Hver námskeiðseining í kjarnagreinum og sérgreinum er skilgreind í aðalnámskrá. Á hinn bóginn er skólunum í sjálfsvald sett að bjóða eigin námskeið sem valgreinar. Næstum allt kennslumagn starfsmenntunarbrauta í framhaldsskólum er skyldunám, með fáum eða engum valgreinum. Þannig veita lögin, reglugerðir og aðalnámskrá, sem verða í gildi fram til 2011, ekki mikið svigrúm til sjálfræðis eða sveigjanleika fyrir einstaka skóla til að ákveða á eigin spýtur um magn og/eða innihald kennslutímans í einstökum námsgreinum eða námsbrautum.

Ný löggjöf um skóla fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla var samþykkt árið 2008. Samkvæmt nýju lögunum fyrir leikskóla og grunnskóla skal hvert sveitarfélag gefa út menntastefnu fyrir skóla innan sinna vébanda.

Tilgangurinn með hinni nýju löggjöf um framhaldsskóla er að auka sjálfræði framhaldsskólanna, að flytja ábyrgð á námsbrautalýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til einstakra skóla og draga úr kjarnagreinum í námsbrautunum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 skal þetta fyrirkomulag taka gildi fyrir 1. ágúst 2011.

20. Hvað er í kjarna/skyldunámsgreinum í grunnskóla og framhaldsskóla?

Helstu markmið uppeldis og kennslu í leikskólans eru:

- Að fylgjast með og líta eftir almennum þroska barna í nánu samstarfi við foreldra.
- Að veita kerfisbundna örvun í tungumálinu og auka almenna hæfni í íslensku.
- Að veita börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega umhyggju í samræmi við þarfir hvers einstaklings þannig að þau fái að njóta bernskunnar.
- Að efla víðsýni barna og styrkja siðfræðilegt mat .

- Að leggja nauðsynlegan grunn sem stuðlar að því að börnin verði sjálfstæðir, sjálfráða, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er hraðri og sífelldri þróun
- Að rækta tjáningu og sköpunargleði barna með það að markmiði að efla sjálfsmynd þeirra, mat á eigin heilsu, sjálfstraust og samskiptahæfni

Engar skyldunámsgreinar eru í aðalnámskrá fyrir leikskóla en nokkur kjarnasvæði eru skilgreind.

Samkvæmt grunnskólalögum skal í aðalnámskrá kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Í aðalnámskrá skal og kveða á um uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskólanum. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast en hver grunnskóli ákveður hvort sérstakar námsgreinar skuli kenndar sérstaklega eða á samræmdan hátt.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í eftirfarandi greinum: íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

Hin nýja löggjöf um framhaldsskóla gerir ráð fyrir afnámi miðstýringar námskráa að því marki að aðeins þær námsbrautir/námskeið sem leiða til stúdentsprófs skulu hafa formlegar kjarnagreinar. Námsbraut sem lýkur með stúdentsprófi skal hafa minnst 45 einingar sem skiptast á milli kjarnagreina í framhaldsskólanum þ.e.a.s. í íslensku, stærðfræði og ensku í samræmi við nánari ákvæði í almennu námskránni.

21. Er starfsmenntunarnám og háskólanám einingaskipt? Hvaða fyrirkomulag er á yfirfærslu eininga?

Áfangar

Menntun bæði í framhaldsskólum og háskólum er skilgreind sem áfangaskipt. Nemendur fá einingar þegar þeir hafa lokið áföngum eða námskeiðum.

Einingar

Háskólar eru skipulagðir í samræmi við Bologna-ferlið og þannig eru námsbrautir áfangaskiptar og eru hannaðar með tilliti til þess að uppfylla þau námsmarkmið sem vænst er af námsbrautunum. Hver áfangi eða námskeið hefur ákveðinn fjölda af einingum sem eru sambærilegar við ECTS ²¹ og eru með þriggja þrepa kerfi og lokaprófsáfanga.

Breytingar á *framhaldsskólanum* standa yfir, sbr. spurningu 26:5.

Í 1. mgr. 15. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er mælt svo fyrir um að skólar skuli nota einingakerfi sem skilgreint er út frá vinnu nemenda. Þar er enn fremur kveðið á um að hvert skólaár skuli skipulagt sem 60 einingar og hvert skólaár vari í 180 daga. Þetta gefur til kynna að á bak við hverja einingu í framhaldsskólum á Íslandi séu á bilinu 18 - 24 stundir af vinnu nemenda. Starfsmenntun og þjálfun á Íslandi er einnig hönnuð sem áfangar þar sem ákveðnir áfangar mynda námsbraut sem er miðuð við skilgreind námsmarkmið²².

²¹ Íslenskar námseiningar sem oft eru nefndar ECTS og jafngilda 25-30 vinnustundum nemandans

²² Fyrirkomulag starfsmenntunar er í þróun í samræmi við ný lög um framhaldsskóla nr. 91/2008, þau munu verða komin í framkvæmd að fullu árið 2012

Samkvæmt námskránni frá 2004,²³ er mennta- og menningarmálaráðuneyti skylt að gefa út vottorð til þeirra sem ljúka starfsmenntunarnámi og sem tengir það við Europass kerfið.

Yfirfærsla eininga

Hægt er að færa einingar á milli skóla á sama skólastigi, þ.e.a.s. milli framhaldsskóla og á sama hátt milli háskóla. Það er undir viðtökuskólanum komið að meta hvort áunnar einingar séu í samræmi við námsbrautina sem nemandinn flyst á og eru innan viðmiða um staðla um hæfi.

Hvað varðar yfirfærslu milli landa þá gegnir, ENIC–NARIC skrifstofan ²⁴ mikilvægu hlutverki við mat á einingum sem nemendur æskja að flytja á milli stofnana.

22. Kennsla í opinberum tungumálum Evrópusambandið: Lýsið kennslunni sem í boði er á hinum ýmsu skólastigum. Tilgreinið töluleg gögn um fjölda ungmenna eða barna sem stunda nám í hinum ýmsu tungumálum.

Enska er fyrsta erlenda tungumálið í grunnskólanum. Enska er námsgrein frá 11 ára aldri og danska (norska, eða sænska) frá tólf ára aldri. Grunnskólanum lýkur við 16 ára aldur. Um 4.000 nemendur eru innritaðir í hvern árgang í grunnskólanum.

Þýska, franska eða spænska eru valgreinar auk hinna tveggja áður nefndu tungumála og koma inn í námsefnið í framhaldsskólanum, við 16 ára aldur og hver nemandi þarf að velja eitt nýtt tungumál. Þannig eru þrjú erlend tungumál skyldugreinar í að minnsta kosti tvö ár í framhaldsskóla, fjögur tungumál eru skylda á málabrautum framhaldsskólanna. Önnur tungumál sem boðið er upp á í framhaldsskóla eru t.d. pólska, rússneska og ítalska.

Flestir nemendur í framhaldsskóla leggja stund á þrjú tungumál í tvö eða þrjú ár en þó stunda margir nemendur nám í fleiri tungumálum að eigin vali. Haustið 2008 voru 29.271 nemendur innritaðir í framhaldsskóla á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 25.090 í námi erlendra tungumála sem skiptust sem hér segir: Enska, 15.154, danska 8.936, þýska 4.536, spænska 3.666 og franska 2.554. Færri nemendur stunduðu nám í öðrum tungumálum.

F. Aðlögun að breytingum

23. Skilgreining námsþörfum og viðbrögð skóla og starfsmenntunarstofnana.

Færni og hæfni eru skilgreind í almennri námskrá sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðuneytið sér um skilgreiningu á námsþörfum og viðeigandi menntun og þjálfun. Þetta er framkvæmt með samvinnu við starfsgreinaráð sem skipuð eru af ráðuneytinu að fengnum tilnefningum frá aðilum vinnumarkaðarins. Alls eru tólf starfsgreinaráð sem ætlað er að ná til allra helstu starfsgreina. Þetta eru ráðgefandi nefndir, sem eru formlega ábyrgar fyrir að gera spár um þörf á færni og hæfni og nauðsynlega menntun og þjálfun í hverri starfsgrein. Ráðin gera tillögur til ráðuneytisins um skipulag viðeigandi starfsmenntunar í aðalnámskrá og hvaða hæfni nemendur skulu ná fullu valdi á. Nánara skipulag og framkvæmd á nýjum námsbrautum eru í höndum framhaldsskólanna í samræmi við samkomulag milli skólanna og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Fé vegna kostnaður við hið nýja námsbrautakerfi skal greitt af ríkissjóði af fjárveitingum til skólans.

²³ <http://bella.mrn.stjr.is/>

²⁴ Skrifstofa kennsluviðs Háskóla Íslands, Suðurgötu, 101 Reykjavík, Íslandi. <http://www.naric-enic.hi.is/>

Greining á nýrri leikni og hæfni leiða ekki alltaf til þess að þróuð sé ný námsbraut í hinu formlega skólakerfi heldur koma einnig til ráðstafanir sem gerðar eru í starfsþjálfunarkerfi á vegum annarra aðila.

Í samræmi við þjónustusamning milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem sett var á stofn af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum Atvinnuveganna, er eitt af helstu markmiðum miðstöðvarinnar að gera þarfagreiningar á sviði menntunar fyrir fyrirtæki, starfsgreinar og einstaklinga í framangreindum samtökum og sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi. Á grundvelli þarfagreininganna eru gerðar áfangalýsingar í námskrám og samningar gerðir við menntastofnanir svo sem símenntunarmiðstöðvar um að koma til móts við viðkomandi menntunarkröfur.

Þörfin á nýrri færni og hæfni fyrir menntaða starfsmenn er aðallega skilgreind af aðilum vinnumarkaðarins. Í löggiltum starfs- og iðngreinum, til dæmis, hafa aðilar vinnumarkaðarins í samvinnu byggt upp menntunar- og þjónustumiðstöðvar fyrir símenntun félaga sinna. Ein sú stærsta þeirra er fræðslusetrið IÐAN, sem styrkir einstaklinga til að auka við starfsmenntun sína auk þess að aðstoða fyrirtæki við greiningu á þörfum og veita starfsfólki aðstoð við að afla sér nýrrar hæfni og þróa þá hæfni sem er til staðar enn frekar. Þetta er gert með hefðbundinni kennslu, starfsþjálfun eða með einstaklingsbundinni þjálfun og leiðsögn.

24. Aðlögun menntunar og þjálfunar að kröfum þekkingarsamfélagsins.

Stjórnvöld gera sér ágætlega grein fyrir að alheimsvæðing og tækniþróun gera símenntun og þjálfun mjög mikilvæga þætti. Þessi símenntun og þjálfun nær bestum árangri er fólk á vinnumarkaðnum hefur fengið trausta undirstöðumenntun.

Með samvinnu skrifstofu stjórnsýsluþróunar í forsætisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur verið þróuð menntastefna sem tengist nýjustu þróun í upplýsingatækni. Nýrri áherslu hefur verið bætt við almennar námskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Upplýsingatækni er ný námsgrein í grunnskólum og framhaldsskólum. Nýjar aðferðir í kennslu hennar hafa verið innleiddar á öllum námsstigum auk fjarnáms og sveigjanlegrar menntunar. Lögð er áhersla á útgáfu og dreifingu stafræna námsgagna í skólakerfinu.

Almennt hefur opinber menntastefna síðustu 10-15 ára miðast við að gefa út yfirlýsingar um notkun UST og þekkingarsamfélagið og að vissu marki eftirlátið markaðnum að koma þessum verkefnum í framkvæmd.

25. Efling frumkvæðis og frumkvöðlastarfs sem hluta af undirstöðufærni ungs fólks á mismunandi skólastigum.

Lagaleg staða frumkvöðlastarfsemi og frumkvæðis

Lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla voru samþykkt árið 2008.²⁵ Lögin eiga að koma til framkvæmda að fullu fyrir 2011.

Lög þessi vísa til kosta frumkvöðlastarfsemi og frumkvæðis sem undirstöðupáttar í lykilhæfni, sem skólarnir ættu að leitast við að efla hjá nemendum sínum.

Aðalnámskrá

²⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla, nr. 91/2008, lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Núverandi aðalnámskrá vísar til frumkvöðlastarfsemi í grunnskóla, í námsgrein sem nefnist nýsköpun og þekkingarnotkun.

Framkvæmd hinna nýju laga í formi endurskoðaðrar námskrár er hafin og áætlað er að henni ljúki sumarið 2010. Ekki er áætlað að breytingarnar komi að fullu til framkvæmda fyrr en 2011-2012.

Fyrstu drög að aðalnámskrá fyrir framhaldsskólann hafa verið birt og eru nú á umræðustigi hjá hagsmunaaðilum. Þessi drög innihalda áherslu á lykilmæni sem eru sambærileg við lykilmæniþætti ESB.²⁶

26. Aðlögun menntunar og þjálfunar að breytingum í iðnaði og tækni.

Sjá einnig spurningar 26:23 og 25.

27. Yfirfærsla nýjunga og góðra aðferða við þjálfun til hefðbundinnar menntunar og starfsmenntunar

Helsta leiðin til að innleiða nýjungar og góðar aðferðir í hefðbundið menntakerfi er endurmenntun starfandi kennara og grunnmenntun kennara.

Endurmenntun kennara hefur verið með ýmsum hætti á mismunandi skólastigum og hvert um sig hefur verið með sitt eigið starfsmenntunarkerfi.

Í mars 2009 setti mennta- og menningarmálaráðherra á stofn vinnuhóp til að koma fram með tillögur um breytingar á núverandi endurmenntunarkerfum og skipulagi menntunar fyrir starfandi kennara í ljósi nýrra laga um kennaramenntun nr. 93/2008. Vinnuhópurinn mun skila niðurstöðum sínum árið 2009. Þar er lagt til að sett verði upp heildarkerfi fyrir endur- og símenntun kennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Grunnmenntun kennara fer fram í þremur skólum og er í samræmi við lög um háskóla nr. 63/2006. Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjóra í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum (nr. 87/2008) eiga að koma til framkvæmda árið 2012. Helstu breytingar frá eldri lögum um kennaramenntun er að nú er krafist fimm ára menntunar til að gerast kennarar á öllum skólastigum, frá leikskóla til framhaldsskóla.

Sprotasjóður, sem er sjóður til að efla nýjungar og þróun á sviði menntunar, veitir styrki til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Sjóðnum er stýrt af mennta- og menningarmálaráðuneyti í samráði við samtök kennara, sveitarfélaga og háskóla.

Sams konar sjóðir sem styrkja nýjungar og þróun í menntakerfinu og miðlun góðra starfshátta eru á vegum kennarasamtakanna og einstakra sveitarfélaga.

28. Meginreglan um ævinám og beiting hennar við stefnumótun, kerfi og stofnanir á sviði menntunar og starfsmenntunar.

Til útskýringar er rétt að taka það fram í upphafi að við lýði er eitt heildar menntakerfi þar sem almenn menntun og starfsmenntun njóta jafnræðis þannig að svarið við spurningunni á í meginatriðum jafnt við um bóknám og starfsmenntun.

²⁶ Lykilmæni. Hugtak í þróun í almennum grunnskólanámi. (2002). Brussel, Belgíu: Eurodice European Unit (Nov 2004). Implementation of „Education and Training 2010“ Work Programme. Directorate_General for Education and Culture, Key competences for Life Long Learning, Brussel, European Commission

Líkt og í flestum Evrópuríkjum hefur Ísland unnið að endurskoðun menntakerfisins á síðustu árum og ákveðið var að miða að ævinám (nám alla ævi, e. Lifelong learning) sem heildarstefnu landsins. Þessi stefna er í samræmi við ævinámsstefnu sem Evrópuríki fara eftir og mynda þannig evrópskt menntunarsvæði þar sem hvert menntakerfi heldur sínum sérstöku einkennum en nemendum veitist auðvelt að fá menntun sína metna milli landa.

Allt frá árinu 2002 hefur Ísland tekið þátt í verkefni á vegum ESB: “Menntun og þjálfun 2010“ (e. Education and Training 2010). Á þeim tíma var greinileg þörf á að endurskoða íslenska menntakerfið til að tryggja að menntun myndi halda í við þróun í tækni og í hagkerfinu og að hver einstaklingur gæti betur nýtt sér hæfileika sína og haft aðgang að námi alla ævi. Virk þátttaka í endurskoðuninni hófst 2004. Við gerðum okkur grein fyrir að við gætum nýtt okkur vinnu innan “Menntun og þjálfun 2010” til að bæta við evrópsku sjónarmiði við eigin ákvarðanir. Þetta var mjög mikilvægt með tilliti til hreyfanleika nemenda og mats á hæfniskröfum. Á hinn bóginn þá gátum við lagt okkar að mörkum gegnum vinnu okkar í klösum og jafningjafræðslu (e. Clusters and Peer Learning activities).

Ný löggjöf sem rennir stoðum undir ævinámsstefnu er nú í gildi fyrir öll skólastig frá háskóla til leikskóla ásamt kennaramenntun, og frumvarp mun verða lagt fyrir Alþingi á næstunni um framhaldsmenntun (fullorðinsfræðslu). Hin endurskoðaða menntastefna hefur á margan hátt sömu áherslur og koma fram í samvinnu 32 ríkja innan “Menntun og þjálfun 2010”. Stefnan er nú í framkvæmd gegnum breytingar á námskrám og reglugerðir eru grundvallaðar á valddreifingu, lykilfærni, námsmarkmiðum, NQF (viðmiðunarrámi um menntun og prófgráður) aðlagður að EQF, (evrópskum viðmiðunarramma fyrir ævinám) og gæðastjórnun. Löggjöfin kveður einnig á um bætt gæði kennaramenntunar, betri tengsl milli menntunar og aðila vinnumarkaðarins og vottun formlausrar og óformlegrar menntunar. Áhersla er lögð á samvinnu milli menntunar og rannsókna, frumkvöðlastarf, nýjungar og lýðræði, bæði innan kerfisins í heild svo og innan hvers skóla og háskóla.

Þátttaka Íslands í “Menntun og þjálfun 2010” varð virkari eftir endurskoðun um miðbik verkefnisins á grundvelli niðurstaðna af ráðherrafundi ESB árið 2005 þar sem ráðherrarnir urðu sammála um að aðildarríki ESB skuli hafa mótað tillögur um nám alla ævi eigi síðar en 2006. EES/EFTA ríkin voru að sjálfsögðu ekki tekin með í þessu samkomulagi en þar sem við vorum í miðjum klíðum að endurskoða okkar eigið menntakerfi þá þótti okkur starfið innan “Menntun og þjálfun” ákaflega nýtsamlegt.

Fyrsta frumvarpið, sem varð að lögum, var um háskóla árið 2006. Löggjöfin er að hluta til byggð á Bologna-ferlinu og vinnu klasa við endurnýjun háskólamenntunar og þar er lögð megin áhersla á sjálfstæði stofnana, viðurkenningu, gæðaeftirlit, skilvirkni, sveigjanleika og mikil gæði. Einnig er verið að fella inn námsmarkmið og NQF, aðlagður að EQF, er þegar til staðar. Allir háskólar hafa hlotið viðurkenningu ráðuneytisins á grundvelli mats utanaðkomandi sérfræðinga frá erlendum stofnunum.

Vinna var þegar hafin árið 2006 við endurskoðun laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (aldurshópin 6 - 16 ára) og framhaldsskóla (sama frumvarp fyrir almennan skóla og starfsmenntaskóla) svo og um kennaramenntun til að undirbúa kennara fyrir störf í hinu nýja starfsumhverfi. Sú löggjöf náði allra kennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum (bóknáms og starfsmenntaskólum), svo og í listaskólum og sérskólum. Öll frumvörpin voru samþykkt á Alþingi árið 2008.

Nýju lögin mæla svo fyrir um að lágmarkskröfur til kennara á öllum skólastignum sé fimm ára meistaraþráða í stað þriggja ára bakkalársgráðu eins og var fyrir endurskoðunina. Árin tvö sem bætast við það nám sem krafist er gefur betri tækifæri til að innleiða ný svið í námsbrautirnar t.d. raunhæfnimiðað nám, skólaþróun, námsmatstækni og skólastjórnun. Ísland tók virkan þátt í starfi klasahóps um kennara og þjálfara og undirklasahóps um

starfsmenntakennara og reyndist það notadrjúgt við endurskipulagningu kennaramenntunar fyrir kennara í landinu. Verið er að koma þessari löggjöf til framkvæmda.

Lögin um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru einnig komin til framkvæmda. Með áherslan í endurskoðaðri stefnu á grundvelli náms alla ævi er að gera öll skólastig samfelld þannig að leiðir nemenda gegnum skólakerfið séu gerðar eins gegnsæjar og beinar og unnt er og sveigjanleiki er alltaf í fyrirrúmi. Til að auka sveigjanleika og auðvelda aðgengi þá er þegar hafið starf við að þróa aðferðir til að meta raunverulega færni nemenda, þ.e.a.s. að meta stöðu einstaklinganna í námi á grundvelli þeirrar þekkingar og færni sem þeir hafa aflað sér, án tillits til hvort það sé gegnum formlegt eða formlaust nám, starfsreynslu eða þátttöku í félagsstörfum. Verkinu miðar vel og nemendur sem hafa í hyggju að innritast í framhaldsskóla eða háskóla geta nú fengið metna raunverulega færni sína til að auðvelda aðgengi á viðeigandi skólastigi.

Enda þótt einungis séu ein heildarlög um framhaldsskóla þá gera breytingarnar sem felast í þeim starfsnám meira aðlaðandi fyrir nemendur. Ákvæði eru um endurbætur á kerfinu til að auka sveigjanleika við samræmingu bóknáms- og starfsnámsbrauta. Samkvæmt nýju lögum þá er starfsnám og bóknám jafngilt við skipulagningu námsbrauta. Þetta gefur nemendum kost á að sameina bóknám og starfsnám og þeir sem velja starfsmenntunarbrautir eiga auðveldara með aðgang að háskólanámi en áður. Nemendur brjóta ekki neinar brýr að baki sér með því að velja starfsmenntunarbrautir og í kerfinu eru engar blindgötur.

Við endurskoðun menntakerfisins vann mennta- og menningarmálaráðuneyti í náinni samvinnu við hagsmunaaðila. Á undirbúningsstigi kom ráðuneytið á fót leiðum til samræmingar og samráðs. Nefndir voru skipaðar með fulltrúum frá hagsmunaaðilum, t.d. kennurum, aðilum vinnumarkaðarins, sveitarfélögum, menntastofnunum, foreldrum og nemendum. Fulltrúarnir í nefndunum veittu upplýsingar um framgang verksins til þeirra hagsmunaaðila, sem þeir voru fulltrúar fyrir og miðluðu viðbrögðum til viðkomandi nefndar. Nefndirnar héldu einnig stærri fundi og ráðstefna, sem styrkt var af ESB (DG EAC), var haldin í Reykjavík 26. október 2006 og nefndist: „Menntun og þjálfun 2010 - Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi.” Þetta þjónaði þeim tilgangi að útvíkka umræðuna um ævinám þegar á undirbúningsstigi.

Þar sem gerð frumvarpanna um hina nýju löggjöf fór fram á grundvelli þessarar víðtæku samvinnu er litið svo á að almennt samkomulag sé um ævinámsstefnuna (nám alla ævi) sem verið er að koma í framkvæmd og þetta ferli mun einnig taka tillit til álits fjölbreytts hóps af hagsmunaaðilum. Námskrárþróun verður valddreifð og við það opnast möguleikinn á að fulltrúar vinnumarkaðarins séu í beinni samvinnu við skólana við mótnun nýrra námsbrauta þar sem tillit verður tekið til þarfa vinnumarkaðarins. Vonast er til að starfsmenntun muni einkum njóta góðs af þessari nánun samvinnu milli skólanna og vinnumarkaðarins.

29. Aðlögun starfsmenntunar að almennri menntun og leiðir milli almennra námsbrauta og starfsmenntunarbrauta.

Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 (bóknám og starfsmenntun) er hluti af heildarstefnu Íslands um ævinám. Ákvæði eru um endurbætur á kerfinu til að auka sveigjanleika við samræmingu bóknáms- og starfsnámsbrauta. Samkvæmt nýju lögum er starfsnám og bóknám jafngilt við skipulagningu námsbrauta. Þetta gefur nemendum tækifæri til að sameina bóknám og starfsnám. Nemendur brjóta ekki neinar brýr að baki sér með því að velja starfsnámsbrautir og í kerfinu eru engar blindgötur.

G. Æskulýðsmál

30. Hver er stefnan, ef einhver er, í einu eða fleirum af eftirfarandi sviðum er varða ungt fólks: atvinnumál, óformleg menntun, frumkvöðlastarf og skapandi vinna, þátttaka (lýðræðisþátttaka), heilsurækt / íþróttastarf, félagsleg aðlögun, sjálfboðavinna? Veitið nánari upplýsingar um þessi atriði.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur umsjón með aðkomu hins opinbera að skipulögðu tólmstundastarfi ungs fólks. Árið 2007 voru samþykkt á Alþingi ný æskulýðslög nr. 70/2007 þar sem lagður var grundvöllur að stuðningi við æskulýðsstarf í almennum skilningi. Ráðuneytið styður æskulýðssamtök á margvíslegan hátt. Æskulýðssjóður starfar skv. ákvæðum æskulýðslaga en reglugerð nr. 60/2008 styður ýmis verkefni ungmennasamtaka. Þessi sjóður hefur reynst vera mikilvægur fyrir starfsemi æskulýðssamtaka. Í æskulýðslögum er einnig lögð áhersla á rannsóknir á sviði æskulýðsmála og á vegum ráðuneytisins hafa slíkar rannsóknir farið fram síðan 1992. Ráðuneytið hefur gert samning við Rannsóknir og greiningu og Háskólann í Reykjavík um þessa starfsemi. Niðurstöður rannsókna hafa verið mikilvægur þáttur í að stuðla að stefnumörkun á sviði æskulýðsmála hjá stjórnvöldum og sveitarfélögum.

a) Aðgerðir til að þróa gæði óformlegrar menntunar.

Með samræmdu raunfærnimati hafa íslensk stjórnvöld leitast við að auka gæði óformlegrar menntunar. Þessu er m.a. gert með því að fela einni stofnun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ábyrgð á að þróa leiðir og aðferðir í þessu efni. Fræðslumiðstöðin hefur gefið út handbók um raunfærnimat sem er byggð á evrópskum viðmiðum um raunfærnimat frá 2004. Miðstöðin hefur auk þess haldið námskeið fyrir starfsfólk sem fæst við matið og hefur hannað víðtæka, skyldubundna aðferð um það. Fræðslumiðstöðin hefur einnig þróað sérstakar námskrár fyrir formlausa menntun sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi fara eftir og þær eru einnig háðar gæðastöðlum sem Fræðslumiðstöðin hefur þróað og eru grundvöllur fyrir greiðslufyrirkomulagi við þessar miðstöðvar.

Námskeið sem í boði eru hjá símenntunarmiðstöðvunum hafa verið metin og vottuð af mennta- og menningarmálaráðuneyti til þess að auðveldara sé að aðlaga það nám að frekara námi í framhaldsskólum og virki með þeim hætti sem örvun og hvatning til frekara náms.

b) Hvernig er dreifstýringu háttáð um atvinnumál ungs fólks á heimaslóð - því stigi sem næst stendur ungu fólki - og hvaða áætlanir eru fyrir framtíðina? Sjá einnig spurningar 6 til 8 hér að framan.

Á Íslandi er löng hefð fyrir mikilli þátttöku á vinnumarkaði, bæði kvenna og karla og einnig ungs fólks. Unglingar og ungt fólk stunda iðulega vinnu í sumar- og jólaaleyfi og stór hluti þeirra vinnur í hlutastarfi á veturna. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 79% ungs fólks á aldrinum 16-24 ára virk á vinnumarkaði árið 2006; 77,4% karlar og 81,4% konur og 80,1% á þessum aldri árið 2007; 80% karlar og 80,1% konur.

Vinnumálastofnun hefur umsjón með aðgerðum á vinnumarkaði. Þær taka tillit til samsetningar þess hóps sem æskir þjónustu stofnunarinnar og einnig er litið til stöðunnar á vinnumarkaðnum innanlands.

Þrátt fyrir mikla þátttöku ungs fólks á vinnumarkaðnum var skráð atvinnuleysi meðal ungmenna á aldrinum 16-24 ára 21% árið 2005, 18% árið 2006 og 17% árið 2007. Þess vegna

ákvað Vinnumálastofnun þegar í upphafi ársins 2004 að ungt fólk á atvinnuleysissskrá og atvinnulausir til langs tíma skyldu vera forgangshópar í aðgerðum svæðisvinnumiðlana í landinu. Svæðisvinnumiðlanirnar hafa þar af leiðandi haft það sem forgangsverkefni að aðstoða ungt fólk í leit að atvinnu. Ungt fólk sem var skráð atvinnulaust var hvatt til að snúa aftur til náms og einnig að leita sér að atvinnutækifærum. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi samskipta milli atvinnulausra og vinnumiðlananna. Þær hafa leitast við að fá ungt fólk til þátttöku í ríkari mæli í aðgerðum á vinnumarkaði sem þegar eru yfirstandandi. Áherslan er á vinnutengdar lausnir sem fela í sér starfsþjálfun og tímabundna ráðningu. Í þessu sambandi þá hefur einn mikilvægur þáttur verið samvinna við opinbera aðila, svo sem sveitarfélög, og einkafyrirtæki um allt land til að tryggja nægilegt framboð á tímabundnum atvinnutækifærum sem gætu leitt til frekari ráðninga þegar verkefninu lýkur.

Vinnumálastofnun er í samvinnu við sveitarfélögin um lausnir sem taka mið af ungu fólki á vinnumarkaðnum. *Fjölsmiðjan* er verkefni sem er dæmi um samstarf fjölda aðila ásamt Vinnumálastofnun og sveitarfélögunum þar sem markmiðið er að veita ungu fólki tækifæri til að fá þjálfun á hinum opna vinnumarkaði eða í framhaldsnámi.

Annað dæmi er sú samvinna sem komið var á milli ýmissa aðila á sviði atvinnumála og menntunar á Suðurnesjum árið 2004 með fulltrúum sveitarfélaga á svæðinu, skóla og svæðisvinnumiðlunar. Sérstakur vinnuhópur var myndaður sem vann að því að móta aðgerðir til að aðstoða ungt fólk í atvinnuleit á svæðinu. Áhersla var lögð á menntun og þjálfun í samvinnu við Fjölbrotaskóla Suðurnesja .

Reykjavíkurborg hefur veg og vanda af því að reka *Hitt húsið* sem er upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Það er í umsjá Æskulýðs- og íþróttaráðs Reykjavíkur. Helstu markmið *Hins hússins* eru:

- að veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.
- að endurspegla menningu ungs fólks.
- að veita upplýsingar og leiðbeina ungu fólki, í samstarfi við aðra fagaðila og samtök.
- að aðstoða ungt fólk (17-24 ára) í atvinnuleit.
- að vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk.

Auk þessa starfrækja flest sveitarfélög vinnuskóla ungs fólks þar sem leitast er við að skapa sem flest störf/stöður fyrir ungt fólk á aldrinum 14-16 ára eins og þörf er á yfir sumarleyfismánuði grunnskólans. Öll þau sveitarfélög sem reka vinnuskóla hafa það að sameiginlegu markmiði að ráða eins marga umsækjendur til starfa og hægt er innan viðkomandi sveitarfélags.

Sérstök áhersla hefur verið á starfsmenntun og símenntun fyrir ungt fólk sem hefur hætt í skóla án lokaprófs.

Símenntunarmiðstöðvar.

Níu símenntunarmiðstöðvar hafa verið settar á stofn í ýmsum landshlutum. Þetta eru sjálfseignarstofnanir sem njóta stuðnings frá skólum, einstökum fyrirtækjum, verkafélögum og sveitarfélögum. Hlutverk þeirra er meðal annars að styðja og styrkja efnahagslíf viðkomandi héraðs, með því að efla samvinnu milli atvinnulífs og skóla með áherslu á hagkvæma fullorðinsfræðslu í nágrenninu. Auk þess þá hvetja þau fólk til að leita sér frekari menntunar eftir því sem möguleikar aukast.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt mikla áherslu á framhaldsmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnuveganna settu á stofn Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í desember 2002 og tók hún til starfa 2003. Hlutverk miðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur fyrir stofnendur sína á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar í samvinnu við aðrar menntastofnanir sem reknar eru af aðildarfélögum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnuveganna, auk símenntunarmiðstöðvanna. Markmiðið er að veita fólki, sem ekki hefur lokið framhaldsskólaprófi, tækifæri til að leita sér frekari menntunar í þeim tilgangi að bæta stöðu þess á vinnumarkaðnum, auka úrval námskeiða fyrir fólk sem hefur litla formlega menntun þannig að það geti fengið hæfni sína og þekkingu viðurkennda, bæði hvað varðar það námsefni sem námskeiðin bjóða upp á og einnig starfsreynslu og nám á eigin vegum. Markmiðið er einnig að auka gæði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunarnámskeiða með því að koma á fót kennslufræðimiðstöð á þessu sviði. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Fræðslumiðstöðin gerðu með sér þjónustusamning, sem gekk í gildi í janúar 2006 og gildir fram til loka árs 2009, en áður hafði sams konar samningur verið í gildi frá 2003 til 2006. Tilgangur hans er að gefa fólki, sem hafa litla formlega menntun eða sem hættu í skóla án þess að taka lokapróf, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að leita sér menntunar og/eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Á tímabilinu sem samningurinn nær yfir þá skal ráðuneytið greiða kr. 166 m.²⁷ á ári fyrir þá þjónustu sem miðstöðin veitir.

Öldungadeildir, fjarnám.

Kvöldskólar eru starfræktir í mörgum framhaldsskólum en þar eru kennd námskeið ætluð þeim sem eru ekki færir um að stunda hefðbundið dagnám í framhaldsskólum. Í þessum hópi er aðallega fólk á vinnumarkaði, sem hyggur á að bæta menntun sína. Námsbrautirnar ná yfir flestar venjulegar námsgreinar skólanna enda þótt gerð þeirra sé ólík eftir skólum. Sömu kröfur eru gerðar og í dagskólanum en kennslustundir eru nokkru færri í mörgum tilfellum.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands skipuleggur fjölbreytt úrval námskeiða sem kennd eru á daginn, kvöldin og um helgar, meðal þeirra eru upprifjunar- og viðbótarnámskeið í starfsmenntun. Skipulagið er byggt á virkri þátttöku samtaka utan háskólans t.d. starfsgreinafélaga og verkalyðsfélaga. Einnig er nán samvinna við fjölda samtaka vinnuveitenda, fyrirtæki og aðrar stofnanir. Þannig leikur stofnunin virkt hlutverk við að tengja saman háskólasamfélagið og starfsgreinarnar með það fyrir augum að efla menntunarstig fullorðinna. Sem dæmi þá skilgreinir ein námsbrautin þarfir fyrirtækjanna sem taka þátt, gerir áætlun um hvernig unnt sé að efla menntun innan starfsgreinarinnar og skipuleggur námskeið fyrir starfsmenn.

Aðrar aðgerðir

Frá því að atvinnuleysi jókst síðla árs 2008 hafa stjórnvöld einbeitt sér að gera ungu fólki kleift að snúa aftur í skóla ef það missir vinnuna. Vinnumálastofnun getur gert sérstaka námssamninga við atvinnuleitendur ef ekki er talið líklegt, að álitu ráðgjafa hjá stofnuninni, að þeim bjóðist starf á næstu vikum. Gerður er námssamningur og samkvæmt honum þá hefur atvinnuleitandinn nám í fullu starfi sem valið er í samráði við ráðgjafa Vinnumálastofnunar eftir hæfnismat og þarfagreiningu. Meðan á námstímanum stendur þá greiðir

²⁷ EUR 922.222 (EUR 1 = ISK 180 miðað meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Vinnumálastofnun atvinnuleitandanum atvinnuleysisbætur sem hann/hún á rétt á samkvæmt lögum þar að lútandi. Skilyrði fyrir þessu fyrrikomulagi eru að atvinnuleitandinn hafi unnið á innlendum vinnumarkaði sem starfsmaður eða á eigin vegum samfelld í tólf mánuði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar og að þegar náminu sem fyrirhugað er lýkur komi það hinum atvinnulausa beint til góða, að mati stofnunarinnar, við atvinnuleit. Hámarkslengd námssamnings er ein önn eða þrettán vikur. Námsamninga má framlengja einu sinni að því tilskildu að atvinnuleitandinn hafi sýnt fram á fullnægjandi námsárangur og ekki séu taldar líkur á, að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar, að honum bjóðist vinna á næstu vikum. Ennfremur þá var reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt þannig að lán eru nú 20% hærri fyrir skólaárið 2009-2010 en á síðasta ári. Þetta var gert til að hvetja fleira ungt fólk til að sækja skóla og efla menntun sína meðan á atvinnuleysi stendur.

c) Aðgerðir til að efla þróun hæfileika, sköpunarhæfni og frumkvöðlastarf meðal ungs fólks.

Aðgerðir til að efla þróun hæfileika, sköpunarhæfni og frumkvöðlastarf meðal ungs fólks má skipta í þrennt.

- Aðgerðir innan hins formlega skólakerfis.
- Aðgerðir utan hins formlega skólakerfis.
- Óformlega þátttöku ungs fólks.

Formlegar aðgerðir. Gerð er grein fyrir þeim í aðalnámskrá fyrir nám í listgreinum í skólum, svo og í námskrá fyrir nýsköpun í grunnskólum.²⁸

Formlaus menntun. Nám í listgreinum fer fram í einkareknum listaskólum, tónlistarskólum og með öðrum hætti sem ekki er skyldunám, það er bæði valkostur og þarf að greiða fyrir.²⁹

Óformlegt. Þátttaka ungs fólks er aðallega í samkeppnum svo sem keppni ungra uppfinningamanna,³⁰ Músíktílaunum³¹ og öðrum stofnunum svo sem Ungir vísindamenn³². Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG),³³ er keppni í nýsköpun fyrir nemendur á aldrinum 6 til 16 ára og fer fram allan ársins hring. Tilgangur keppinnar er að virkja sköpunarkraft barna og unglinga í landinu. Á haustin er haldin vinnusmiðja þar sem hugmyndir, sem komast í úrslit, eru útfærðar frekar með aðstoð leiðbeinenda. Námskeiðinu lýkur með mikilli lokahátíð. Árið 2009 tóku meira en 30% allra grunnskóla á Íslandi þátt.

Ísland tekur þátt í nokkrum alþjóðlegum verkefnum á þessu sviði, t.d. *InnoEd* verkefninu, sem nýtur stuðnings frá ESB og *Young Entrepreneur Factory* sem stutt er af norrænu ráðherranefndinni.

d) Aðgerðir sem eru í gangi/fyrirhugaðar til að hvetja ungt fólk til heilsusamlegs lífennis og líkamsræktar.

²⁸ Sbr. spurningar 22:25 og 20:22. Yfirlit yfir þetta málefni í framhaldsskólum er í skýrslu Svanborgar R. Jónsdóttur frá 2007. Jónsdóttir, S.R. Analysis of Entrepreneurship education in Vocational Education and Training in Iceland, (2008). Leonardo National Agency, Iceland

²⁹ Þessi skýrsla er enn aðeins til sem drög. Ýtarlegt yfirlit yfir þessi ákvæði er að finna í skýrslu Ann Bamford, Art and Cultural Education in Iceland, 2009.

³⁰ "Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda", www.nkg.is

³¹ Árleg tónlistarkeppni á Íslandi www.musiktilraunir.is

³² <http://www2.hi.is/page/ungirvisindamenn>

³³ <http://www.ungirfrumkvodlar.is/>

Eitt af helstu hlutverkum menntunar er að efla sjálfstraust nemenda, meðvitund þeirra um heilsu sína og vellíðan. Íþróttir og heilsa ásamt námi í lífsleikni eru meðal mikilvægustu þáttanna til að ná þessu marki í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Á öllum skólastigum er áhersla á nemandann, þarfir hans og velferð. Leitast er við að mynda samhengi og á sama tíma að innleiða aukinn sveigjanleika, bæði innan skólastigsins og utan, þannig að hægt sé að sinna betur þörfum barna og unglunga sem sækja skólann.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 mæla fyrir um atriði svo sem heilsurækt, heilsusamlegt lífverni og fyrirbyggjandi aðgerðir í framhaldsskólum.

Skólameistari framhaldsskóla skal hafa samráð við heilsugæslustöð í nágrenni skólans um heilsuvernd og hollustuhætti. Framhaldsskóli og viðkomandi heilsugæslustöð geri samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum.

Framhaldsskólar skulu tryggja að í boði sé innan veggja hvers skóla heilnæmt fæði í samræmi við opinber manneldismarkmið. Framhaldsskólar skulu hvetja til heilbrigðs lífvernis og heilsuræktar nemenda. Sérhver framhaldsskóli skal setja sér stefnu um forvarnir og skal sú stefna birt opinberlega. Skólinn skal gera grein fyrir því með reglubundnum hætti hvernig forvarnastarfi er háttað.

Í grunnskólalögum nr. 91/2008 segir svo: Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Nemendur eiga rétt á því að njóta barnsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs. Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila. Nemendur í grunnskólum skulu ennfremur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja.

Um skólaheilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti skólaheilsugæslu í skólanum. Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir skólaheilsugæslu og annast rekstur þess. Auk þess skal skólastjóri ennfremur setja á stofn velferðarráð nemenda til að samræma aðgerðir um þjónustu fyrir einstaka nemendur, svo sem sérfræðiþjónustu, náms- og starfsleiðbeiningar og ráðgjöf og grunnþjónustu heilsugæslu innan skólans. Einnig skal hvatt til samráðs við félagsþjónustu sveitarfélagsins og barnaverndaryfirvöld um þarfir einstakra barna eins og efni standa til.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir svo: „Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Markmiðið er að efla heilbrigða lífshætti og auka lífsleikni barnanna. Hreyfiþjálfun er lýst sem námssviði á leikskólastigi og er samofið undirstöðustarfi leikskólans: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.“

Í aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneyti eru íþróttir og heilsurækt taldar með sem kjarnagreinar í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Eins og lýst er í námskránni þá er markviss menntun í íþróttum og heilsurækt ekki aðeins í þágu líkamlegs heilbrigðis á jákvæðan hátt heldur hefur hún einnig áhrif á andlegt og félagslegt ástand. Íþróttir og heilsurækt er með minnst þrjár kennslustundir í grunnskólum (um 10% af grunnskólanámi), annars vegar almennar íþróttir og hins vegar sund. Sund er mikilvægur hluti af íslenskri

menningu og regluleg ástundun sunds er hluti af lífsháttum fjölmargra Íslendinga. Hitaveituvatn í sundlaugum um allt land gerir kleift að bjóða upp á fyrirtaks aðstöðu fyrir slíkt.

Tilgangurinn með kennslu í lífsleikni er meðal annars að styðja markvisst við ákveðna þætti í almennum þroska nemenda, að efla getu þeirra til að fást við sýbreytilegt og flókið samfélag og að fjalla um mikilvæg svið sem lenda utan við mörk hefðbundinna námsgreina. Þar er meðal annars um að ræða neytendafræðslu, fjölskyldumál, kynfræðslu, fjármál einstaklinga, fræðslu um jafnrétti og mannréttindi og forvarnir gegn vímuefnum.

Lýðheilsustöð var stofnuð árið 2003 með lögum um Lýðheilsustöð nr. 18/2003. Markmið laganna er að efla lýðheilsu landsmanna. Með eflingu lýðheilsu er átt við aðgerðir sem ætlað er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Hlutverk stöðvarinnar er að efla lýðheilsustarf og samræma það, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu. Lýðheilsustöð skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og Lýðheilsustöð ásamt samtökum nemenda í framhaldsskólum undirrituðu árið 2007 samstarfssamning um verkefni í heilsueflingu og forvörnum gegn vímuefnum. Þetta er þriggja ára tilraunaverkefni. Auk þess að stuðla að góðri heilsu, velferð og forvörnum þá er helsta markmiðið að efla ráðgjafarþjónustu og hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin heilsu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur tekið virkan þátt í Evrópuráðsverkefninu um menntun fyrir borgara og mannréttindi EDC/HRE. Í kjölfar nýrrar lagasetningar árið 2008 um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þá mun við endurskoðun aðalnámskrár fyrir öll skólastigin tekið mið af lykilmáttum í menntun hvað varðar lýðræði, jafnrétti, réttindi og skyldur borgaranna og sjálfbæra þróun.

Nánari upplýsingar, sjá viðbæti 26:30 D.

e) Núverandi/áætlaðar aðgerðir til að tryggja fulla þátttöku ungs fólks í samfélaginu, að auka íhlutun ungs fólks í samfélaginu.

Í apríl árið 2007 samþykkti Alþingi ný æskulýðslög nr. 10/2007. Lögin marka miklar endurbætur fyrir ungt fólk á Íslandi, einkum þar sem megin tilgangur þeirra er að styrkja þátttöku ungs fólks í ungmennastarfi. Í lögnum er lögð áhersla á mikilvægi lýðræðisþátttöku ungs fólks og bent er með ákveðnum hætti á að sveitarfélögin stofni ungmennaráð til að gera ungu fólki kleift að taka þátt í lýðræðislegu starfi sveitarfélaganna. Umboðsmaður barna hefur unnið ötullaga að því að hvetja sveitarfélög til að stofna ungmennaráð, einkum til að uppfylla ákvæði Yfirlýsingarinnar um réttindi barna. Samkvæmt æskulýðslögum þá ber sveitarfélögum skylda til að stofna æskulýðsráð sem starfa innan hins pólitíska ramma.

30. f) Núverandi/áætlaðar aðgerðir til það þróa aðstöðu og móta stefnu til að koma í veg fyrir fátækt og félagslega einangrun ungs fólks, einkum meðal þeirra hópa unglinga sem standa höllum fæti.

Tilgangur laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er að tryggja fjárhagslegan og félagslegan stöðugleika og velferð íbúanna á grundvelli gagnkvæmrar aðstoðar. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að ábyrgjast fjárhagslegt og félagslegt öryggi og vinna að velferðarmálum íbúanna á grundvelli gagnkvæmrar aðstoðar. Þetta skal framkvæmt

með því að bæta lífskjör þurfandi fólks, tryggja aðstöðu barna og unglunga til aukins þroska, bjóða aðstoð þannig að íbúarnir geti átt þess kost að dvelja eins lengi og unnt er á eigin heimili, starfa og lifa eins eðlilegu lífi og mögulegt er og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna býðst fólki margvísleg ráðgjöf um fjármál, foreldrahlutverkið og fjölskyldumál, auk stuðnings vegna húsnæðis. Lágmarks fjárhagslegt öryggi er tryggt með því að hverjum einstaklingi eru veittar um 116.000 kr.³⁴ á mánuði.

Mörg sveitarfélög veita ungu fólki (á aldrinum 18-24 ára) sem á undir högg að sækja sérstaka þjónustu til að veita því stuðning meðan það stundar nám í framhaldsskóla. Mörg sveitarfélög útvega foreldrum sem lifa við fátækramörk sérstakan fjárstuðning sem er 10.000 kr. fyrir hvert barn. Ennfremur þá er unnt að styrkja fjölskyldur sem njóta aðstoðar í samræmi við barnaverndarlög nr. 80/2002 til að gera barninu fært að fá sérstaka meðferð eða til að vistast í sumarbúðum.

Ríkissjóður greiðir barnabætur fyrir börn undir 16 ára að aldri sem eiga lögheimili á Íslandi og eru í umsjá einstaklings sem er skattskyldur skv. skattalögum nr. 90/2003. Upphæðin er mismunandi eftir því hvort umsjárforeldri barnsins er einstætt eða ekki. Bæturnar eru tekjutengdar að hluta til. Árið 2009, fengu allir foreldrar 61.191 kr. vegna barna 7 ára og yngri án tillits til tekna. Á fjárhagsárinu 2009 voru hámarks barnabætur til einstæðra foreldra 253.716 kr. fyrir fyrsta barn og 260.262 kr. fyrir hvert barn eftir það. Hámarks barnabætur fyrir hjón voru 152.331 kr. fyrir fyrsta barn og 181.323 kr. fyrir hvert barn eftir það. Barnabætur fyrir hjón og fólk í sambúð lækkuðu ef árstekjur þeirra fóru yfir 3.600.000 kr. og fyrir einstætt foreldri var upphæðin 1.800.000 kr. Lækkunin nam 2% fyrir eitt barn, 5% fyrir tvö börn og 7% fyrir þrjú börn.

Foreldrar sem ekki hafa forræðisrétt skulu greiða meðlag. Samkvæmt tilskipun stjórnvalda getur foreldri fengið meðlag greitt fyrir milligöngu Tryggingastofnunar. Ríkið ábyrgist meðlag með börnum og það foreldri sem ekki hefur forræði með barninu greiðir til Tryggingastofnunar. Tryggingastofnun er leyfilegt að greiða meðlag með barni allt að tólf mánuði aftur í tímann. Ennfremur þá getur foreldri aflað sér úrskurðar um sérstakar greiðslur til upphalds t.d. vegna fermingar barns eða tannviðgerða. Ungt fólk eldri en 18 ára getur einnig fengið sérstakan námsstyrk fram að 20 ára aldri. Meðlag barns árið 2009 er 21.657 kr. á mánuði.

Í félagslega kerfinu eru sérstakar greiðslur vegna barna. Barnagreiðslur eru greiddar vegna barna yngri en 18 ára ef að hvort foreldri er látið eða hlýtur örorkulífeyri, að því tilskildu að barnið sjálft eða annað hvort foreldri þess hafi átt lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti þrjú ár fyrir umsókn. Ef báðir foreldrar eru látnir eða hljóta örorkulífeyri þá skal greiða tvöfalda barnagreiðslu. Ættleidd börn og stjúpbörn njóta sömu réttinda samkvæmt lögum við sömu aðstæður. Barnagreiðsla fyrir eitt barn nam 21.657 kr. á mánuði þann 1. janúar 2009.

Foreldragreiðsla er greidd vegna barna yngri en 18 ára til einstæðra foreldra. Foreldragreiðsla einstæðs foreldris árið 2009 var 6.269 kr. á mánuði fyrir tvö börn og 16.300 kr. á mánuði fyrir þrjú börn.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, ennfremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir, sbr. 3. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007, með síðari breytingum. Eingöngu einfaldur barnalífeyrir greiðist sem nemur 21.657 kr. á mánuði. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár.

³⁴ EUR 922.222 (EUR 1 = kr. 180 miðað meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Lög nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna gilda um réttindi foreldra til fjárhagsaðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Samkvæmt lögnum kann foreldri að eiga rétt, ásamt hinu foreldrinu, á tekjutengdum greiðslum sem skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaaðila. Framlengja má sameiginlegan rétt foreldra til tekjutengdra greiðslna í allt að þrjá mánuði þegar barnið þarf umtalsverða umönnun vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar. Tekjutengdar greiðslur skulu aldrei nema hærri upphæð en 587.127 kr.

Foreldri sem hvorki getur stundað atvinnu utan heimilis eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum sem nema 147.193 kr., samkvæmt mati framkvæmdaaðila. Foreldri sem á rétt á grunnreiðslum skv. 19. gr. og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en átján ára skal eiga rétt á barnagreiðslum að fjárhæð 21.657 kr. á mánuði með hverju barni frá upphafi tímabils. Einstætt foreldri sem á rétt á grunnreiðslum skv. lögnum og hefur á framfæri tvö börn sín eða fleiri yngri en átján ára skal eiga rétt á sérstökum barnagreiðslum að fjárhæð 6.269 kr. vegna tveggja barna og 16.300 kr. vegna þriggja barna frá upphafi tímabils.

Tilgangur þessara ákvæða er að koma í veg fyrir fátækt meðal barna og ungs fólks.

Í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra stýrihóp til að hafa umsjón með velferðarmálum, þetta var í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar 2009. Nefndinni er ætlað að fylgjast með kerfisbundnum hætti með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga og leggja fram tillögur um aðgerðir til að mæta þörfum heimilanna. Nefndin er skipuð sextán einstaklingum, meðal annars fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, ráðuneytum, frjálsum félagasamtökum og sveitarfélögum. Hlutverk nefndarinnar er að safna upplýsingum um félagsleg og fjárhagsleg áhrif efnahagsástandsins á fjölskyldur og einstaklinga, að safna upplýsingum um reynslu annarra ríkja af að kljást við efnahagskreppur, að benda á leiðir sem ríkið, sveitarfélög og frjáls félagasamtök geta farið til að bregðast við ástandinu og örva samráð og samvinnu milli þeirra sem geta lagt sitt af mörkum vegna hæfni sinnar og reynslu.

Nefndin mun aðallega beina athygli sinni að því að fylgjast með velferðarmálum barna enda er það talið forgangsverkefni að leita leiða til að verja hagsmuni barna eins og unnt er. Þar að auki þá beinir stýrihópurinn athygli sinni að stöðu barna og ungs fólks á aldrinum 15-25 ára. Starfshópur er einnig að störfum sem beinir athygli sinni sérstaklega að þeim sem stóðu höllum fæti fyrir hrunið í október 2008 og eins og vænta má verður þessi hópur einnig fyrir áföllum vegna versnandi efnahagsástands. Aðrir starfshópar fást við málefni atvinnulausra, fjárhagsaðstoð heimilanna og nýtingu heilsubjónustunnar.

Stýrihópur um eftirlit með velferðarmálum hefur lagt fram tvær bráðabirgðaskýrslur til ráðherra, í mars og ágúst 2009. Ríkisstjórnin byggði áætlun sína um aðgerðir í velferðarmálum á fyrri skýrslunni. Þessi áætlun er gerð til að efla skilvirka og öflugra velferðar- og félagsþjónustu. Hún lýsir forgangsröðun ríkisstjórnarinnar varðandi velferðarmál næstu eitt eða tvö árin en þar er meðal annars um að ræða stofnun sjóðs sem ætlað er að fjármagna rannsóknir í velferðarmálum og sérstakar aðgerðir til að styðja við ákveðna hópa sem verst hafa orðið úti í kreppunni. Sérfræðingar hafa verið ráðnir til að móta félagslegar vísbendingar sem nýtast stýrihópnum til að halda uppi kerfisbundnu eftirliti með félagslegum og efnahagslegum afleiðingum efnahagskreppunnar á íslenskar fjölskyldur. Fé

verður einnig veitt úr sjóðnum til sérstakra rannsókna á afleiðingum efnahagsástandsins á börn og rannsóknir eru þegar hafnar til að meta hvort aukning á fjölda skýrslna um misnotkun og vanrækslu barna til barnaverndarnefnda kunni að vera af völdum kreppunnar.

Stýrihópurinn um velferðarmál mun halda áfram að sinna eftirliti með þróun og leggja fram tillögur til ríkisstjórnarinnar um hugsanlegar aðgerðir sem ætlað er að taka á ástandinu og áhrifum þess á íslenskt þjóðfélag með sérstaka áherslu á velferð barna, ungs fólks og einstaklinga sem illa eru staddir.

Margs konar áhyggjur vöknuðu um börn og ungt fólk í kjölfar efnahagskreppunnar og vegna þeirra hafa mörg sveitarfélög sett upp sérstaka starfshópa sem starfa með börnum og ungu fólki. Markmiðið er að fylgjast með vísbendingum um hvort börn eða ungt fólk búi við fátækt.

Barnaverndarsjóður var stofnaður sumarið 2009. Í sjóðnum voru 100.000.000 kr. sem úthlutað var til að styðja og fjármagna íþróttir og annað heilsusamlegt tómstundastarf barna yfir sumartímenn. Hvert barn fékk ókeypis máltíð. Atvinnulaust ungt fólk var ráðið í vinnu til að starfa með börnunum. Sjóðurinn er einkarekinn.

g) Núverandi/áætlaðar aðgerðir til að auðvelda hreyfanleika sjálfboðaliða frá ESB, auk umsóknarlanda vegna langtímaverkefna (6 mánaða til 12-18 mánaða að lengd) með tilliti til dvalarleyfa, trygginga o.s.frv.

Engar sérstakar aðgerðir hafa verið hafnar eða eru fyrirhugaðar að svo stöddu.

h) Núverandi/áætlaðar aðgerðir til að styðja og viðurkenna vinnu unglinga?

Sjá spurningu 26:30 e).

31. Hvaða stofnun sér um heildarsamræmingu æskulýðsmála í landinu?

Málefni sem varða ungt fólk falla undir ýmis ráðuneyti eftir eðli hvers og eins. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur umsjón með skólum, íþróttum og ungu fólki hvað varðar skipulega tómstundaiðju en ekki er nein heildarsamræming eða miðstýrt skipulag þar sem fjallað er um málefni ungs fólks. Við sum tækifæri hafa ráðuneytin myndað óformlega starfshópa vegna ákveðinna verkefna svo sem hvaða reglur og kröfur eiga að gilda um ráðningu fólks, sem starfar með ungu fólki.

32. Hafið þið áhuga á að taka þátt í þeim verkefnum, sem stofnað hefur verið til undir merkjum Opins samráð?

Ísland tók þátt í síðasta opna samráði á sviði æskulýðsstarfs og vill hafa möguleika á að taka þátt í fyrirhuguðu starfi á því sviði.

Hvað varðar þátttöku í opnu samráði innan ramma samvinnu á sviði menningarmála sjá spurningu 26:46.³⁵

³⁵ Á grundvelli jákvæðrar reynslu sem fékkst af þátttöku í starfi OMC á sviði menntamála þá vill Ísland gjarna halda áfram þátttöku í stofnunum sem starfa á vegum OMC. Frá haustinu 2002 hefur Ísland tekið þátt í starfsverkefni Evrópuráðsins sem fellur innan ramma OMC á sviði menntamála og varð síðan þekkt undir heitinu *Education and Training 2010*. Fulltrúar Íslands tóku þátt í öllum átta „markmiða” vinnuhópnum sem upphaflega voru settir upp og einnig í fastahóp um vísbendingar og viðmið og hóp um samræmingu menntunar og þjálfunar, svo og í fjölda klasahópa, áttu aðild að og skipulagt jafningjafræðsluverkefni (PLA), umræðuhópa og ráðstefnur þar sem allir helstu hagsmunaaðilar á Íslandi hafa

H. Aðgangur ESB borgara að menntun

33. Menntun barna þeirra sem eru ríkisborgarar ESB ríkja: Gerið grein fyrir áætluðum fjölda borgara frá ESB ríkjum sem starfa í landinu og eiga börn sem búa þar á grunnskólaaldri miðað við íslensk lög. Tilgreinið hvort í gildi séu sérstök ákvæði um menntun þessara barna (svo sem ókeypis námskeið í íslensku) og hvaðan börnin koma.

Í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*, eru innflytjendur skilgreindir á eftirfarandi hátt: „Með hugtakinu *innflytjandi* er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, Með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst.” (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2007).

Nánari upplýsingar um innflytjendur eru á vefsíðu Hagstofu Íslands.³⁶

Meðal annarra upplýsinga er þar að finna gögn um hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi frá 1950 til 2007. Þessar upplýsingar eru nánar tilgreindar eftir ríkisfangi, kyni, aldri og lengd dvalar á Íslandi. Flestir innflytjendur til Íslands koma frá Póllandi, Danmörku, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Filippseyjum, Litháen, löndum fyrrum Júgóslavíu, Noregi, Taílandi og Portúgal. Árið 2008 voru 2.069 nemendur í grunnskólum sem höfðu annað móðurmál en íslensku, af 43.511 nemendum alls. Stærsti hópur nemenda er frá Póllandi, 563 nemendur, 111 eru frá Litháen, 70 frá Danmörku og smærri hópar frá öðrum löndum innan ESB.

Í desember 2006 voru 6% af íbúum á Íslandi úr hópi innflytjenda. Samkvæmt nýjustu upplýsingum vefsíðunnar hefur fjöldi innflytjenda sem sækir um íslenskt ríkisfang aukist umtalsvert. Árið 2006 fengu 844 umsækjendur íslenskt ríkisfang. Stærsti hópurinn, 222 að tölu er frá Póllandi, 89 frá löndum fyrrum Júgóslavíu, þar af 79 frá Serbíu og Montenegro (Hagstofa Íslands, 2008).

Aðgerðir og þjónusta við nemendur, sem eru innflytjendur og foreldra þeirra er mjög mismunandi frá einum grunnskóla til annars en öll börn innflytjenda á skólaskyldualdri sækja grunnskóla. Í sumum skólum fara nemendur úr bekk sínum í eina til tvær kennslustundir á viku. Þeir læra íslensku sem annað tungumál, námsfærni og orðaforða sem tengist skólastarfi. Í öðrum skólum eru nemendur settir í sérstaka móttökudeild fyrir innflytjendur fyrstu tvær vikurnar eða lengur áður en þeir fara í venjulegan bekk. Í þeim tilvikum hafa þeir stundum styttri stundatöflu. Í einstökum skólum sem hafa slíkar deildir þá fara nemendur í bekk misfljótt og byrja með því að fara fyrst í bekki þar sem ekki er bóknám áður en þeir sækja venjulegar kennslustundir.

Nemendur eru stundum allt að eitt ár eða lengur í móttökudeild fyrir innflytjendur og fara síðan í venjulegan skóla eftir það. Í sumum tilvikum ákveður deildarstjóri hve margar stundir á viku nemandi fær í íslensku sem annað tungumál. Deildarstjórinn hefur síðan samvinnu við kennarann í heimabekknunum í um það bil eitt ár eftir að nemandinn færist upp úr undirbúningsdeildinni. Nemendur í hópi innflytjenda sem hafa búið á Íslandi í nokkur ár eða hafa fæðst þar fá í sumum tilfellum viðbótarstuðning í íslensku í hverri viku.

komið að með virkum hætti. OMC starfið innan ESB *Education & Training 2010* verkefnisins reyndist mikilvægt framlag til endurskoðunar á menntastefnu Íslands sem hófst árið 2004 með undirbúningi frumvarps um endurskoðun gildandi laga um háskóla. Eins og sjá má af spurningu 26:28 þá er heildarendurskoðun íslenska menntakerfisins á sömu braut og ævinámsstefna Evrópulanda.

³⁶ <http://statice.is/>

34. Jafnt aðgengi: Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að tryggja jafnt aðgengi að menntun og þjálfun án tillits til kynferðis, uppruna, trúarbragða eða fötlunar.

Rétturinn til að hljóta almenna menntun er tryggður í 76 gr. Stjórnarskrár Íslands en hún er svohljóðandi: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.” Evrópusáttmálinn um mannréttindi sem felldur hefur verið í íslensk lög með lögum nr. 62/1994 verndar réttinn til menntunar.

Íslensk löggjöf og almenn námskrá innihalda ákvæði og markmið sem varða félagsleg gildi og mannréttindi. Í skólakerfinu er leikskólinn talinn fyrsta skólastigið. Meginþáttur kerfisins er samfella frá leikskóla allt til framhaldsskóla.

Í maí 2008 samþykkti Alþingi fern lög sem varða menntun og skólasókn barna. Hér er um að ræða lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, lög um leikskóla nr. 90/2008 og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjóra í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum nr. 87/2008. Árið 2006 samþykkti Alþingi ný lög um háskóla nr. 63/2006. Auk þess hafa verið settar fjölmargar reglugerðir um útfærslu á einstökum atriðum varðandi stefnuna.

Ekki er um að ræða sérstaka löggjöf fyrir sérkennslu á neinu af hinum fjórum skólastigum á Íslandi þ.e.a.s. í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Sérstök löggjöf er um málefni fatlaðra (1992) sem kveður svo á um að allir einstaklingar sem eru fatlaðir (hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum), skuli njóta stuðnings til að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við annað fólk. Í þessu augnamiði þá skal útvega sérþjónustu sem nánar er skilgreind í lögnum á þeim sviðum þar sem þarfir fatlaðra eru ekki tilgreindar í almennri þjónustu í skólum, heilsu og félagsþjónustu.

3. gr. grunnskólalaga kveður á um að grunnskólinn skuli vera tíu ára skóli en má vera styttri sbr. 32. gr. Öll börn á aldrinum 6 til 16 ára skulu sækja grunnskóla. Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla, sbr. 19. gr. laganna. Ennfremur er viðeigandi að áréttu markmið sem sett eru í 17. gr.(1) „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.”

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, 32. gr. er ákvæði um réttindi til að innritast í framhaldsskóla. Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eiga á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt málsgrein þessari eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Ákvæði stjórnarskrárinnar og grundvallarreglur íslenska réttarkerfisins mæla svo fyrir um að aðgengi að menntun, sbr. 1. og 2. gr. skuli ekki takmarkað á grundvelli tillitslausra og óréttmætra sjónarmiða.

Hin nýju lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla gera ráð fyrir aukinni aðstoð við nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Löggjöfin hefur í meginatriðum þá stefnu að skólinn skuli vera án aðskilnaðar og þjóni öllum börnum án tillits til uppruna, tungu, heilsu eða fötlunar. Þetta er í samræmi við Salamanca-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1994 og viðurkenndrar stefnu á Íslandi á síðustu árum:

- Auknar kröfur eru gerðar til grunnskóla að koma til móts við þarfir þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða sem nota táknmál, eiga við lestrarörðugleika að stríða eða eru fatlaðir. Enda þótt öll börn ættu í rauninni að geta aflað sér grunnskólamenntunar með öðrum börnum þá geta foreldrar eða umráðamenn farið þess á leit að börnin fái aðgang að sérstökum úrræðum innan grunnskólans eða sérskóla.
- Það er brýnt forgangsverkefni fyrir skóla að geta mætt þörfum einstakra nemenda með því að bjóða þeim tækifæri til að velja milli námsgreina, námsaðferða og námssviða.
- Lögin styrkja einnig lagalega stöðu barna sem hafa ekki íslensku að móðurmáli sbr. 16. gr. grunnskólalaga um móttökuáætlanir og nemendur sem tala önnur tungumál en íslensku. Megin hugmyndin er að þessir nemendur hafi einnig tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu. Ennfremur eru í lögnum ýmis ákvæði um stuðning og samráð við foreldra og umráðamenn barna af erlendum uppruna.
- Það er mjög mikilvægt að tryggja að upplýsingar sem varða börnin nái til foreldra/umráðamanna/forsjáraðila og í þeim tilgangi eiga þeir rétt á túlkaþjónustu eins og við á, bæði innan skólans og í heilsuþjónustunni. Þetta á einkum við þegar þarf að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur barna sem tala önnur tungumál en íslensku.
- Sú staðreynd að menntun er miðuð við einstaklinginn er tekin sérstaklega til greina og kemur það til góða þeim nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli og það merkir að taka má tillit til sérþarfa þeirra en einnig með hliðsjón af styrk þeirra á ýmsum sviðum.
- Sérstök móttökuverkefni, sem miðast við börn af erlendum uppruna hafa verið sett í gang í grunnskólum og leikskólum með góðum árangri. Á þennan hátt er unnt að efla tengslin milli heimila og skóla, sem eru einn hornsteinninn í skólastarfinu og kemur það barninu til góða en hagsmunir þess verða alltaf að vera í fyrirrúmi. Við samþykkt framhaldsskólalaga á Alþingi bættist við ákvæði sem lagði þá skyldu á framhaldsskólana að koma á stofn móttökuáætlunum sbr. 35. gr. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt. Í þessu efni skiptir ekki máli hvort umrædd þjónusta sé á ábyrgð skólans eða opinberrar félags- og heilsuþjónustu.
- Grunnskólalög nr. 91/2008 setja fram með ótvíræðum hætti rétt nemenda til náms og skyldur sveitarfélaga eru áréttáðar að þessu leyti. Vandamál með tilliti til réttinda barna til menntunar í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum, þ.e.a.s. vandamál sem tengjast því að barn hafi ekki verið réttilega skráð eða úthlutað kennitölu skulu fengin yfirvöldum til úrlausnar. Réttindi fósturbarna til menntunar eru einnig tryggð.
- Auk þess þá gera íslenskir foreldrar þá kröfu að þjónusta sé fyrir hendi innan grunnskólans, sé þess nokkur kostur og er þar með tryggt að þjónustan, sem barninu er veitt, sé í samræmi við þarfir þess.
- Grunnskólinn á Íslandi er án endurgjalds fyrir nemendur og innan skólakerfisins er boðið upp á margháttða sérfræðiþjónustu t.d. námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og sérkennslu.

35. Skólagjöld og önnur skilyrði fyrir aðgengi að háskólum (á vegum hins opinbera og einkaskólum): Hvernig er eftirliti með þeim háttað? Eru þau mismunandi fyrir íslenska borgara og útlendinga?

Opinberir háskólar heyra undir lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og er þeim ekki leyfilegt að innheimta skólagjöld. Þeir geta innheimt innritunargjald allt að kr. 45.000³⁷ á nemanda á ársgrundvelli. Þeir geta einnig innheimt gjald fyrir ýmsa sérþjónustu og fyrir símenntun til handa almenningi. Einkareknar sjálfseignarstofnanir á háskólastigi heyra ekki undir lög nr. 85/2008 og hafa sjálfðæmi í að innheimta skólagjöld.

Allir háskólar hafa skráningargjöld. Háskóli Íslands, sem er langstærsti skólinn á þessu skólastigi hefur allmiklar tekjur af happdrætti sem er óháð framlögum á fjárlögum.

Eins og áður er getið þá innheimta einkareknir skólar skólagjöld. Kennslugjöld fyrir fyrsta nám nemur um 140.000 – 350.000 kr. ³⁸ fyrir hvert námsár. Í sjálfseignarstofnunum greiða nemendur viðbótargreiðslur til nemendafélaga.

Skólagjöld og innritunargjöld eru þau sömu fyrir íslenska borgara og útlendinga.

II. hluti: Menningarmál

36. Hvaða, ef nokkurt, stuðningskerfi er fyrir hendi á eftirtöldum sviðum: Listsköpun, nýsköpun í menningarstarfi, menntun fyrir listamenn og starfsmenn í menningarstarfi og menningarsamstarfi við önnur ríki?

Meginhluti þess menningarstarfs sem unnið er í landinu er í höndum einstaklinga eða samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um inntak og tilhögun starfseminnar. Þetta á við um listir, íþróttir og æskulýðsstarf og ýmsa fleiri þætti menningarmála. Dæmi um ríkisstofnanir sem standa sjálfar fyrir listastarfsemi eru Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Ríkisútvarpið. En að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana af því tagi lýtur hlutverk ríkisins á þessu sviði einkum að því að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín. Samningar menntamálaráðuneytis við sveitarfélög um menningarmál eru í þeim anda og hafa einnig að markmiði að styrkja stöðir menningarstarfs um allt land. Í því starfi sem beinist að varðveislu menningararfs er stofnanahlutur hins opinbera fyrirferðarmikill. Flest meiri háttar söfn eru rekin eða kostuð af ríki eða sveitarfélögum, stundum í samvinnu. Einnig á þessu sviði er ábyrgðinni dreift á margar herðar. Hver og einn Íslendingur á sinn þátt í geymd og þróun menningararfleifarinnar og hvernig henni verður skilað í hendur næstu kynslóða. Þetta er t.d. augljóst um grundvallarþátt eins og móðurmál. Menntamálaráðuneyti leggur áherslu á sjálfstæði menningarstofnana ríkisins. Gerðir hafa verið árangursstjórnarsamningar við stofnanirnar þar sem þær setja starfsemi sinni markmið og forgangsraða verkefnum. Fjárveitingar úr sjóðum á vegum ráðuneytisins eru ákveðnar á faglegum grunni þar sem regla hæfilegrar fjarlægðar er höfð að leiðarljósi.

Rekstur listastofnana

Með rekstri listastofnana vill ríkið tryggja að landsmönnum gefist færi á að njóta lista sem atvinnumenn skapa og standast hæstu gæðakröfur auk þess að gefa atvinnumönnum færi á að iðka list sína við bestu aðstæður. Listastofnanirnar eru auk þess vettvangur íslenskrar listsköpunar og varðveislu menningararfs á sviði lista.

³⁷ EUR 250 (EUR 1 = kr. 180 miðað meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

³⁸ EUR 778 (EUR 1 = kr. 180 miðað meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Bein framlög af fjárlögum til sjálfstæðra listastofnana o.fl. aðila

Ríkið veitir fjármunum til sjálfstæðra aðila sem reka listastofnanir, sem stofnað er til á svipuðum forsendum og ríkislistastofnanir og gefur með þeim hætti fleiri aðilum færi á að standa fyrir faglegri lista- og menningarstarfsemi. Hér undir falla einnig menningarsamningar við sveitarfélög.

Starfslaun til listamanna

Ríkið veitir starfsstyrki til atvinnulistamanna til að tryggja að þeir hafi möguleika á að sinna list sinni án tillits til ytri aðstæðna og með þeim hætti sjá til þess að listsköpun í landinu sé í háum gæðaflokki.

Rekstur verkefnasjóða á sviði lista og almennra menningarmála

Til að tryggja að fagleg og sjálfstæð listastarfsemi geti átt sér stað veitir menntamálaráðuneyti verkefnastyrki af ýmsu tagi auk þess að veita hópum listamanna styrki til að tryggja samfellu í rekstri og starfsemi. Hér er fagleg listsköpun og -túlkun sett í flokk með t.d. grunnrannsóknnum í vísindum.

Rekstur eða stuðningur við kynningu á íslenskum listum og listamönnum

Þátttaka listamanna í alþjóðlegu samstarfi er nauðsynleg til að efla listsköpun í landinu og verður ekki slitin frá annarri listastarfsemi. Ríkið styður listamenn til slíks samstarfs auk þess sem það stendur að kynningu á listum og annarri menningarstarfsemi erlendis.

Kvikmyndasjóður og Kvikmyndamiðstöð Íslands

Helstu verkefni hennar eru að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda með framlögum úr Kvikmyndasjóði, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út, efla kvikmyndamenningu á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 og starf hennar á að miða að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstök áhersla skal lögð á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar. Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum.

Listasafn Íslands

Listasafn Íslands skal vera meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist.

Þjóðleikhúsið

Aðalverkefni þess er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal Þjóðleikhúsið standa að flutningi á óperum og söngleikjum. Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Þjóðleikhúsið skal leitast við að glæða áhuga landsmanna á leiklist og öðrum þeim listgreinum, sem leiksviði eru tengdar. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

Íslenski dansflokkurinn

Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi.

Barnameningarsjóður

Hlutverk Barnameningarsjóðs er að styrkja verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku þeirra.

Meningarsamningar við sveitarfélög

Tilgangur menningarsamninga við sveitarfélög er að efla menningarstarf og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Ríkið leggur til framlög til samninganna en sveitarfélögin leggja jafnframt fram fé til sameiginlegra verkefna hvort heldur er með framlögum frá einkaaðilum eða með eigin framlögum.

37. Hvaða, ef nokkur, stuðningur er við ritstörf og þýðingar?

Bókmenntasjóður

Hlutverk Bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Sjóðurinn rækir hlutverk sitt með því að styrkja útgáfu frumsaminnna íslenskra skáldverka og vandaðra rita sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu; styrkja útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslenska tungu; stuðla að kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi og erlendis og sinna öðrum verkefnum er falla undir verksvið stjórnar bókmenntasjóðs.

Launasjóður rithöfunda

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 480 mánaðarlauna. Rétt til launa úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar. Einnig er heimilt að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Launasjóður fræðiritahöfunda

Sjóðurinn veitir árlega starfslaun. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.

38. Hvaða, ef nokkrar, stuðningsaðgerðir er á sviði menningararfs?

Þrjú sjóðir eru starfræktir á vegum ríkisins og fá framlög til starfseminnar á fjárlögum:

- Fornleifasjóður
- Húsafriðunarsjóður
- Safnasjóður

Sjálfstæðar nefndir / stjórnir veita fé úr þessum sjóðum. Ýmsir aðrir sjóðir veita einnig fé til verkefna á sviði menningararfs jafnvel þótt meginhlutverk þeirra sé ekki á því sviði.

39. Hvaða lagareglur gilda um verð á bókum? Eru reglur um fast verð?

Verð á bókum ræðst á markaði. Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og breytingum á 14. grein þeirra með lögum nr. 175/2006 var virðisaukaskattur á bókum lækkaður úr 14 í 7%. Virðisaukaskattur af öðrum vörum er að meginreglu til 24,5%.

Af þessu leiðir að það eru ekki neinar reglur um fast verð á bókum. Bókaútgefendur auglýsa sitt verð þegar bækur eru gefnar út en bóksalar hafa rétt til að selja þær á herra eða lægra

verði. Það er mikil samkeppni milli bóksala á helsta bóksölutímabili hvers árs, þ.e. í nóvember og desember.

40. Hvaða lagareglur gilda um sölu og flutning á menningarverðmætum?

Tilskipun ráðsins nr. 97/7/EEC frá 15. mars 1993 var felld í íslensk lög með lögum um flutning menningarverðmæta til annarra landa nr. 105/2001, með síðari breytingum og safnalögum nr. 106/2001 (um myndlist í opinberum söfnum).

41. Hvaða lagareglur gilda um varðveislu menningararfsins?

- Lög um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985
- Lög um Listasafn Íslands nr. 58/1988
- Lög um Landsbókasafn / Háskólabókasafn nr. 71/1994
- Lög um húsafriðun nr. 104/2001
- Lög um flutning menningarverðmæta til annarra landa nr. 105/2001
- Safnalög nr. 106/2001
- Þjóðminjalög nr. 107/2001
- Kvikmyndalög nr. 137/2001
- Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007.

42. Hvaða lagareglur gilda um afsal réttar (einkanýtingarréttar eða annars) til nýtingar á atriðum er varða menningararf (t.d. stafvæðingu verka í listasöfnum)?

- Höfundalög nr. 73/1972
- Safnalög nr. 106/2001

43. Hvaða kerfi er til staðar um öflun tölulegra upplýsinga um menningarmál?

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsingar um menningarmál á eftirtöldum sviðum:

Auglýsingar	Kvikmyndir
Bækur og bókasöfn	Myndbönd og mynddiskar
Bókaútgáfa	Tónlist
Almenningsbókasöfn	Myndlistarsýningar
Háskóla-, rannsóknar- og stofnanabókasöfn	Útvarp (hljóðvarp og sjónvarp)
Dagblöð	Leiklist
Tímarit	Söfn og skyld starfsemi
Hljóðrit	Menningarsjóðir

Tilgangurinn er að safna tölulegum upplýsingum um fjölmiðla og fjölmiðlun og menningarstarfsemi, halda þeim til haga og koma á framfæri innanlands og erlendis. Upphaf skipulegrar söfnunar á vegum Hagstofunnar er að rekja allt aftur til ársins 1964 en var breytt til núverandi horfs á árunum 1996/1997.

Árlega er leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum og lögaðilum á sviði fjölmiðlunar og menningarmála og sem reka starfsemi er fellur undir skilgreiningar, sem lagðar eru til grundvallar talnasöfnuninni. Heimildir koma ýmist frá sérhæfðum stofnunum,

sem hafa með innsöfnun gagna um viðkomandi svið að gera og sem miðla þeim áfram til Hagstofunnar eða beint frá lögaðilum, fyrirtækjum, samtökum og stofnunum sem Hagstofan safnar árvisst upplýsingum frá. Tímabil miðast við almanaksárið, að frátöldum sýningum og gestafjölda leikhúsa og áhugaleikfélaga, sem miðast við leikárið. Innsöfnun og úrvinnsla gagna fer fram á ýmsum tímum árs. Leitast er við að tölur næstliðins árs liggi fyrir eigi síðar en við árslok árið eftir. Tölur eru birtar eins fljótt og auðið er á vef Hagstofunnar, í Hagtíðindum, Landshögum og í tilfallandi skýrslum.

Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð eru lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (lög nr. 163/2007) og lög um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.

Hagstofan óskar eftir upplýsingum frá fjölmiðlum og menningarstofnunum sem reka starfsemi, sem fellur undir tiltekna skilgreiningar á þessu sviði, eins og hún er skilgreind í lögum, alþjóðlegum flokkunarkerfum og eigin kerfi Hagstofunnar.

44. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið í sambandi við *Samning UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform frá árinu 2005*?

Samningurinn var staðfestur af íslenskum stjórnvöldum 1. maí 2007. Íslensk stjórnvöld hafa um árabíl stutt lista- og menningarstarf á sviði sviðslista, tónlistar, kvikmynda, bókmennta, myndlistar o.s.frv. og með þeim hætti hefur verið stuðlað að fjölbreytni menningarlegra tjáningarforma. Stuðningskerfinu er nánar lýst í svari við spurningu nr. 36 hér að framan. Stuðningskerfið er í stöðugri endurskoðun og er breytt með tilliti til þarfa og pólitískra áherslna. Með þessu kerfi telur Ísland sig geta staðið við ákvæði samningsins og jafnframt með störfum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, ICEIDA, sem styrkir og stendur að margvíslegum verkefnum í nokkrum þróunarríkjum skv. samningum þar að lútandi við viðkomandi ríki.

45. Styðja íslensk stjórnvöld þau markmið, sem sett eru fram í *European Agenda for Culture*?

Já, Ísland hefur tekið þátt í menningaráætlunum ESB síðan 1994. Mörg hundruð íslenskra listamanna og starfsmanna á menningarsviðinu hafa notið góðs af þátttöku í margvíslegum verkefnum og almenn reynsla af því er góð. Þátttakan er á grundvelli EES-samningsins.

46. Hafa íslensk stjórnvöld áhuga á að taka þátt í starfi undir merkjum „Opins samráðs“?

Íslensk stjórnvöld hafa þegar lýst yfir áhuga sínum á að taka þátt í fyrirhuguðu opnu samráði á sviði menningarmála. Íslenskir sérfræðingar hafa verið virkir þátttakendur í opnu samráði á sviði menntamála og reynsla af því er mjög góð. Því miður var Íslandi ekki boðin þátttaka í opnu samráði á sviði menningarmála. Menntamálaráðuneytið sendi erindi, þar sem lýst var yfir áhuga á þátttöku, til menningarmálaráðherra Tékklands, sem gegndi formennsku í ráðherraráðinu á þeim tíma. Bent var á að m.a. væri sérstakur áhugi á þátttöku í jafningjafræðslu og gagnkvæmum skiptum á reynslu af góðum verkefnum um störf listamanna á erlendum vettvangi og að það gæti komið Íslandi að góðum notum.